



Niðurstaðan afgerandi og eyðir óvissu



Bændur þurfa að standa þéttar saman



Gaman að finna kraftinn í samfélaginu

Bændablaðið

5. tölublað 2019 • Fimmtudagur 14. mars • Blað nr. 534 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Hjónin Guðlaug Sigurðardóttir og Jóhannes Eyberg Ragnarsson á Hraunhálsi í Helgafellssveit. Auk þess að reka þar kúabú og stunda sauðfjárbúskap þá varðveita þau sögu sveitarinnar í hjáverkum. – BIs. 28–30 Mynd / HKr.

Mjaltapjónabúum fjölga jafnt og þétt: Mjaltapjónar komnir á 198 íslensk kúabú

Íslenskum kúabúum sem nota mjaltapjóna heldur stöðugt áfram að fjölga. Um áramótin 2017–2018 var fjöldi slíkra búa hér á landi 180, en um nýliðin áramót var fjöldinn kominn í 198 og nam fjölgunin því 10% á einu ári.

Á árinu 2017 fjölgaði mjaltapjónabúunum um 23%. Þótt heldur hafi hægst á þróuninni þá er hún enn umtalsvert meiri en í nágrannalöndum okkar. Á síðasta ári fjölgaði mjaltapjónunum úr 222 í 245, eða um 10,4%. Um



áramótin voru fjórar mismunandi tegundir mjaltapjóna í notkun hérlandis, þ.e. frá Lely, DeLaval, GEA og Fullwood.

Innlögð mjólk frá hverjum mjaltapjóni nam að jafnaði 341 þúsund lítra sem er tvö þúsund lítrum minna en meðalinnlögnin árið 2017. Afar miklu munar á nýtingu mjaltapjónanna á milli búa. Þá var nýtt Íslandsmet sett á síðasta ári í mjólk frá einum mjaltapjóni, sem skilaði 590 þúsund lítrum.

/HKr./SS
– Sjá bls 42–43

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin vill að beitt verði öllum tiltækum úrræðum til að stöðva útbreiðslu ofurbaktería:

Vísindamenn vara við innflutningi á fersku kjöti og ógerilsneyddum ostum

Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um dýrasjúkdóma og matvæli hefur vakið hörð viðbrögð meðal sérfræðinga í sýkla- og veirufræðum sem og hjá bændum.

Bent er á að ef heimilaður verði innflutningur á fersku kjöti og ostum úr ógerilsneyddri mjólk, þá geti það leitt til hraðrar útbreiðslu á fjölgunum bakteríum sem og alvarlegum smitsjúkdómum eins og mæði-visnuveiru. Hún er landlæg í öllum Evrópulöndum og olli gríðarlegum skaða á Íslandi fyrir nokkrum áratugum. Þá þurfti að farga um 650 þúsund fjár.

WHO varar við útbreiðslu fjölgunum baktería

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) leggur nú mikla áherslu á að íbúar heimsins vakni til vitundar um þá miklu hættu sem stafar af aukinni útbreiðslu lyfjaónæmra örvera, m.a. frá búfé. Beitt verði yrtu úrræðum til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu ofurbaktería. Frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem nú er til umfjöllunar, felur í sér breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr.

93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru. Segist ráðherra vera þar að ljúka máli sem rætur á að rekja til ársins 2007. Þá tóku íslensk stjórnvöld ákvörðun um að heimila innflutning á ófrystu kjöti frá öðrum ríkjum EES og afnema þannig skilyrði fyrir innflutningi á tilteknum landbúnaðarafurðum innan EES í því skyni að tryggja stöðu Íslands á innri markaði EES. Þá skuldbindingu staðfesti Alþingi árið 2009 en þrátt fyrir það hafi íslenskum lögum ekki verið breytt til samræmis við þá skuldbindingu.

Verið að bregðast við EFTA-dómi

Í útskýringum með frumvarpsdrögnum segir m.a. að á síðustu tveimur árum hafa bæði EFTA-dómstóllinn og Hæstiréttur Íslands staðfest að íslensk stjórnvöld hafi með þessu brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt EES-samningnum. Þá hafi skaðabótaskylda íslenska ríkisins vegna þessa verið staðfest. Með hliðsjón af því er lagt til með frumvarpi þessu að núverandi leyfisveitingarkerfi verði afnumið.

Vísindamenn vara við

Karl G. Kristinsson, prófessor í

sýklafraði við Læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir við sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, hefur varað við áformum um innflutning á fersku kjöti og öðrum landbúnaðarafurðum. Hann óttast útbreiðslu fjölgunum baktería sem ekki sé hægt að ráða við með sýklalyfjum. Það geti haft hrikalegar afleiðingar fyrir lýðheilsu á Íslandi með stóru auknum kostnaði fyrir heilbrigðiskerfið. Þá geti það líka haft mikil áhrif á heilbrigði dýrastofna í landinu. Í sama streng hafa fjölmargir aðrir vísindamenn tekið, eins og bandaríski prófessorinn Lance Price, sem hér hélt fyrirlestur fyrir skömmu. Þær áhyggjur eru á svipuðum nótum og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sent frá sér að undanfögnu.

Mikil hættu á mæði-visnuveirusýkingum

Valgerður Andrésdóttir, sameindarfræðingur í Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, gagnrýnir frumvarpið harðlega í umsógn á samráðsgátt. Þar segir hún m.a.:

„Ég tel mjög varasamt að leyfa innflutning á hráu kindakjöti og ostum úr ógerilsneyddri

sauðamjólk frá Evrópulöndum, þar sem mæði-visnuveiran er landlæg í öllum Evrópulöndum, á Ítalíu, Spáni og í Frakklandi eru 50–100% hjarða sýktar.

Mæði-visnuveiran barst hingað til lands með innflutningi á fé af Karakúlkyrni frá Þýskalandi árið 1933. Faraldsfræðilegar rannsóknir benda til að af 20 kindum sem fluttar voru inn hafi tvær verið sýktar af mæði-visnuveiru. Þessi veira er af sömu fjölskyldu og HIV-veiran og hegðar sér líkt og því leyti að sjúkdómseinkenni koma ekki fram fyrir en eftir að dýrið hefur gengið með veiruna í mörg ár. Þegar þessara sjúkdóma varð vart hafði veiran því náð að dreifa sér um stórt landsvæði.

Erlend sauðfjárfyrirgjafar eru aðlöguð að þessari veiru, en íslenska féð er mjög næmt, og voru um 30% afföll á hverju ári á bæjum þar sem þessi veiki kom upp og á endanum þurfti að slátra um 650.000 fjár og tók næstum 30 ár áður en tókst að útrýma veirunni. Það er því ljóst að aðeins ein sýkt kind getur valdið ómældu tjóni.

Í tilraunasýkingum á Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum hefur verið sýnt fram á að aðeins þarf eina veiruögn í barka til þess að sýkja. Veiran er í

mjólk, blóði, eitlum og beinmarg. Ef kindur komast í úrgang af hráu kindakjöti eða ógerilsneyddum sauðaosti, t.d. frá veitingastað á landsbyggðinni, má fastlega gera ráð fyrir að fyrir eða síðar muni veira berast í kindur. Eins og áður segir þyrfti ekki nema ein kind að sýkjast til þess að valda miklu tjóni. Þess má geta að við höfum fundið erfðaefni mæði-visnuveiru í frönskum sauðaosti sem keyptur var í búð í Reykjavík.

Staða okkar er ekki sambærileg við aðrar þjóðir að því leyti að íslenska sauðfjárfyrirgjafar eru þessari veiru en nokkur önnur fjárfyrirgjafar,“ segir Valgerður.

WHO biður fólk að velja aðeins ósýkt matvæli

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) tekur í sama streng og fjölmargir læknar m.a. á Íslandi, sem óttast mjög áhrifin á lýðheilsu og vaxtarhvata og þar sem sjúkdómavarnir heilbrigðra dýra eru í lagi.“

/HKr.
– Sjá nánar á bls. 2-4 og 20-21

Framúrskarandi rúlluplast og net

VERÐLISTI

Verð eru án vsk.	Listaverð ef greitt er 15 júní og 15 júlí	400 kr. afsláttur ef keypt er heilt bretti+	300 kr. auka afsláttur af bretti+ ef greitt er 17. apríl	150 kr. hærra verð af bretti+ ef greitt er 15. okt. og 15. nóv.
Svart Siloglass 5 laga	Kr. 9.900	Kr. 9.500	Kr. 9.200	Kr. 9.650
Hvít Supergrass 7 laga	Kr. 10.400	Kr. 10.000	Kr. 9.700	Kr. 10.150
Grænt Supergrass 7 laga	Kr. 10.600	Kr. 10.200	Kr. 9.900	Kr. 10.350
Hvít EcoUltra 7 laga 20% meira á rúllunni	Kr. 11.200	Kr. 10.800	Kr. 10.500	Kr. 10.950
Rúllunet Protector 123 og 130 cm x 3000m	kr. 26.900	1.500 kr. afsláttur af rúllu ef greitt er 17. apríl kr. 25.400		




EcoUltra
20% meira á rúllunni
Frábært verð

Allir sem að panta fyrir 10. maí 2019 fá plastið keyrt heim að dyrum um mánaðarmótin maí/júní.



Svart Siloglass
Lengd: 1500 m
Breidd: 75 cm
Þykkt: 25 u
Stungupróf: 250 gr
Fjöldi rúlla á bretti: 40



Hvít EcoUltra
Lengd: 1800 m
Breidd: 75 cm
Þykkt: 22 u
Stungupróf: 350 gr
Fjöldi rúlla á bretti: 40



Hvít og grænt Supergrass
Lengd: 1500 m
Breidd: 75 cm
Þykkt: 25 u
Stungupróf: 400 gr
Fjöldi rúlla á bretti: 40

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

FIBO baðplötur fyrir baðherbergið!

Vatnsheld lausn fyrir baðherbergi og allsstaðar þar sem vatnságangur er mikill.
Mikið úrval lita og útlitsgerða.
Stærð plötu 60 x 240cm (einnig fánlegar 302cm)

Fibo
Baðplötur



BYGGINGAVÖRUVERSLUN

P. PORGRÍMSSON & CO

Ármúli 29 • 108 Rvk • 512-3360 • korkur.is

FRÉTTIR



FRá aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

Mynd / BSE

Búnaðarsamband Eyjafjarðar:

Vill segja upp tollsamningi milli Íslands og ESB

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar sem haldinn var í liðinni viku í Hlíðarbæ skoraði á stjórnvöld að segja upp tollsamningi um tollkvóta landbúnaðarvara milli Íslands og Evrópusambandsins. Í viðræðum við Breta um tollsamning landbúnaðarvara verði höfð hliðsjón af tollsamningi milli Íslands og Sviss.

Fram kemur í greinargerð með ályktuninni að útganga Bretlands úr ESB skapi algjöran forsendubrest núgildandi samnings. Við gerð þess tollsamnings við ESB sem nú er í gildi voru heimildir til útflutnings auknar og þá sérstaklega á skyri og lambakjöti. Þessar vörur hafi að miklum hluta verið fluttar út til Bretlands en ljóst er að Bretar séu á leið úr ESB sem gerir tollsamninginn ómerknan. Viðsemjandinn sé ekki lengur sá sami eftir brotthvarf Breta úr sambandinu.

Á síðustu árum hefur verið meiri útflutningur á lambakjöti og ostum til Bretlands en allra annarra landa ESB til samans sem gerir það ljóst að um samningsrof er að ræða.

Bæta haga bændu

Aðalfundurinn hvatti í annarri ályktun stjórn til að vinna að því að bæta haga bændu með því að láta bjóða í eða semja við söluaðila rekstrarvöru eða þjónustu til að freista þess að ná betri kjörum. Ályktun af svipuðum toga sem samþykkt var á aðalfundi fyrir ári og snerist um sameiginlegt útbod á rafmagnskaupum skilaði bændum verulegum ávinningi í formi lægra verðs á rafmagni.

Á fundinum var stjórn BSE veitt heimild til að ganga til samninga við stjórn BSSP með það að markmiði að sameina kúasæðingar í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. /MPP

Búnaðarsamband Eyjafjarðar:

Mótmælir hugmyndum um að svipta dýralækna lyfjasöluleyfi

Á aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar var mótmælt harðlega hugmyndum sem koma fram í drögum að frumvarpi til nýrra lyfjalaga sem verið hefur til kynningar í Samráðsgátt stjórnvalda.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að svipta dýralækna leyfi til sölu dýralyfja og að gefa álagningu á dýralyfj frjálsa. Skorar fundurinn á ráðherra heilbrigðismála að fella framangreindar tillögur út úr frumvarpsdrögnum.

Stóraukinn kostnaður fyrir bændur og vegur að velferð dýra

Fram kemur í greinargerð með ályktun um málið að grunnur að árangri í meðferð helstu framleiðslujúkdóma í búfé sé að geta

hafið meðferð svo fljótt sem auðið er.

Til að svo megi verða er grundvallarnauðsyn að dýralæknar geti ávísað þeim lyfjum sem til þarf, þegar í upphafi meðferðar. Víða um land háttar svo til að um langan veg þarf að fara til að komast í lyfjabúð, sem í hinum dreifðu byggðum eru með stuttan opnunartíma. Svipting dýralækna á lyfjaleysi hefur því í för með sér stóraukinn kostnað fyrir bændur, dregur úr líkum á árangursríkri meðferð og vegur að velferð dýra. Þess utan veikir svipting lyfjaleysis rekstrargrundvöll sjálfstætt starfandi dýralækna mjög og er líkleg til að draga úr framboði og úrvali dýralyfja. Niðurfelling á hámarks álagningu dýralyfja mun augljóslega hafa í för með sér stórþækkun á verði þeirra. /MPP

Breytingar í stjórn Bændasamtaka Íslands:

Einar Ófeigur Björnsson er nýr varaformaður

Nokkur uppstokkun hefur orðið á stjórn Bændasamtaka Íslands eftir að Sindri Sigurgeirsson sagði sig frá formennsku í samtökunum.

Samhliða því að Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, Svartárkoti, tók við af Sindra sem formaður Bændasamtaka Íslands, tók Einar Ófeigur Björnsson, Lóni II, við sem varaformaður af Guðrúnu. Auk þess kom Guðrún S. Lárusdóttir, Keldudal, ný inn í aðalstjórnina, en hún var fyrsti varamaður. /VH



Einar Ófeigur Björnsson. Mynd / HKr.



Halldór Runólfsson, fyrrverandi yfirdýralæknir, benti Kristjáni Þór Júlíusssyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á ýmsa varasama þætti sem taka þyrfti tillit til við innleiðingu á reglugerð Evrópusambandsins með tilheyrandi breytingum á lögum um dýrasjúkdóma og matvæli. Lýsti hann sinni sýn á málinu á fundi sem ráðherrann hélt í Þjóðminjasafninu 28. febrúar. Myndir /TB

Ný reglugerð ESB um frjálst flæði á lífrænum íburði og rotmassa:

Stenst ekki lög um varnir gegn dýrasjúkdómum

Í mars 2016 birti Evrópusambandið tillögur að nýrri reglugerð um áburð, sem meðal annars fjalla um að lífrænn áburður geti verið í frjálsu flæði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Lífrænn áburður getur verið molta sem getur innihaldið húsdýraáburð og rotmassa blandaðan húsdýraáburði og jafnvel kjöt- og beinamjöli.

Halldór Runólfsson fyrrverandi yfirdýralæknir hefur sett saman áhættulista um hættu á innflutningi á búfjársjúkdómum til landsins.

„Mest er hættan ef flutt eru til landsins lifandi dýr en það er bannað og ég tel víst að ekki verði hróflað við því. Næst á eftir á áhættulistanum og er í farvatninu er innflutningur á búfjáráburði eða búfjárskit.“

Reglugerð um áburð og sáðvörur

„Ef við bökkum aðeins og horfum til ársins 1994 við upphaf EBS-samningsins þá tók Ísland yfir allar reglugerðir um áburð, fóður og sáðvöru. Undanfarin ár hefur Evrópusambandið verið að undirbúa nýja reglugerð um lífrænan áburð sem verður bætt inn í áburðarreglugerðina.“

Staðan er því sú að þar sem Ísland er búið að innleiða grunnreglugerðina þá verðum við að innleiða þá nýju líka samkvæmt EES-samningnum.“

Hvað er lífrænum áburði?

Eins og gefur að skilja er innihald lífræns áburðar margbreytilegt. Halldór segir að í drögum að nýju reglugerðinni sé lífrænum áburði skipt í ellefu flokka og meðal annars húsdýraáburði og plöntuleifum og í ákveðnum tilfellum kjöt- og beinamjöli. Í öðrum flokkum er svo eingöngu um að ræða plöntuleifar eða moltu.

Lög um dýrasjúkdóma

„Í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim er innflutningur á kjöt- og beinamjöli og lífrænum áburði, svo sem alidýraáburði og rotmassa blönduðum alidýraáburði, óheimill, þar sem með lífrænum áburði geta borist smitefni, sem geta valdið dýra- og plöntusjúkdómum.“

Halldór segir því ljóst að Ísland þarf séraðlögun um að takmarka innflutning lífræns áburðar, til að vernda sérstöðu landsins,



„Í einum af ellefu flokkum lífræns áburðar eru leifar úr gróðurhúsum og ekki gert ráð fyrir að sá massi sé hitameðhöndlaður sem þýðir að í honum geta leynst alls konar bakteríur og vírusar sem geta borist í gróðurhús hér á landi.“

hvað varðar góða stöðu dýra- og plöntusjúkdóma.

„Ég tók saman áhættumat vegna þessa máls fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og skilaði því í mars 2018. Í áhættumatinu er gerð grein fyrir að það geti verið margir dýra- og plöntusjúkdómar, sem flestir finnast ekki hér á landi, sem geta borist til landsins með óheftum innflutningi á lífrænum áburði, sérstaklega ef hann væri ekki framleiddur undir ströngustu skilyrðum um eyðingu smitefna.“

Þar sem of umfangsmikið og tímafrekt var talið að taka alla þessa sjúkdóma til skoðunar, var aðeins gert fullt áhættumat á einum sjúkdómi varðandi hverja af okkar helstu dýrategundum og einum plöntusjúkdómi sem gæti borist í margar plöntutegundir.“

Sjúkdómarnir sem getu borist til landsins

- EHV – 1 eða Herpes veirusmitsjúkdómur í hestum, sem aldrei hefur greinst hér, sem er landlægur í flestum Evrópulöndum og sem Matvælastofnun hefur verið að vara við að gæti borist hingað með fólki og búnaði.
- Garnaveiki af þeirri tegund sem fer fyrst og fremst í nautgripi og hefur aldrei greinst á Íslandi.
- Mæði/Visna veiran, sem veldur mæðiveiki í sauðfé og útrým var hér á landi með gifurlegum tilkostnaði.
- PRRS – sem er veirusmitsjúkdómur í svínunum, sem aldrei hefur greinst hér á landi.

- AEV sem er veirusmitsjúkdómur í hænsnum, sem aldrei hefur greinst hér á landi.

Varðandi plöntusjúkdóma segir Halldór að talið sé að íslenski garðyrkju og skógrækt gæti stafað mikil hættu af sýkingum af völdum sveppa af tegundinni Phytophthora.

Vantar opinbert eftirlit í Evrópusambandinu

„Í nýju reglugerð Evrópusambandsins er gert ráð fyrir að allur lífrænn áburður og rotmassi sé hitaður í ákveðið hitastig, til dæmis 70° á Celsíus, og haldið við það í ákveðinn tíma til að drepa bakteríur, fræ og aðrar lífverur í honum. Allir sem skoðað hafa molugerð vita að það getur verið mjög erfitt að ná upp réttu hitastigi og halda því í öllum massanum í nógu langan tíma til að drepa ákveðnar bakteríur og eyðileggja veirur.“

Áhyggjuefnið er því að ef þessi hiti næst ekki í rotmassa sem er búið að blanda með húsdýraáburði og fleiru munu geta lifað í massanum bakteríur og veirur sem geta valdið dýra- og plöntusjúkdómum hér á landi sé hann fluttur inn.“

Halldór segir að samkvæmt hugmyndafræði nýju reglugerðarinnar séu allar viðmiðunartölur til staðar en hann hafi meiri áhyggjur af eftirliti með framleiðslunni og að erfitt sé að fá opinbera vottun um að hún sé í lagi.

Úrgangur úr gróðurhúsum

„Í einum af ellefu flokkum lífræns áburðar eru leifar úr gróðurhúsum og ekki gert ráð fyrir að sá massi sé hitameðhöndlaður sem þýðir að í honum geta leynst alls konar bakteríur og vírusar sem geta borist í gróðurhús hér á landi. Einnig geta leynst í massanum framandi plöntutegundir sem geta valdið usla í ræktun.“

Þurfum undanþágu frá fimm flokkum

Halldór segir að af þeim ellefu flokkum lífræns áburðar sem er að finna í nýju reglugerð Evrópusambandsins þurfi Ísland að fá undanþágu frá að minnsta kosti fimm.

„Þessir fimm flokkar gætu verið áhættusamir í innflutningi og standast ekki innlendu löggjöfina um varnir gegn dýrasjúkdómum.“

/VH

LÍF

SÁÐVARA

Verðlistinn er kominn út og nú aðgengilegur á lifland.is.
Fagleg ráðgjöf um val á réttu sáðvörinni.
Landsins mesta úrval af sáðvöru.


LÍFLAND
Stofnað 1917

Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

www.lifland.is
lifland@lifland.is

Reykjavík
Lyngháls

Akureyri
Óseyri

Borgarnes
Borgarbraut

Blönduós
Efstubraut

Hvolsvöllur
Ormsvöllur




HÚSASMÍÐJAN

Gluggar og hurðir



FORMA
TRÉ



FORMAPLUS
TRÉ/AL



AURAPLUS
TRÉ/AL



AURA
TRÉ

RATIONEL gluggar og hurðir

Danskir hágæðagluggar og hurðir sem endast!

Allir gluggar Rationel eru vottaðir og slagveðursprófaðir og henta því einstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður.

Gott og vandað gæðahandverk á mjög góðu verði.

Tökum við pöntunum fyrir vorið núna!

rationel
VINDUER OG DØRE, DER HOLDER



Fáðu tilboð hjá
sérfræðingum okkar
í Fagmannaverslun
Húsasmíðjunnar

Í Kjalavogi 12-14 eða hafðu
samband í síma 525 3000
eða tölvupósti gluggar@husa.is





Dreki 13-953 frá Hriflu.

Mynd / Sigurjón Einarsson



Mávur 15-990 frá Mávahlíð.

Mynd / Herdís Leifsdóttir

Dreki og Mávur eru verðlaunahrútar sæðingastöðvanna

Á opnum fagráðsfundi í sauðfjárrækt sem haldinn var í Bændahöllinni föstudaginn 1. mars voru ræktendum þeirra sæðingastöðvahrúta sem skarað hafa fram úr veitt verðlaun. Dreki frá Hriflu (13-953) í Þingeyjarsveit var útnefndur besti reyndi kynbótahrúturinn og Mávur frá Mávahlíð (15-990) í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi var valinn besti lambafaðirinn.

Fyrir Dreka tóku þau Vagn Sigtryggsson og Margrét Snorradóttir á móti verðlaunum, en fyrir Máv þau Herdís Leifsdóttir og Emil Freyr Emilsson.

Sæðingastöðvarnar gefa verðlaunin en faghópur sauðfjárræktar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins velur hrútana út frá árangri þeirra. Það var Eyþór Einarsson, ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sem kynnti skilyrðin sem stuðst var við þegar bestu hrútarar eru valdir og afhenti verðlaunin.

Árni Brynjar Bragason, sem er í faghópnum ásamt Lárusi G. Birgisson og Eyjólf Ingva Bjarnasyni og Eyþóri, fór svo yfir rökstuðninginn fyrir vali hans. /smh



Árni Brynjar fer yfir rökstuðninginn fyrir vali faghópsins á besta lambafaðurnum.

Myndir / smh

Besti lambafaðir sæðingastöðvanna

Valið á Mávi byggir á niðurstöðum úr lambaskoðunum og kjötmati haustið 2018.

„Mávur er sonur Blika 12-001 frá Mávahlíð sem var sonur Gosa 09-850 frá Ytri-Skógum. Móðir hans Dröfn 12-008 var tvílembd gemlingur síðan þrisvar verið þrílembd annars tvílembd og er með 6,9 í afurðaeinkunn. Tíu af fimmtán lömbum hennar hafa verið valin til lífs. Dröfn er dóttir Hróa 07-836 frá Geirmundarstöðum. Mæður foreldra Mávs rekja uppruna sinn að miklu leyti í þá öfluglu hjörð sem verið hefur í Mávahlíð í áratugi. Þar er þó einnig skammt í stöðvahrúta s.s. Abel 00-890 frá Ósabakka, Túla 98-858 frá Leirhöfn og Þrótt 04-991 frá Staðarbakka.

Mávur var fenginn til notkunar á sæðingastöðvunum haustið 2017 að aflokinni afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta á Snæfellsnesi sem fram fór að Gaul í Staðarsveit. Mávur sýndi þar mjög skýra yfirburði sem lambafaðir. Mávur hefur verið tvo vetur í notkun á stöðvunum og bæði árin verið meðal þeirra hrúta sem bændur hafa sótt mikið í að nota.

Afkvæmi Mávs er ákaflega jafnvaxin og sameina afar vel góða gerð, hóflega fitu og ágætan vænleika. Allmörg þeirra hafa erfitt hreinhvíta og kostaríka ull föður síns og hann því einnig öflugur kynbótahrútur hvað ullargæði varðar. Mávur stendur nú í 116 stigum í kynbótamati fyrir gerð og 118 stigum fyrir fitu. Í uppgjöri fjárræktarfélaganna 2018 fær hann 119 í fallþungaekinn fyrir afkvæmi sín.

Mávur er frábær lambafaðir gagnvart öllum helstu eiginleikum sem horft er til við



Páll Stefánsson frá Sauðfjarsæðingastöð Suðurlands, Árni Brynjar Bragason, Herdís Leifsdóttir, Emil Freyr Emilsson og Eyþór Einarsson.

líflambaval og ber með sóma nafnbótina „besti lambafaðirinn“ framleiðsluárið 2018,“ segir í umsögn faghópsins.

Mesti kynbótahrúturinn

Að Dreka standa stærkar ættir sem byggja á hinni öfluglu fjárrækt heima í Hriflu í bland við ýmsa af fremstu kynbótahrútum landsins. Bæði faðir hans og móðurfaðir hafa verið heiðraðir sem úrvalsgripir sæðingastöðvanna en Dreki er sonur Grábotna 06-833 frá Vogum 2 og dóttursonur Borða 08-838 frá Hesti. Þá þarf ekki að rekja ættir hans langt aftur til að finna þá Hyl 01-883 og Svaða 94-998 og má því segja að talsvert „Hestsblóð“ renni um æðar Dreka.

Dreki var valinn til notkunar á sæðingastöð sumarið 2015. Hann fékk strax góðar viðtökur hjá bændum vítt og breitt um landið og hefur ávallt verið í hópi mest notuðu stöðvahrútaanna þá fjóra vetur sem hann hefur þjónað þar. Samkvæmt Fjárvis.is hafa verið skráðar um 4.400 sæddar ær við Dreka. Mögulega getur sá hópur átt eftir að stækka en Dreki er enn við ágæta heilsu.

Afkvæmi Dreka eru jafnan þroskamikil, bollöng með þykkum bakvöðva, góð lærahold og hóflega feit. Hann stendur nú í 110 stigum fyrir gerð samkvæmt BLUP kynbótamati og 115 stigum fyrir fitu. Sem ærfaðir hefur hann reynst ákaflega farsæll. Dæturar eru ríflega í meðallagi frjósamir en styrkleiki þeirra fellst þó öðru fremur í frábærri mjólkurlagni. Fyrir þann eiginleika skartar hann 114 stigum sem er framúrskarandi gott fyrir svo mikið reyndan hrút en matið byggir á uppgjöri fyrir 855 dætur.

Ættbogi Dreka er orðinn gríðarstór. Framleiðsluárið 2018 átti hann um 340 syni í notkun á landinu og er því í hópi þeirra hrúta sem eiga hvað flesta syni í notkun um þessar mundir. Þá hafa tveir synir hans þjónað á stöðvunum, þeir Drangi 15-989 frá Hriflu og Fáfni 16-995 frá Mýrum 2,“ segir í umsögn faghópsins.



Árni Brynjar Bragason, Eyþór Einarsson, Vagn Sigtryggsson, Margrét Snorradóttir og Páll Stefánsson frá Sauðfjarsæðingastöð Suðurlands.

MÆLT AF MUNNI FRAM

221

Varla er annað tækt en að birta annan þátt úr „Bændarímu í Svarfaðardalshreppi“ eftir **Harald Zophoníasson frá Jaðri** við Dalvík. Þó nokkuð sé umliðið frá því þetta var kveðið, er enn í dag að finna ábúendur í dalnum sem eru beinir afkomendur þeirra ábúenda sem ríman var ort til. Vísur þessa þáttar eru ortar undir öðrum hætti en fyrri þátturinn, því nú er ort undir ferskeyttum hætti:

*Fyrsta þá í þulu brags
Þverá góða nefni.
Býr í skjóli heillahags
Helgi þar við efni.*

*Hagur vel, með góðlátt geð
geira- skemmtir höðum,
Sveinbjörn blóma bestum með
býr á Hreiðarsstöðum.*

*Á æskuskeiði Ingimar
ötull, lund með glaða,
byggir kátur, keppinn, snar,
kotíð-Hreiðarsstaða.*

*Næstan Ármann nefna má,
nýtum gæddan burðum.
Heldur bjóður seima sá
sæmdarþú á Urðum.*

*Vel er látinn lýðum hjá
lundur plátu glaður;
situr státinn Auðnum á
Ágúst, kátsinnaður.*

*Vinnuiddinn, hugarhreinn,
hatar stýggð og reiði,
góður smiður, glaður Sveinn
gætir bús á Skeiði.*

*Rögnvaldur með ráðin snör
rétt að mörgu hyggir.
Smár að vexti vopnabör
vel í Dæli byggir.*

*Unir Vigfús amafri
-orð fer gott af halnum-
frjáls á Þverá frammi í
fagra Skíðadalnum.*

*Ei skal grenna óðarþátt,
orðin renna hröð af munni,
breyti ég enn um bragarhátt
byrja senn á nýhendunni.*

*Árni ósjúkur, sinnisrór,
svalt þó fjúki lífsins veður.
Býr á Hnjúki baugaþór
blíðri duka eyju meður.*

*Í Hofsrákkoti hringagrér,
heiðursdregur, sannur, valinn,
stilltur vel og sterkur er
Stefán fyrir búi talinn.*

*Öruggt heldur, hugprúður
á Hofsa- rétt við iðu strauma
-þróttarefldur Þorleifur
þrekinn bús um stjórntauma.*

*Dýrrar sæmdar klæddur kjól
Kristján gleður landsins mengi.
Hann á þróttum Brautarhól
búið hefur vel og lengi.*

*Íðinn, lengi yrkir frón,
auðugur af þjóðarlofi,
góður drengur, glaður Jón
Gíslasonur, býr á Hofi.*

*Hánefsstaða húsbóndinn
heitir Pétur-greininir бага-
Vel hann stýður velgengnin.
Verði svo um alla daga.*

*Á Sökku stundar sæmdarþú,
-sýnu að hlúir móðurfróni-
Gunnlaugur með góðri frú.
Gæfan holl þeim báðum þjóni.*


*Hlíðum fjalla háum nær,
heimsins fjarri tízku-glamri,
bú sitt stundað stilltur fær
sterkur Gunnlaugur á Hamri.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Atkvæðagreiðsla um breytingar á sauðfjársamningi



Sauðfjárbændur samþykktu nýverið breytingarnar á samningnum sínum við ríkið með 68,12% greiddra atkvæða.

Kosið um breyttan sauðfjársamning við ríkið:

Niðurstaðan afgerandi og eyðir óvissu

— segir Oddný Steina Valsdóttir, fráfarandi formaður

Sauðfjárbændur samþykktu nýverið breytingarnar á samningnum sínum við ríkið með 68,12% greiddra atkvæða. Alls voru 2.297 á kjörskrá en atkvæði greiddu 1.035, eða 45%, 705 aðilar samþykktu en 313 höfnuðu samkomulaginu. 17 tóku ekki afstöðu.

Oddný Steina Valsdóttir, fyrrverandi formaður Landsambands sauðfjárbænda, segir gott að samningnum sé lokið og jákvætt að niðurstaðan hafi verið afgerandi og þeirri óvissu eytt og nú sé hægt að fara að vinna eftir niðurstöðunni. „Í samningnum eru ýmis atriði sem skipta okkur máli inn í framtíðina eins og liðurinn um framleiðslufávægi. Ef við notum ákvæðið rétt getur það komið í veg fyrir krappar markaðsýfur eða að minnsta kosti dregið úr þeim og haldið meira jafnvægi í afkomu sauðfjárbænda og tryggt rekstraröryggi þeirra til framtíðar.“



Oddný Steina Valsdóttir, fráfarandi formaður Landsambands sauðfjárbænda.

Mynd / HKr.

að afurðageiranum þrátt fyrir að það séverði að vinna í því máli áfram.

Að mínu mati verða afurðastöðvarnar að fara á undan í því máli og horfa betur til þess hvernig má hagræða frekar á þeim vígstöðvum því afurðakerfið er sá hluti sem er óhagkvæmastur í framleiðsluferlinu í dag.“

Byggja þarf upp samkeppnishæfni afurðastöðvanna

„Bændur hafa lengi verið samkeppnishæfir gagnvart heimsmarkaðsverði. Afurðastöðvarnar hér á landi eru mjög lítil fyrirtæki sem núna standa frammi fyrir samkeppni við mjög stór erlend fyrirtæki sem búa við allt aðrar aðstæður en eru hér á landi.“

Stjórnvöld verða því að koma til móts við og bæta þann jarðveg sem afurðastöðvarnar búa við á sama tíma og stöðvarnar byggja upp sína samkeppnishæfni sem að mínu mati byggir á gæðum og sérstöðu íslenskra landbúnaðarvara,“ segir Oddný Steina Valsdóttir, fráfarandi formaður Landsambands sauðfjárbænda. /VH

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar: Skólamötuneyti noti íslenskt hráefni

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar sem haldinn var í Hlíðarbæ nýverið skoraði á allar bæjar- og sveitarstjórnir í Eyjafirði að beita sér fyrir að mötuneyti grunn- og leikskóla á þeirra vegum noti sem mest af íslensku hráefni.

Í greinargerð með áskorun BSE segir að eðlilegt sé að sveitarfélög setji sér þá stefnu að nota sem mest af íslensku hráefni í skólamötuneytum. Þannig fái nemendurnir hollan mat og um leið sé hægt að auka vitund þeirra á íslensku framleiðslu og gildi hennar fyrir samfélagið, hollu

mataræði og síðast en ekki síst umhverfismálum. Matur úr heima-héraði/landi sem ræktaður er með heilnæmum hætti, án allra hormóna og eitrefna, fer mun betur með umhverfið, svo ekki sé talað um fótsporid sem flutningurinn skilur eftir sig á innfluttum matvælum.

„Við Eyjafjörð er mjög öflugur landbúnaður sem og sjávarútvegur og því ætti þetta að vera keppikefli og það eflir um leið samfélagið að matarinnkaup séu sem mest úr heimahéraði,“ segir í áskorun BSE til bæjar- og sveitarstjórna í Eyjafirði. /MPÞ

Afkoma landbúnaðarins 2016-2018 Á verðlagi hvers árs, millj.kr.

	2016	2017	2018*	% breyting milli 2017 og 2018
Virði afurða nytjaplönturæktar	16.121	16.691	16.282	-2,5
Þ.a. vörutengdir styrkir og skattar af nytjaplönturækt	118	604	651	7,8
Virði afurða búfjárræktar	42.538	42.039	42.241	0,5
Þ.a. vörutengdir styrkir og skattar af búfjárrækt	10.574	11.598	11.734	1,2
Tekjur af landbúnaðarþjónustu	334	293	303	3,4
Tekjur af óaðskiljanlegri aukastarfsemi	4.084	3.749	3.855	2,8
Heildarframleiðsluvirði	63.077	62.772	62.680	-0,1
Kostnaður við aðfanganotkun	40.674	40.342	40.604	0,6
Vergt vinnsluvirði	22.403	22.430	22.076	-1,6
Afskriftir fastafjármuna	5.554	6.275	6.275	0
Hreint vinnsluvirði	16.849	16.154	15.801	-2,2
Aðrir framleiðslustyrkir	186	205	189	-7,8
Aðrir framleiðsluskattar	0	0	0	..
Þáttatekjur	17.035	16.359	15.989	-2,3
Launakostnaður	6.186	6.511	6.661	2,3
Rekstrarhagnaður/einyrkjatekjur	10.849	9.848	9.328	-5,3
Leiga og önnur leigugjöld af fasteignum sem ber að greiða	235	169
Fjármagnsgjöld	4.469	4.303
Fjáreignatekjur	184	198
*Áætlað				


Tafla / Hagstofa Íslands

Framleiðsluvirði landbúnaðarins helst nær óbreytt milli ára

Hagstofa Íslands hefur gefið út tölur um afkomu landbúnaðarins fyrir síðasta ár og borið saman við síðustu tvö ár þar á undan. Um áætlaðar tölur er að ræða. Heildarframleiðsluvirði greina landbúnaðarins stendur í stað á milli árána 2017 og 2018, áætlað er að það hafi lækkað um 0,1 prósent.

Framleiðsluvirði landbúnaðarins er samkvæmt áætluninni 62,7 milljarðar á grunnverði á síðasta ári, að meðtöldum vörustyrkjum en frátöldum vörusköttum. Lækkunin segir Hagstofan að rekja megi til 3,3 prósentu minna framleiðsluááms og 3,3 prósentu verðhækkunar miðað við árið á undan.

Virði afurða búfjárræktar hækkaði örlítið á síðasta ári og er áætlað 42,2 milljarðar króna, þar



Virði afurða búfjárræktar hækkaði örlítið á síðasta ári og er áætlað 42,2 milljarðar króna.

Mynd / smh

af vörutengdir styrkir og skattar um 11,7 milljarðar króna. Virði afurða nytjaplönturæktar lækkar hins vegar lítillega samkvæmt áætluninni og er 16,3 milljarðar, þar af vörutengdir styrkir og skattar 651 milljón króna. Aðfanganotkun landbúnaðarins í heild er áætluð 40,6 milljarðar árið 2018 sem

þýðir aukningu um 0,6 prósent frá fyrra ári. Breytingu á notkun aðfanga má rekja til 5,7 prósentu magnlækkunar og 6,8 prósentu hækkingu á verði.

Ítarlega talnaefni um fjárhagslega afkomu landbúnaðarins má finna á vef Hagstofu Íslands, undir talnaefni. /smh

Erfitt að selja íslenskar heyrúllur

Nærri helmingur af heyinu sem sent var frá Íslandi til Noregs í haust er enn óselgt og hafa innflutningsaðilar í Noregi áhyggjur af stöðu mála.

Vegna mikilla þurrka síðasta sumar í Noregi, sem leiddi til fódurkrísu þar á landi, var ákveðið að flytja inn hey frá Íslandi til bænda í Suður-Noregi. Samvinnufélög bænda þar á landi, Tine, Felleskjøpet Agri og Nortura, fluttu inn 30 þúsund heyrúllur með gróffóðri frá Íslandi en nú þurfa félögin að bregðast við heldur minni sölu en áætlað var. Um 13 þúsund heyrúllur liggja nú enn óselddar við hafnarsvæði í Mæri- og Raumsdal.

Heyið sagt gott að gæðum

Svæðisstjóri Felleskjøpet Agri í Mæri- og Raumsdal segir að ákveðið hafi verið að kaupa heyið af öruggu svæði og sem hefur álfkt dýraheilbrigði og í Noregi. Undanfarnar vikur hafi selst töluvert af heyinu sem sé gott að gæðum.

Á samfélagsmiðlum hafa margir látið gamminn geisa og hafði einn hestaeigandi á orði í innleggi á dögnum:

„Það er ótrúlega sorglegt að heyið hafi ekki komist til þeirra sem þurfa mest á því að halda. Þetta hjálpar lítið fyrir bændur í Norður- og Suður-Noregi þegar fóðrið liggur við höfn á vesturlandinu.“

Hestaeigandinn hefur þá skoðun að verði á fóðrinu sé aðalastæða dræmrar sölu því það sé töluvert dýrara en að kaupa það beint af bændum á Íslandi.



Við höfnina á Vestnes í Mæri- og Raumsdal liggja nú um 13 þúsund óselddar gróffóðursheyrúllur frá Íslandi en salan hefur verið dræmari en menn áætluðu í fyrstu.

Mynd / Felleskjøpet Agri

Rúllan á 24.200 krónur til bænda í Noregi

Verðið á heyrúllu afhent við höfn á

Íslandi var 12.600 krónur íslenskar en Felleskjøpet Agri selur rúlluna til bænda í Noregi á 24.220 krónur íslenskar. /Bondebladet - ehg

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar:

Gunnhildur Gyolfadóttir endurkjörin formaður

Rekstur Búnaðarsambands Eyjafjarðar er í ágætis jafnvægi, niðurstaða ársreiknings fyrir árið 2018 er jákvæð um 1,8 milljónir króna eftir að reiknuð hafði verið jákvæð skattaleg tekjufærsla vegna endurmats eigna. Þetta kom fram á aðalfundi BSE sem haldinn var í Hlíðarbæ í liðinni viku.

Stjórn félagsins er óbreytt og Gunnhildur Gyolfadóttir, Steindyrum var endurkosin sem formaður. Guðmundur Bjarnason, Svalbarði, sem hefur verið búnaðarþingsfulltrúi í áratug, gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var Hermann Ingi Gunnarsson í Klauf kosinn í hans stað.



Gunnhildur Gyolfadóttir, Steindyrum var endurkjörin sem formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

Erindi á fundinum héldu Einar Ófeigur Björnsson, stjórnarmaður BÍ, Jóna Björg Hlökkversdóttir og Baldur H. Benjamínsson, sem voru með kynningu á störfum nefndar skipaðri af BÍ um endurskoðun félagskerfis landbúnaðarins.

Einar Ófeigur fór yfir það sem hefur verið efst á baugi hjá sam-tökunum. Þar má nefna vinnu við samninga við ríkið sem verið er að endurskoða þessa dagana, baráttu um að standa vörð um búfjár- og lýðheilsu vegna fyrirhugaðs afnáms frystiskyldu ásamt fleiru. Einnig kom fram hjá Einari að fjárhagur BÍ er þungur, m.a. vegna þess að það vantar nokkuð upp á að bænda séu allir að standa undir hagsmunabaráttunni með félagsaðild að BÍ.

Jóna Björg og Baldur Helgi greindu frá að við vinnu fjármála-

Aðgerðaráætlun til að minnka plastnotkun

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar beindi því til Bændasamtaka Íslands að á vettvangi samtakanna verði unnin aðgerðaráætlun sem hafi að markmiði að draga verulega úr plastnotkun í landbúnaði á Íslandi.

Fram kemur í ályktun frá fundinum á liðnu ári, 2018 hafi verið flutt inn tæplega 1.700 tonn af rúllplast, sem er uppistaðan í plastnotkun landbúnaðarins. Til samanburðar voru á síðasta ári flutt inn rúmlega 180 tonn af einnota burðarpökum, sem mikil áhersla er lögð á að hætta notkun á. Ýmis afurðasölufélög landbúnaðarins hafa einnig gert breytingar á umbúðum til að draga úr plastnotkun. Á skömmum tíma hefur umræða um umhverfismál um allan heim snúist mjög öndverð gegn plasti sem einni mestu umhverfisvá samfélagsins. Því er mikilvægt að samtök bænda marki skýra stefnu um að draga verulega úr notkun þess og kanni hvaða leiðir séu vænlegastar í því efni. /MPÞ

nefndarinnar væri í upphafi verið að skoða hvernig danskur landbúnaður byggir upp sitt félagskerfi, en þar eiga afurðastöðvar og fleiri hagsmunaaðilar aðild að heildarsamtökunum gegn ákveðinni greiðslu.

Á fundinum voru lagðar fram og samþykktar 10 tillögur auk fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. /MPÞ

Búnaðarsamband Eyjafjarðar:

Fjármunum til kolefnisbindingar verði fundinn farvegur í rammisamningi um landbúnað

Á aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar, sem haldinn var í liðinni viku, var því beint til samningsaðila rammisamnings um landbúnað, að fjármunum til átaks í kolefnisbindingu verði fundinn farvegur í framan-greindum samningi.

Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum var kynnt í september síðastliðnum og í henni kemur fram að í fjármálaáætlun

2019-2023 hafi verið tryggðir 6,8 milljarðar króna sem verði varið til aðgerða í þágu loftslagsmála. Aðgerðaráætlunin skiptist í fjóra kafla: orkuskipti í vegasamgöngum, orkuskipti í öðrum geirum en vegasamgöngum, átak í kolefnisbindingu og bættari landnotkun og aðrar aðgerðir.

Átak í kolefnisbindingu snýr nær alfarið að landbúnaði; skógrækt, landgræðsla og

endurheimt votlendis. Aðrar aðgerðir til að draga úr losun snerta landbúnaðinn einnig í gegnum minni notkun á tilbúnum áburði og bætta nýtingu búfjáraþurðar. Skilvirkasta meðferð fjármuna til þessara verkefna er að þeim verði alfarið fundinn farvegur í gegnum rammisamning um landbúnað við endurskoðun hans sem fara skal fram á yfirstandandi ári, skv. 20. gr. samningsins. /MPÞ

MEIRIHÁTTAR MARS Í FÓÐURBLÖNDUNNI

ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR



LIFELINE

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR



STEINAR & STAMPAR
ALLIR STAMPAR OG SALT-
STEINAR SEM VIÐ BJÓÐUM
UPP Á ERU Á TILBOÐI HJÁ
OKKUR

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR



HNOKKI OG ÞOKKI

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

ALL MIN STEINEFNABLANDA
STALDREN OG SAG 18 KG

ÚTSALA
15%
AFSLÁTTUR



LÝSI OG KETOGLYK

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR



HUNDA OG KATTAMATUR

EINNIG VERÐA AFSLÆTTIR Á
EFTIRTÖLDUM VÖRUM:

20%
AFSLÁTTUR

JÚGURSMYRSL
JÚGURSMYRSL M.
JÓÐI

35%

HALAMID
SÓTTREINSIDUFT

NÝTT

10%
AFSLÁTTUR

MILLJÓNABLANDA
SAUÐFJÁRBLANDA

Tilboðið gildir út 29.mars 2019

ÖLL TILBOÐ GILDA EINNIG Í VEFVERSLUN

www.fodur.is

FB Reykjavík
Körngarðar 12
5709800

FB Selfoss
Austurvegur 64a
5709840

FB Hella
Suðurlandsvegur 4
5709870

FB Hvolsvöllur
Ormsvöllur 2
5709850

FB
FÓÐURBLANDAN

FRÉTTIR

Ársfundur Bændasamtakanna haldinn á föstudag: Sérstaða íslensks landbúnaðar í brennidepli

„Hver er sérstaða íslensks landbúnaðar?“ er yfirskrift opinna ráðstefnu sem haldin verður í kjölfar ársfundar Bændasamtakanna á Hótel Örki í Hveragerði, föstudaginn 15. mars milli klukkan 13 og 16. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðgjafi Íslands, mun ávarpa ráðstefnuna og um kvöldið verður Bændahátíð á Örkinni.

Á ráðstefnunni mun Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við Háskóla Íslands og yfirlæknir á Landspítalanum, ræða um einstaka stöðu íslensks landbúnaðar er varðar smitsjúkdóma og sýklalyfjaáæmi. Á eftir honum kemur Eiríkur Már Guðleifsson, viðskiptastjóri á auglýsingastofunni Hvíta húsinu, sem fjallar um það hvernig talað er um lýðheilsu og matvælaframleiðslu.

Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður VOR, félags framleiðenda í lífrænum búskap, fjallar um hvert lífræn framleiðsla er að stefna en á eftir henni koma þrjú bændur og segja frá nýsköpun sem gengur út að markaðssetja sérstöðu okkar. Það eru þau Örn Karlsson, bóndi á Sandhóli, sem framleiðir meðal annars repjuólú og hafra og Hulda Brynjólfssdóttir, bóndi og eigandi smáspunaverksmiðjunnar Uppspuna. Í lokin mun Oddný Anna Björnsdóttir, ráðgjafi og bóndi í Gautavík, segja frá hvernig hefur gengið að selja búvörur beint til neytenda undir merkjum REKO.

Ársfundur 2019

Tímarit Bændablaðsins

Samhliða ársfundi BÍ gefa samtökin út Tímarit Bændablaðsins. Því er dreift til allra bænda í landinu og annarra áskrifenda í 8 þúsund eintökum. Í ritinu er fjallað um fjölbreytt mál sem tengjast landbúnaði, viðtöl, kynningar og annað efni.

Bændahátíð um kvöldið

Um kvöldið verður haldin bændahátíð þar sem íslenskar búvörur verða í öndvegi og dansað fram á nótt. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins og heimamaður í Hveragerði, stýrir veislunni en meðal skemmtikrafta eru Sólmundur Hólm og Hjörtur Benediktsson. Feðginin Dagný Halla Björnsdóttir og Björn Þórarinnsson taka lagið og hljómsveitin Allt í einu leikur fyrir dansi. Hátíðin hefst kl. 20.00 en þeir sem eiga eftir að útvega sér miða eru beðnir að hafa hraðar hendur og skrá sig á vefsíðunni bondi.is eða hringja í síma 563-0300. /TB

80 ára afmæli garðyrkjumenntunar fagnað á Reykjum sumardaginn fyrsta

Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ólfusi eins og hann hét þá var stofnaður á sumardaginn 1939. Á sumardaginn fyrsta, 25. apríl 2019, verða því 80 ár liðin frá því að garðyrkjumenntun hófst formlega í landinu.

Í dag er Garðyrkjuskólinn hluti af Landbúnaðarháskóla Íslands. Starfsmannafélag Garðyrkjuskólans ætlar að blása í herlúðra á opnum degi í skólanum sumardaginn fyrsta. „Við segjum að þetta sé þjóðhátíðardagur garðyrkjunnar því það koma nánast allir sem tengjast garðyrkju á einn eða annan hátt í heimsókn til okkar sumardaginn fyrsta, hvort sem það er 80 ára afmæli eða ekki.

Sumardagurinn fyrsti í ár verður auðvitað sérstaklega hátíðlegur núna út af afmælinu, forseti Íslands hefur t.d. boðið komu sína með alla fjölskylduna og svo eigum við von á einhverjum ráðherrum og fleira og fleira af góðu fólki,“ segir Guðrún Helgadóttir, staðarhaldari á Reykjum. Miklar framkvæmdir standa fyrir dyrum í Garðyrkjuskólanum í sumar því það á að endurbyggja garðskálann, sem er hjarta skólans. Þegar þeim framkvæmdum verður lokið í haust stendur til að boða til afmælisráðstefnu og meiri hátíðarhald. Í dag eru um 60 nemendur í Garðyrkjuskólanum, hluti í fjarnámi. /MHH

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar: Herða þarf varnir vegna afnáms frystiskyldu á innflutt kjöt

„Hægt er að fara ótal leiðir til að setja upp hindranir sem tryggja lýðheilsu og búfjarheilbrigði. Til dæmis með sölubanni á landbúnaðarvörum sem framleiddar eru við lakari aðbúnað en íslensk framleiðsla býr við,“ segir í greinargerð með ályktun sem samþykkt var á aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar sem haldinn var í Hlíðarþæ í liðinni viku.

Fundurinn skoraði á landbúnaðarráðgjafa og ríkisstjórn Íslands að herða enn frekar þær varnir sem Ísland mun beita vegna fyrirhugaðs afnáms frystiskyldu á innflutt kjöt.

Tollaftirlit og tollvernd verður að herða til muna og eðlilegt að við tökum það föstum tökum eins og önnur eyllönd með góða sjúkdómastöðu, segir í ályktun BSE.

Skýrt verði kveðið á um að aðbúnaður dýra og kröfur um sláturhús og kjötvinnslur ásamt sýnatökum verði ekki minni en hér á landi.

„Mikilvægt er að farið verði af fullum þunga í þær aðgerðir sem tilgreindar eru í 12 liðum í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með föðri, áburði og sáðvöru,“ segir enn fremur. Einnig að unnið verði eftir skýrslu starfshóps um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaáæmra baktería á Íslandi.

Matvælastofnun verði tryggt nægt fjármagn til að sinna öllu því aukna eftirliti sem innflutningur á landbúnaðarafurðum kallar á og almenningur á rétt á.

Samkvæmt nýjum tölum frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu og Sóttvarnarstofnun Evrópu kemur fram að auknið sýklalyfjaáæmi mælist í bakteríum sem smitast á milli manna og dýra eins og salmonella og campylobacter. /MPÞ



Óli Þór Hilmarsson og Eypör Einarsson kynna bæklinginn á fagfundi sauðfjárræktarinnar.

Mynd / smh

Frá fjalli að gæðamatvöru – um meðferð sláturlamba og lambakjöts:

Bæklingur sem stuðlar að betri lambakjötsafurðum

Á opnum fagfundi sauðfjárræktarinnar í Bændahöllinni þann 1. mars kynntu þeir Eypör Einarsson, ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, og Óli Þór Hilmarsson frá Mátis, nýjan fræðslubækling um meðferð sláturlamba og lambakjöts. Tilgangurinn með útgáfunni var að taka saman atriði sem teljast til góðra framleiðsluhatta lambakjötsafurða; frá búi að sláturhúsi og í verslanir.

Bæklingurinn er hugsaður fyrst og fremst fyrir bændur, en ætti að vera mjög gagnlegur neytendum líka og þeim sem koma að vinnslu og sölu lambakjöts. Óli Þór sagði við kynningu á bæklingnum á fagfundinum að bæklingurinn þyrfti að vera gagn sem gæti hjálpað fagfólki, sem kemur að þessum málum úr mismunandi áttum, að eiga betri samskipti sín á milli.



Forsíða bæklingins.

Kemur í kjölfar umræðu í fagráðinu

Eypör segir að tilurð bæklingins sé framhald af umræðu sem hefur verið í gangi í fagráði í sauðfjárrækt. „Við höfum viljað leggja áherslu á að standa vörð um kjötgæði í víðum skilningi og fagráð hefur ýtt af stað verkefnum í samstarfi við Mátis sem ganga út á að fylgjast með stöðu mála er varða bragðgæði, bæði í tengslum við kynbætur og meðferð.

Óli Þór hjá Mátis hefur komið að mörgum svona verkefnum og hann átti í raun hugmynd að því að við tækjum saman fróðleik um góða framleiðsluhætti og kæmum því í aðgengilegt form. Hér förum við því yfir ferilinn frá því lambið kemur að fara í verslanir. Markmiðið er að leggja áherslu á góða framleiðsluhætti sem stuðla að því að hámarka gæðin. Það er mikilvægt að allir sem koma að þessari framleiðslu hafi sem bestan skilning á öllu ferlinu því það þurfa allir að leggja sitt af mörkum ef endaufurðin á að vera úrvalsvara, sem lambakjötið er jú að upplagi.“

Bæklinginn má nálgast hjá þeim Óla Þóri hjá Mátis, Eypóri hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Únnsteini Snorra Snorrasoni, framkvæmdastjóra Landssamtaka sauðfjárbænda. /smh

Mat á fitustigi

Fitustig lamba má meta með átaki á síðu á svipuðum stað og fita er mæld á skrokkum í sláturhúsi (við næstafasta rif, u.þ.b. 11 sm frá miðlinu hryggjar). Flokkarnir vta í fituflokkna samkvæmt EUROPEP kjötmatskerfinu.

Stigunarkvarði við mat á fitustigi lamba

Flokkur	Lýsing
1	Ritbein lítt og lítt af fitu. Ritbein lítt og lítt af fitu. Ritbein lítt og lítt af fitu.
2	Ritbein lítt og lítt af fitu. Ritbein lítt og lítt af fitu. Ritbein lítt og lítt af fitu.
3	Ritbein lítt og lítt af fitu. Ritbein lítt og lítt af fitu. Ritbein lítt og lítt af fitu.
3+	Ritbein lítt og lítt af fitu. Ritbein lítt og lítt af fitu. Ritbein lítt og lítt af fitu.
4	Ritbein lítt og lítt af fitu. Ritbein lítt og lítt af fitu. Ritbein lítt og lítt af fitu.
5	Ritbein lítt og lítt af fitu. Ritbein lítt og lítt af fitu. Ritbein lítt og lítt af fitu.

Flokkun lamba að hausti. Æskilegt er að fara strax í gegnum lambahöpin þegar hann kemur heim að hausti og flokka lömbin m.t.t. hvaða lömb séu sláturhæf, hver þurfi á lengri eða skemmi bótun að haldi og hver komi til greina sem ásetninglömb. Hér er miðað við að kjötprosentu sé 42% en það hlutfall fer m.a. eftir holdfyllingu og fitustigi lambsins og því er lyklatríði að vigta og þukla lömbin.

Látt lamb	Miðlungs vænt lamb	Vænt lamb
Líklegur fallþungi 13 gudu ramma. Líklegt vænt til slátrunar.	Líklegur fallþungi 14 til 16 kg. Líkur á að lambið sé nægilega holdfyllt til að flokkast í fituflokk 2 og holdfyllingaflokk R eða herra.	Líklegur fallþungi 17 kg eða meira. Lambið ætti að vera tilbúið til slátrunar m.t.t. fitu og holdfyllingar. Ávinningur af bótun ekki öryggur og gæti verið neikvæður ef lambið fitnar af mikli.

Farið yfir mat á fitustigi og flokkun lamba að hausti. Fitustig lamba má meta með átaki á síðu. Við flokkun lamba að hausti er æskilegt að bændur fari í gegnum lambahöpin þegar hann kemur heim og flokki lömbin.

Er kominn tími til að skipta um glugga og hurðir?



NETVERÐ
35%
LÆGRA EN BÚÐARVERÐ



CE-merkt
10 ára ábyrgð
Slagveðursprófun
Sérsmíðað eftir þínum þörfum
Verðvernd - við bjóðum besta verðið

Fiskislóð 31E | 101 Reykjavík | S: 558 8400 | Skanva.is
Sýningarsalur Skanva er opin alla föstu- og mánudaga frá kl. 9-16

 **Skanva.is**

can-am



**TÆKI SEM ÞÚ
GETUR TREYST Á**



**OUTLANDER
650 FB 6X6**
VERÐ ÁN VSK
2.250.000.KR

VERÐ MED VSK
2.790.000.KR

**OUTLANDER
450L 6X6**

VERÐ ÁN VSK
1.605.000.KR

VERÐ MED VSK
1.990.000.KR

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / Síðan 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS

FRÉTTIR

Orlofsvefur Bændasamtakanna: Allar bókanir á vefnum

Orlofsvefur Bændasamtakanna <http://www.orlof.is/bondi/> var opnaður nú um miðjan febrúar og er hann aðgengilegur á heimasíðu samtakanna. Markmiðið með honum er að auka aðgengi félagsmanna að orlofsíbúð samtakanna og jafnframt að stuðla að góðri nýtingu hennar.

Framvegis fara allar bókanir og greiðslur á orlofshúsum fram í gegnum orlofsvefinn. Þar er nú opið fyrir bókanir á íbúð samtakanna í Þorrasölum 13–15 í Kópavogi, til ársloka 2019. Íbúðin er aðeins ætluð félagsmönnum Bændasamtaka Íslands og er lágmarks útleiga núna tvær nætur eða heil helgi. Vakinn er athygli á því að orlofshúsin á Hólum sem hafa verið í útleigu og voru í eigu samtakanna hafa nú verið seld. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um kaup á öðrum í þeirra stað.

Allir félagar í Bændasamtökum eru nú aðilar að sérstöku miðakerfi í gegnum orlofsvefinn sem gefur meðal annars tækifæri til að nýta ódýra gistingu.

Til að auka framboðið var gerður samningur við tvær hótélkeðjur, Icelandair Hótel og Íslandshótel, á góðum kjörum á gistingu um allt land.

Áfram er í gildi eins og verið hefur samningur við Hótel Sögu um bændaafslátt á gistingu og er félagsmönnum bent á að hafa samband við bókunardeild hótelsins til að bóka gistingu þar.

Á orlofsvefnum er jafnframt í boði að tryggja sér veiðikortið á hagstæðu verði og útilegukortið verður í boði til félagsmanna á kr. 15.900 á árinu 2019.

Útilegukortið veitir tveim full-



orðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortisins í allt að 28 gistinguætur á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistinguáttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfelld í hvert skipti. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.

Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér vefinn og nýta það sem þar er í boði, en unnið er að því að afla frekari afsláttarkjara fyrir félagsmenn, sem munu þá bætast við það sem þegar er komið. Allar góðar ábendingar um óskir félagsmanna í þessum efnum eru vel þegnar. Þeim sem vilja fá frekar upplýsingar er bent á að hafa samband við skrifstofu samtakanna í síma 563-0300.

Votviðrasamt sumar í fyrra virðist sýna sig í tölum Hagstofu Íslands: Kartöfluuppskeran á síðasta ári var sú lélegasta síðan 2013

– Þriðja minnsta uppskeran síðan 1977 og vel undir meðaltali síðustu 42 ára

Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands varð verulegur samdráttur í framleiðslu á útiræktuðu grænmeti á Íslandi á síðasta ári. Var kartöfluuppskeran m.a. sú minnsta síðan 2013. Virðist sá samdráttur vera að nokkru í takt við óvenju votviðrasamt tíðarfar.

Á síðasta ári fengust 6.020 tonn af kartöflum upp úr gördum íslenskra bænda. Í kartöfluæktinni hafa einungis þrjú ár frá 1977 verið með minni uppskeru. Það var 2013 þegar uppskeran var 6.000 tonn, árið 1993 þegar uppskeran var 3.913 tonn og 1983, en þá var uppskeran aðeins 3.561 tonn.

Talsvert undir 41 árs meðaltali

Á síðustu 42 árum, eða frá 1977, hafa verið framleidd til sölu á Íslandi 433.306 tonn af kartöflum, eða 10.317 tonn að meðaltali á ári. Hefur kartöfluframleiðslan aldrei



Votviðrasamt sumar 2018 gerði kartöfluþændum sunnanlands og vestan erfitt fyrir og uppskeran var mun rýrari en ella. Mynd / Bbl.

náð því meðaltali eftir 2010 þegar framleiðslan var 12.460 tonn.

Mest framleiðsla 1994

Mest var kartöfluframleiðslan á þessu tímabili 1994, eða 19.459

tonn í kjölfar mikils hrunárs í framleiðslunni þegar framleiðslan fór eins og áður sagði í 3.561 tonn. Árið þar á undan, eða 1992, var framleiðslan 14.300 tonn svo dýfan fyrir framleiðendur var gríðarleg. /HKr.

Framleidd voru hátt í 12 þúsund tonn af grænmeti á Íslandi 2018:

Metframleiðsla var á gúrkum og salati

– Tómataramleiðslan hefur verið að dragast saman frá 2016

Metframleiðsla var á gúrkum og salati á síðasta ári samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Tómataramleiðslan hefur aftur á móti verið að dragast saman síðan 2016.

Á síðasta ári voru framleidd 11.667 tonn af grænmeti á Íslandi. Þar af var ríflega helmingurinn kartöflur, eða 6.020 tonn. Næstmest var framleitt af gúrkum, eða 1.927 tonn. Hefur gúrkufarmleiðslan aldrei verið meiri samkvæmt tölum Hagstofunnar yfir þá framleiðslu sem ná aftur til 1986. Sem dæmi um þróunina voru framleidd 460 tonn af gúrkum árið 1986, en síðan hefur verið nokkur stígandi í framleiðslunni. Framleiðslan fór í fyrsta sinn yfir 700 tonn árið 1997 og yfir 800 tonn árið 1999. Hést framleiðslan svo á því ról til 2004 þegar 900 tonna múrinn var rofinn. Strax árið eftir fór framleiðslan í 1.147 tonn, í 1.343 tonn árið 2007 og í 1.516 tonn árið 2008. Síðan fór framleiðslan yfir 1.800 tonn 2014 og hefur verið á því ról þar til í fyrra að hún fór í fyrsta sinn yfir 1.900 tonn.

Samdráttur í tómataramleiðslu

Gúrkufarmleiðslan fer fram undir glerþaki og veðráttan hefur því ekki bein áhrif á framleiðsluna þar sem beitt er rafhlýsingu. Sama á við um tómataramleiktina. Þar hefur framleiðslan hins vegar dregist töluvert saman síðan 2016, eða úr 1.436 tonnum í 1.213 tonn. Virðist þar vera að gæta áhrifa af opnun Costco og aukins grænmetisinnflutnings.

Met í salatframleiðslu

Met var líka sett í framleiðslu á salati á síðasta ári, en þar er líka um inniræktun að ræða. Tölur Hagstofu yfir salatframleiðsluna ná aftur til 2013 þegar framleidd voru 213 tonn.



Í tómataramleiktun hefur framleiðslan dregist töluvert saman síðan 2016, eða úr 1.436 tonnum í 1.213 tonn. Mynd / HKr.

Hefur sú framleiðsla stöðugt verið að aukast síðan og var komin í 403 tonn á síðasta ári sem er met.

Önnur inniræktun var á svipuðu ról á milli ára og af sveppum voru framleidd 580 tonn 2018 sem er nákvæmlega sama tala og 2017. Mest var hins vegar framleitt af sveppum 2014, eða 602 tonn.

Veðurfar hafði neikvæð áhrif á alla útiræktun

Í útiræktun var lélegt tíðarfar greinilega að hafa áhrif og þá ekki bara í kartöfluæktinni. Sem dæmi féll gulrófufarmleiðslan úr 930 tonnum árið 2017 í 540 tonn árið 2018, eða um 42%. Gulrófarframleiðslan dróst líka töluvert saman, eða úr 750 tonnum árið 2017 í 520 tonn árið 2018, sem er tæplega 31% minni framleiðsla.

Svipaða sögu er að segja af annarri útiræktun. Þar var samdráttur í framleiðslu á öllum tegundum á síðasta ári.



Met var sett í gúrkuræktinni á síðasta ári.

Kornbændur urðu líka fyrir skelli

Þótt kornframleiðsla sé venjulega ekki talin með ræktun á grænmeti voru veðurfarsáhrifin þar einnig veruleg. Þannig minnkaði kornframleiðsla íslenskra bænda úr 7.400 tonnum árið 2017 í 3.900 tonn árið 2018, eða um rúm 47%. Þar sem rigningin var ekki til vandræða, voru þurrkar stundum of miklir, eins og á Austurlandi. /HKr.

Sjö nýir starfsmenn hjá Orf Líftækni

Orf Líftækni hefur ráðið til sín sjö nýja starfsmenn vegna aukinna umsvifa fyrirtækisins erlendis og hér heima en fyrirtækið er leiðandi á heimsvísu í plöntulíftækni.

Fyrirtækið framleiðir sérvirk prótein sem notuð eru sem innihaldsefni í BIOEFFECT húðvörur fyrirtækisins, seld til læknisfræðilegra rannsóknna og nýtt í önnur þróunarverkefni fyrirtækisins. Orf hefur þróað tækni til að framleiða slík prótein í byggi, en aðferðin er afrakstur



tveggja áratuga vísinda- og þróunarstarfs. BIOEFFECT vörurnar hafa fengið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir virkni og gæði og eru seldar í um 28 löndum. Hjá fyrirtækinu starfa nú tæplega 70 manns. /MHH

NÝR
BÆKLINGUR

LEIKJADEILDIN

PRÓFABU ALLAR VR GRÆJURNAR Í HALLARMÚLA

FERMINGAR

NÝR SPENNANDI FERMINGARBÆKLINGUR

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Frá Þórshöfn á Langanesi. Mynd / HKr.

Langanesbyggð: Innflutningi á hráu kjöti mótmælt

Á fundi byggðaráðs Langanesbyggðar á dögunum var lögð fram bókun í kjölfar þess að birt var í samráðsgátt frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli og lögum um dýrasjúkdóma. Bókunin hljóðar svo:

„Byggðaráð Langanesbyggðar leggst alfarið gegn frumvarpi sem sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra kynnti þann 20. febrúar sl. og felur í sér heimild til þess að flytja til landsins hrátt ófrosið kjöt og fersk egg. Byggðaráð telur að verði frumvarpið að veruleika feli það í sér fullkomna uppgjöf í baráttu okkar Íslendinga fyrir því að verja lýðheilsu þjóðarinnar og íslenskra búfjárstofna sem hafa sérstöðu í alþjóðlegu samhengi.

Byggðaráð skorar því á sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra og ríkisstjórn Íslands að taka þegar í stað upp EES-samninginn og semja um breytingar sem heimila íslensku þjóðinni að viðhalda sérkennum íslensks landbúnaðar; heilbrigðum búfjárstofnum og heilnæmum matvælum. Sérfræðingar hafa ítrekað varað við slæmum afleiðingum þess að óheftur innflutningur verði heimilaður og það sætir furðu að stjórnvöld skuli skella skollaeyrum við þessum viðvörnum. Það er eindregin skoðun byggðaráðs að íslenskir bændur séu fullkomlega reiðubúnir til þess að mæta kröfum íslenskra neytenda um heilnæg og fjölbreytt matvæli og þróa sínar afurðir í samræmi við þær kröfur.“ /MHH



CLAAS dráttarvélar – Augljós valkostur

Fjölbreytt lína CLAAS dráttarvéla frá 75 til 530 hestöfl tryggir bændum og verktökum vél við sitt hæfi.

Ríkulegur staðalbúnaður og aukabúnaður sniðin að þörfum hvers og eins.

Hafið samband við sölumenn okkar og kynnið ykkur framúrskarandi nýjungar í CLAAS línunni.

FRUM - www.frum.is



- CLAAS Arion 510-550
- 125-165 hp 4 strokka
- Hexactiv vökvaskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 110 - 150 l LS vökvafæði
- Fullfjaðrandi ökumannshús



- CLAAS Arion 610-660
- 135-205 hp 6 strokka
- Hexactiv vökvaskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 120 - 150 l LS vökvafæði
- Fullfjaðrandi ökumannshús



- CLAAS Axion 810-960
- 205-445 hestöfl
- Hexactiv girskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 110 - 220 l LS vökvafæði



- CLAAS Arion 410-460
- 90 - 140 hestöfl.
- Quadrishift eða Hexashift
- Panoramic ökumannshús
- Framúrskarandi aðbúnaður og útsýni
- 60 l - 110 l LS vökvafæði

45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið



Bændablaðið Hvar auglýsir þú?
Símil 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

Bændablaðið
Kemur næst út **28. mars**

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfahlöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is

CLAAS

Rúmföt og handklæði fyrir ferðapjónustuna

Allt lín fyrir:

Hótelíð • Gistiheimilið • Bændagistinguna • Airbnb
Veitingasalinn • Heilsulindina • Þvottahúsið • Sérverslunina

Starfsmannafatnaður fyrir hótél og veitingahús

Eigum allt fyrir:

- Þjóninn
- Kokkinn
- Gestamóttökuna
- Þernuna
- Vikapiltinn
- Hótelstjórnandann



86 ára

EDDA
HEILDVERSLUN

Höfðabakki 9
110 Reykjavík
Sími 561 9200
eddaehf@eddaehf.is
www.eddaehf.is

FRÉTTIR



Leikritið er gleðileikur með harmrænu ívafi sem gerist í litlu samfélagi úti á landi.

Leikdeild Umf. Gnúpverja:

„Nanna systir“ sett upp í Árnasi

Leikdeild Umf. Gnúpverja æfir nú af kappi leikritið „Nanna systir“ eftir Einar Káráson og Kjartan Ragnarsson. Leikstjóri er Örn Árnason. Þetta er gleðileikur með harmrænu ívafi sem gerist í litlu samfélagi úti á landi og óhætt er að segja að þar gangi á ýmsu.

Ungmennafélag Gnúpverja hefur í rúm 100 ár staðið fyrir leiksýningum á góðum og gildum verkum eftir ýmsa höfundu. Fyrstu leiksýningarnar voru í baðstofum í sveitinni en eftir að Ásaskóli var byggður 1923 var æft og leikið þar. Síðustu 50 árin hefur félagsheimilið Árnes verið heimili leikstarfseminnar. Leikdeild var stofnuð innan Ungmennafélagsins árið 2010 og er Nanna systir fimmta sýningin sem sett hefur verið upp síðan. Sýningar verða á eftirfarandi dögum.

Frumssýning föstud. 8. mars kl. 20
2. sýning sunnud. 10. mars kl. 20
3. sýning laugard. 16. mars kl. 20
4. sýning sunnud. 17. mars kl. 14
5. sýning fimmtud. 21. mars kl. 20



Örn Árnason, leikar er leikstjóri verksins en hann er einn af ástsælustu leikurum þjóðarinnar.

Hægt er að panta miða í síma 8691118 eða á gylfi1sig@gmail.com. Við vonumst til að sjá ykkur sem flest á sýningunum í mars, posi á staðnum. /MHH



Afrísk svínapest hefur ekki greint á Íslandi enn sem komið er.

Sóttvarnir og dýravelferð:

Ekki tekist að hefta útbreiðslu afrískrar svínapestar í Evrópu

Miklar varúðarráðstafanir eru viðhafðar í Evrópu um þessar mundir til að hefta útbreiðslu afrískrar svínapestar. Þrátt fyrir að ástandið hafi verið nokkuð stöðugt undanfarið var tilkynnt um ný og viðvarandi tilfelli í átta löndum í Evrópu nýverið og tveimur löndum í Asíu.

Á heimasíðu Matvælastofnunar er minnt á að enn hafi ekki tekist að hefta útbreiðslu afrískrar svínapestar í Evrópu, Asíu og Afríku. Auk þess sem Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunin hvetur ferðafólk, bændur, veiðimenn, tollverði og fleiri til að gæta árvekni og smitvarna.

Afrísk svínapest er bráðsmítandi drepsótt í svínunum, sem getur meðal annars borist með sýktum svínunum og sæði, hráu kjöti af sýktum dýrum, farartækjum, búnaði og fatnaði.

Veiran sem veldur sjúkdómnum er ekki hættuleg fyrir fólk eða önnur dýr en veldur svínunum þjáningum og tjón svínabænda þar sem sjúkdómurinn kemur upp er gífurlegt.

Miklar varúðarráðstafanir eru viðhafðar í Evrópu til að hefta útbreiðsluna og þar hefur ástandið verið nokkuð stöðugt. Þó var tilkynnt um ný og viðvarandi tilfelli í átta löndum í Evrópu, Belgíu, Ungverjalandi, Búlgaríu, Lettlandi, Moldavíu, Póllandi, Rúmeníu og Úkraínu, í febrúar á þessu ári. Á sama tíma bárust tilkynningar um sjúkdóminn frá tveimur löndum í Asíu, Kína og Mongólíu, og einum í Afríku, Simbabe.

Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunin hefur hafið auglýsingaherferð til að upplýsa fólk um smitleiðir og áminna það um að gæta smitvarna. Skilaboðin eru eftirfarandi:

- Ferðafólki er bent á að flytja ekki með sér lifandi svín né svínaafurðir og heimsækja ekki svínabú að nauðsynjalausu.
- Bændur eru hvattir til að viðhafa ítrústu smitvarnir, sem fela í sér þrjá megin þætti: Aðskilnað, þrif og sótthreinsun. Þeir þurfa að halda aðskilnaði milli þess

AFRICAN SWINE FEVER

African swine fever (ASF) is a **highly contagious** disease of domestic and wild pigs. It is not a danger to human health but it is devastating for farming economy. There is no vaccine against it.

Travelling within or outside a country?
By car, bus, train, airplane, boat?

Do not spread the disease.



×
Travellers
Don't be the carrier of a deadly pig disease



YOU MUST TAKE PRECAUTIONS



Do not carry pigs or pork products
If you do, declare them to the transport authorities



Do not visit farms unless it is necessary



If you are in regular contact with domestic pigs, do not hunt wild pigs

For more information: www.oie.int/asf

Oie WORLD ORGANISATION FOR ANIMAL HEALTH
Protecting animals, preserving our future

sem er utandýra og innanhúss, gæta þess að smit berist ekki í fóður og vatn, hafa stranga stjórn á aðgangi og umgangi gesta og starfsfólks á búinu og halda svínunum sem koma ný inn á búnið aðskildum frá þeim sem fyrir eru. Allt sem fer inn á búnið og út af því skal þrifið þannig að öll sjáanleg óhreinindi séu fjarlægð og síðan sótthreinsað. Jafnframt eru bændur minntir á að fýðra ekki svínin með matarúrgangi.

- Veiðimenn sem eru reglulega í snertingu við svín ættu ekki að stunda veiðar á villtum svínunum. En tilmæli til þeirra sem fara á veiðar eru m.a. að þrifa og sótthreinsa tæki á staðnum, fara ekki á

svínabú að nauðsynjalausu og deila ekki matvælum sem framleidd eru úr kjöti af veiddum dýrum með öðrum né fýðra dýr með þeim.

- Tollverðir eru beðnir um að kynna sér í hvaða löndum afríska svínapestin er til staðar hverju sinni og að vera sérstaklega vel á verði fyrir því hvort fólk komi með matvæli frá þessum löndum. Öllum vörum sem geta innihaldið smitefni skal fargað á viðeigandi hátt.

Hver sem verður var við einkenni í dýrum sem geta bent til alvarlegra smitandi sjúkdóma, þar á meðal afrískrar svínapestar, skulu án tafar hafa samband við dýralækni eða Matvælastofnun. /VH

KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



KLEFAR

Kæli- & frystiklefar í miklu úrvali.

Vottaðir gæðaklefar með mikla reynslu á Íslandi. Einfaldir í uppsetningu.

HILLUR

fyrir kæli- & frystiklefa.

Mikið úrval og auðvelt að setja saman. Sérhannaðar fyrir matvæli.



Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

NÚ ER ÞAÐ GRÆNT!



Pottaplöntur gefa heimilinu hlýlegt yfirbragð og bæta andrúmsloftið

Hér er lýst á einfaldan og skýran hátt, skref fyrir skref, hvernig hægt er að rækta blómlegar og heilbrigðar pottaplöntur



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | laugardaga 11-16 | www.forlagid.is

plettac
distribution

FRÁBÆR ÞJÓNUSTA - GÓÐ VERÐ
SALA OG LEIGA

Plettac vinnupallar
- Protekt fallvarnarbúnaður
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni

VINNUPALLAR EHF

s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg
Skiptahólf 50b, 105 Reykjavík

embla 2019

NORRÆNU
MATARVERÐLAUNIN

Þekkir þú einhvern sem skarar fram úr í matvælageiranum?

Embluverðlaunin voru fyrst veitt í Kaupmannahöfn árið 2017. Þau eru norræn matarverðlaun sem er ætlað að hampa norrænni matarmenningu. Embluverðlaunin eru veitt á tveggja ára fresti en opnað var fyrir tilnefningar 1. mars.

Þann 1. júní verða verðlaunin afhent í Hörpu í Reykjavík í tengslum við norrænt kokkþing.

Á vefsíðunni emblafoodawards.com er tekið við tilnefningum í sjö flokka sem eru:



Hráefnisframleiðandi
Norðurlanda 2019



Norðurlandaverðlaun fyrir
mat fyrir marga 2019



Matvælafrumkvöðull
Norðurlanda 2019



Mataráfangastaður
Norðurlanda 2019



Matvælaíðnaðarmaður
Norðurlanda 2019



Norðurlandaverðlaun
fyrir mat fyrir börn og
ungmenni 2019



Matarblaðamaður
Norðurlanda 2019

Skráningarfrestur er til og með
31. mars 2019.

Það eru bændasamtök á Norðurlöndunum í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina sem veita verðlaunin.



Nordic Council
of Ministers

Allir geta tilnefnt í flokkana sjö með einföldum hætti á vefsíðunni
www.emblafoodawards.com

verðmæti vöruútflutnings þeirra árið 2017 voru sjávarafurðir samanborið við 38% á Íslandi. Alls voru á árinu 2017 fluttar út vörur frá Grænlandi fyrir 66 milljarða íslenskra króna, þar af voru 63 milljarðar fyrir sjávarafurðir. Skiptingin var þannig að rækjan gaf 44% af heildinni, grálúða 23%, þorskur 10% og afgangurinn aðrar fisktegundir. Á Íslandi nam verðmæti útfluttra sjávarafurða 197 milljörðum króna sama ár, þar af 44% fyrir þorskaforðir.

Grænlandingar eru með gagnkvæma fiskveiðisamninga við aðrar þjóðir, svo sem Færeyinga, Norðmenn og Rússa, en einnig við Evrópusambandið sem fær fiskveiðiheimildir gegn því að veita Grænlandingum tollfríðindi. Þessi samningur gefur Grænlandingum samtals jafnvirði 6,3 milljarða íslenskra króna árlega, þar af er þriðjungur eyrnamerkur sem greiðsla fyrir

fiskveiðiréttindin en tveir þriðju styrkur til menntamála.

Veidigjöld stórhækka

Loks er svo að nefna að stjórnvöld í Grænlandi innheimta veiðigjöld af fiskafla sem eru mun hærrí en tíðkast á Íslandi. Hinn 1. janúar 2018 tók gildi nýtt veiðigjaldakerfi sem gerir það að verkum að tekjur ríkisins af veiðigjöldum hafa stóraukist, að sögn Hilmars Ögmundssonar. Á árinu 2017 námu veiðigjöldin á Grænlandi rétt um 4,5 milljörðum íslenskra króna en bráðabirgðatölur fyrir árið 2018 gera ráð fyrir tæpum 7,3 milljörðum ISK. Að sögn Hilmars eru nú flestar fisktegundir gjaldskyldar sem hlutfall af útflutnings- og löndunarverðmæti, nema hvað veiðigjöld fyrir uppsjávarveiðar á makríl, loðnu, síld, kolmunna og gulllaxi eru enn þá föst krónutala fyrir hvert kíló.

FRUM - www.frum.is

Þú nýtur góðs gengis

- Í tilefni af 140 ára afmæli Kverneland bjóðum við frábært tilboð á völdum Kverneland plógum.
- Sérbúnir plógar hlaðnir helstu nýjungum – Opín moldverpi – knock on oddar – hálmköfur.
- Allir plógar afhentir samsettir á afgreiðslustað flutningsaðila í þinni heimabyggð.
- Til afhendingar nú þegar. Tilboðið gildir meðan birgðir endast. Sérpantanir í boði.

Verðdæmi Kverneland AD 5 skeri. Lokuð moldverpi no. 28	2,149,000 kr. verð án vsk
Verðdæmi Kverneland AD 5 skeri. Opín moldverpi no. 30	2,269,000 kr. verð án vsk
Verðdæmi Kverneland 150S 4 skeri Variomat. Opín moldverpi	3,280,000 kr. verð án vsk
Verðdæmi Kverneland 150S 5 skeri Variomat. Opín moldverpi	3,960,000 kr. verð án vsk

Hafið samband við sölumenn Vélfangs og kynnið ykkur markvissar upp færslur á búnaði Kverneland plóga.

Bændur – verktakar – búnaðarfélag. Nýtið ykkur þetta einstaka tækifæri. Nánari upplýsingar veita sölumenn Vélfangs Reykjavík og Akureyri



Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri



VORTILBOÐ

INNIFALIÐ :
FRÍR FLUTNINGUR
GRAFSKRIFT
UPPSETNING Á N-LANDI OG
HÖFUÐBORGARSVÆÐI



130 cm sökkull
GRÁR - 298 þúsund
með lugt og vasa 368 þúsund



150 cm sökkull
GRÁR - 298 þúsund
með lugt og vasa 368 þúsund

113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 149 þúsund

103
76x55 cm frá sökkli



120 cm sökkull
GRÁR - 245 þúsund
með lugt og vasa 325 þúsund

103M
68x47 cm frá sökkli



80 cm sökkull
GRÁR - 198 þúsund



s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnimerki.is minnimerki.is



Landsliðshópur Íslands í hestaíþróttum ásamt þálfurum.

Landslið Íslands í hestaíþróttum:

Skipað 19 afreksknöpum í fremstu röð í hestaíþróttum hérlendis og erlendis

Landsamband hestamannafélaga (LH) kynnti á blaðamannafundi í Bláa Lóninu undir lok febrúar landsliðshóp LH í hestaíþróttum. Þetta er fyrsta skrefið í breyttum áherslum LH í afreksmálum.

Hingað til hefur landslið Íslands á HM verið valið út frá svokölluðum lykli og úrtökumóti. Á úrtökumóti gátu 5 knapar tryggt sér sæti í landsliðinu og liðstjóri valdi 2 í viðbót, var þá m.a. litið til árangurs á Íslandsmóti og keppnisárangurs íslenskra knapa erlendis. Landsliðið var svo kynnt rúmum mánuði fyrir HM og má segja að landsliðið hafi verið virkt í rétt rúma tvo mánuði sem er afar stuttur tími og áherslan skiljanlega einungis á þann viðburð.

Landsliðshópurinn verður virkur allt árið

Breytingin sem LH hefur gert á landsliðsmálum er að landsliðshópur LH verður virkur allt árið um kring og mun koma að ýmsum viðburðum, mótum og sýningum sem eru til þess fallnar að efla hestaíþróttina og styrkja liðið til árangurs.

Með því að halda úti virkum landsliðshóp gefst tækifæri til að sinna betur markvissu afreksstarfi í hestaíþróttum þar sem áhersla er lögð á knapann sem íþróttamann. Meðal annars verður starfrækt fagteymi sérfræðinga á heilbrigðis- og íþróttasviði, sem verða landsliðsknöpum innan handar í sinni þjálfun. Ætlunin er að halda áfram með þær mælingar sem LH í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, lét gera á landsliðsknöpum 2017 og á afreksþóp ungmenna LH sl. ár.

Það sem felst í markvissu afreksstarfi er meðal annars að byggja upp afreksíþróttamenn, afreksknapa í þessu tilfalli, með langtímamarkmið í huga og skapa umhverfi þar sem afreksknapi getur bætt sig í sinni íþrótt, til að auka líkur á enn betri árangri á komandi stórmótum.

Sá landsliðshópur sem er virkur ár hvert verður í forvali þegar valdir eru keppendur fyrir Íslands hönd á Heimsmeistaramót og Norðurlandamót. Landsliðsþjálfari getur þó tekið inn í liðið nýja knapa sem sýnt hafa framúrskarandi árangur í keppni, með skömmum fyrirvara, ef hann telur að það muni styrkja landsliðið. Markvisst endurval knapa, byggt á keppnisárangri og mati landsliðsþjálfara, er þó sífellt í gangi.

Sigurbjörn Bárðarson landsliðsþjálfari

Sigurbjörn Bárðarson, sem ráðinn var liðstjóri landsliðs

Íslands í janúar 2018, verður nú titlaður landsliðsþjálfari líkt og í öðrum íþróttgreinum. Arnar Bjarki Sigurðarson, sem var liðstjóri afreksþóps LH, verður landsliðsþjálfari U-21 landsliðshóps LH, það er næsta skref sem LH tekur í afreksmálum og verður U-21 landsliðið kynnt innan tíðar. Sigurbjörn hefur yfirumsjón með báðum hópum en mikið samstarf verður á milli landsliðsþjálfaranna.

Heimsmeistaramót í Berlín verður fyrsta stórverkefnið

Fyrsta stóra verkefni landsliðsins er Heimsmeistaramót í Berlín í byrjun ágúst. Þar munu keppa sjö landsliðsknapar í flokki fullorðinna, fimm knapar úr U-21 landsliðshópnum og fjórir titilhafar sem munu verja heimsmeistararitla sína frá því á HM 2017 og eiga því öruggt sæti í liðinu að þessu sinni. Titilhafarnir eru Jakob Svavar Sigurðsson, Gústaf Ásgeir Hinriksson, Konráð Valur Sveinsson og Máni Hilmarsson.

Valið á landsliðinu sjálfu, þ.e. þeir sem verða valdir til að fara á HM og keppa fyrir Íslands hönd, verður einnig með breyttu sniði. Miðað verður við árangur m.a. á WorldRanking-mótum og Íslandsmóti, en ekki haldin sérstök úrtökumót eins og tíðkaðist áður. Liðið verður tilkynnt folega í Líflandi eftir Íslandsmót sem verður haldið fyrstu helgina í júlí.

Knapar í landsliðshóp LH eru skyldugir til að mæta á um helming viðburða á dagskrá landsliðsins, skyldumæting er á ákveðna forgangsviðburði, m.a. tiltekin WorldRanking-mót, Íslandsmót og „Peir allra sterkustu“ sem er fjárflyunarviðburður landsliðsnefndar. Annað sem er á dagskrá landsliðsins er t.d. mælingar, fræðsla, undirbúningsfundir o.s.frv.

19 afreksknapar

Landsliðshóp LH skipa 19 afreksknapar í fremstu röð í hestaíþróttum hérlendis og erlendis og þrjú titilhafar í ungmennaflokki frá því á HM 2017 en þeir hafa ekki fasta setu í landsliðshópnum enn sem komið er en tilheyrja hópnum fram yfir HM.

Þeir 19 afreksknapar sem valdir hafa verið í landsliðshópnum eru:

Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir
 Árni Björn Pálsson
 Ásmundur Ernir Snorrason
 Bergþór Eggertsson
 Guðmundur Björgvinsson
 Hanna Rún Ingibergsdóttir
 Haukur Tryggvason
 Helga Una Björnsdóttir
 Hinrik Bragason
 Hulda Gústafsdóttir

Jakob Svavar Sigurðsson,
 titilhafi frá HM 2017
 Jóhanna Margrét Snorraddóttir
 Jóhann Skúlason
 Siguroddur Pétursson

Sylvía Sigurbjörnsdóttir
 Teitur Árnason
 Viðar Ingólfsson
 Þórarinn Eymundsson
 Þórarinn Ragnarsson

Titilhafar úr ungmennaflokki frá því á HM 2017 eru:
 Gústaf Ásgeir Hinriksson
 Konráð Valur Sveinsson
 Máni Hilmarsson



Landsliðsstelpurnar, sem eru allar á hestabraut Fjölbautaskóla Suðurlands, frá vinstri, Gyða Sveinbjörg, Glódís Rún og Thelma Dögg. Hesturinn heitir Stormur, sem Gyða Sveinbjörg hefur m.a. verið með í skólanum.
 Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Fjölbautaskóli Suðurlands:

Tuttugu og fimm nemendur stunda nám á hestabraut

Í Fjölbautaskóla Suðurlands stunda 25 nemendur nám á hestabraut. Um þriggja ára nám til stúdents er að ræða, bæði bóklegt og verklegt.

„Starfsemi brautarinnar gengur mjög vel, ég heyrir ekki annað en allir nemendur séu mjög ánægðir og sáttir við brautina og það erum við líka, sem erum að kenna á henni. Við erum með frábæra, duglega og skemmtilega nemendur, betra verður það ekki.“



Áslaug Fjóra er einn af þremur kennurum brautarinnar og kann ákaflega vel við starfið.



Svanhildur Guðbrandsdóttir (t.v.), sem er frá Syðri-Fljótum í Skaftárhreppi og Dagbjört Skúladóttir frá Þóróddsstöðum í Ólfusi eru báðar að útskrifast af hestabrautinni í vor. Þær ætla að hefja nám í Hólaskóla næsta haust í reiðmennsku.

segir Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir, einn af kennurum á brautinni.

Stelpur eru í meirihluta nemenda, sem koma víðs vegar að af landinu. „Það er frábært fyrir hestakrakka að geta farið í skóla til að einbeita sér að áhugamáli sínu, lært um hestinn og allt sem honum viðkemur við frábærar aðstæður,“ bætir Áslaug Fjóra við.

Þrjú stúlkur valdar í landsliði

Þá má geta þess að þrjú af nemendum brautarinnar hafa verið valdar í landslið Íslands hjá hestamönnum í U-21, en það eru þær Gyða Sveinbjörg, Thelma Dögg og Glódís Rún.

/MHH

Hrímnis hestakerrur

Hannaðar á Íslandi fyrir einstaka aksturseiginleika



www.hrimnir.shop
runar@hrimnir.shop
861-4000 / 897-9353

FÁANLEGAR FYRIR 3 TIL 6 HESTA



Réttu græjurnar!

Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði m.a. heymarhlífum og samskiptabúnaði. Hugaðu að heyrninni, hún er mikilvæg! Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.



Bluetooth

Hefðbundin

Áföst á hjálmi

Fyrir samskipti

Í skotveiðina

Fyrir börnin



Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is



SKIPULAG UM LOFTSLAG, LANDSLAG OG LÝÐHEILSU

Hafin er vinna við gerð viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu þar sem mótuð verður nánari skipulagsstefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu.

Lýsing

Lýsing þar sem gerð er grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að mótun stefnunnar liggur frammi til kynningar frá **16. mars til 8. apríl 2019**. Lýsingin er aðgengileg á landsskipulag.is. Nálga má prentað eintak hjá Skipulagsstofnun. Allir eru hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma á framfæri ábendingum um nálgun og efnistöð til Skipulagsstofnunar. Frestur til að koma á framfæri ábendingum er til **8. apríl 2019**. Ábendingar þurfa að vera skriflegar og geta borist bréfléiðis, með tölvupósti á landsskipulag@skipulag.is, eða á athugasemdagátt á landsskipulag.is.

Kynningar- og samráðsfundir

Öllum sem áhuga hafa er jafnframt boðið til kynningar- og samráðsfunda á eftirtöldum tímum. Þar gefst tækifæri til að kynna sér hvernig fyrirhugað er að standa að mótun landsskipulagsstefnu og taka þátt í umræðum um æskilegar áherslur og aðgerðir í landsskipulagsstefnu varðandi loftslagsmál, landslag og lýðheilsu.

Borgarnesi	18. mars	kl 15-17	Hjálmakletti
Ísafirði	19. mars	kl 14-16	Hótel Ísafirði
Selfossi	20. mars	kl 15-17	Tryggvaskála
Reykjavík	21. mars	kl 15-17.30	Nauthóli
Akureyri	25. mars	kl 15-17	Hofí
Egilsstöðum	27. mars	kl 15-17	Hótel Héraði
Blönduósi	2. apríl	kl 15-17	Hótel Blöndu

Hús opnar 15 mín. fyrir upphaf fundar á hverjum stað

Fundinum í Reykjavík verður streymt á Facebook-síðu Skipulagsstofnunar

Nánari upplýsingar á landsskipulag.is

Allir velkomnir

Lýsing er kynnt samkvæmt 11. gr. skipulagslaga og 16. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu.

Skipulagsstofnun - Borgartúni 7b - 105 Reykjavík

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur
óska eftir hryssum
Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Enn hækkað verð!

Greiðum nú **35.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.**

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma **581 4138**.

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

BALEXMETAL

YLEININGAR

ERU LÉTTAR STÁL-
KLÆDDAR SAMLOKU-
EININGAR SEM FÁST
MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA
STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðar-
miklar og fást með mismunandi
yfirborði og litum að eigin vali.
Helstu kostir þess að nota
samlokueiningar er auðveld og
fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil
burðargeta, mikið einangrunargildi
og er ódýr kostur ef miðað er við
hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri
grípahús þar sem skipta þarf út
þak- og eða veggjakklaðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar
undir ströngu eftirliti samkvæmt
viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

FRÉTTASKÝRING

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, skorar á allar ríkisstjórnir að bregðast við hraðri útbreiðslu ofursýkla:

HRÆÐSLUÁRÓÐUR ...?

– Sameiginlegt átak „Ein heilsa“ eða „One Health“ sögð eina leiðin til að sýklalyfin haldi áfram að virka

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Samkvæmt gögnum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (World Health Organization – WHO) á síðasta ári, eiga 60% sjúkdóma í mönnum uppruna að rekja til dýra. Smit vegna lyfjaónæmra baktería er talin valda 700 þúsund dauðsföllum á ári. Stofnunin leggur nú mikla áherslu á að íbúar heimsins vakni til meðvitundar um þá miklu hættu sem stafar af aukinni útbreiðslu lyfjaónæmra örvera.


Á íslenskum samfélagsmiðlum hefur hins vegar mátt sjá látaust froðusnakk um að þetta sé bara „HRÆÐSLUÁRÓÐUR“. Fólk lifi bara finu lífi úti í Evrópu þrátt fyrir neyslu á matvælum sem sögð séu menguð lyfjaónæmum bakteríum.

Karl G. Kristinsson, prófessor við Háskóla Íslands og yfirlæknir við sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, sýndi hins vegar fram á það í erindi sem hann hélt á Hótel Sögu fyrir skömmu að ekki er allt sem sýnist í þessum efnunum. Niðurstöður rannsóknar sem gerð var á Landspítalanum sýndi sláandi niðurstöður. Yfirgnæfandi meirihluti sjúklinga á spítalanum sem smitast höfðu af kamfílobakteríu höfðu einmitt smitast á ferðalögum í útlöndum. Yfir 15 sinnum meiri líkur eru á að smitast af slíkri bakteríu við neyslu á fæðu í útlöndum en á Íslandi. Þrátt fyrir þetta er fullt að þetta sé hræðsluáróður um leið og gerðar eru kröfur um að heimila frjálsum innflutning á hráum og ómeðhöndluðum matvörum. Þar ganga fremstir í flokki hagsmunagæslumenn innflutningsverslana. Allt er það sagt vera í þágu neytenda og til að uppfylla viðskiptasamninga EES, en um leið þvert á baráttu íslenskra og erlendra vísindamanna og alþjóðlegra stofnana.

Dagana 12.–18. nóvember á síðasta ári var haldin sérstök ráðstefna á vegum WHO í Evrópu á fjórðu „World Antibiotic Awareness“ viku undir kjörorðunum „Ein heilsa“ eða „One Health“. Þar sameinaði WHO í Evrópu krafta sína með svæðisskrifstofu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) í Evrópu og Mið-Asíu og svæðisfulltrúa Mið-Asíudeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir dýraheilbrigði (OIE) til að hvetja stjórnvöld til að samþykkja eða styrkja þátttöku þeirra í One Health-nálguninni.

Ástæðan er marghúttuð:

- Sýklalyf eru mikið notaðar í búfjárframleiðslu, stundum til að stuðla að vexti og stundum til að koma í veg fyrir sýkingu, frekar en að meðhöndla dýrið. Þessi ofnotkun sýklalyfja getur leitt til meira lyfjaónæmis meðal örvera.
- Sömu flokkar sýklalyfja eru oft notuð bæði hjá mönnum og dýrum og til að framleiða matvæli.
- Matvælakedjan er öflug dreifingarleið sjúkdóma og krefst náins eftirlits og



Ef ekki tekst að stöðva útbreiðslu nýmyndunar sýklalyfjaónæmra baktería munu þær vera farnar að drepa eina manneskju á þriggja sekúndna fresti í heiminum eftir 30 ár.



Veldu einungis matvæli sem eru framleidd án sýklalyfja og vaxtarhvata og þar sem sjúkdómavarnir heilbrigðra dýra eru í lagi.



samhæfingar til að koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra.

33.000 íbúar ESB- og EES-riksa deyja nú árlega vegna sýklalyfjaónæmis

Um 33 þúsund Evrópubúar deyja árlega í ríkjum Evrópusambandsins og á Evrópska efnahagssvæðinu af völdum lyfjaónæmra baktería og hækkar sú tala stöðugt.

Margar af sömu örverunum (eins og baktería, vírusa, sveppa og sníkjudýra) hafa bæði áhrif á dýr og menn. Í fólki er hlutfall sýkinga sem líka er að finna í dýrum um 60%. Það þýðir (samkvæmt grein á vefsíðu WHO) að örverur hafa þróað með sér ónæmi fyrir lyfjunum í dýrum.

„Þessar örverur geta síðan auðveldlega borist í menn og valdið sjúkdómum og sýkingum.“

Á sama tíma og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur þetta út er höfð uppi hörð krafa af Evrópusambandinu í gegnum EES-samninginn að Íslendingar aflétti hömlum á innflutning á m.a. hráu kjöti og vinni þannig í raun gegn þeim markmiðum sem stofnunin er að berjast fyrir. Ein helstu rökin fyrir kröfunni um aukið viðskiptafrelsi eru svo að það sé gert í þágu neytenda.

Skorar á allar ríkisstjórnir að beita hámarks úrræðum

„Heilsu manna, dýra og umhverfis eru öll jafn háð réttri notkun sýklalyfja. Ábyrgðin liggur því jafnt á öllum þessum þáttum og að varað sé við ógninni af sýklaónæmum örverum.“ sagði dr. Zsuzsanna Jakab, svæðisstjóri WHO í Evrópu.

„Þegar við leitumst við að tryggja að sýklalyf séu rétt notuð í samfélaginu og í heilsugæslu, mun ein grein ekki leysa vandamálið. Með „One Health“-nálgun koma sérfræðingar á sviði manna, dýra, matar og umhverfis og heilsu saman sem eitt afl og er það eina leiðin til að við getum haldið sýklalyfjum virkum. Eg hvet öll evrópsk ríki til að tryggja að yftrútu úrræðum sé beitt við þessa nálgun frá öllu samfélaginu og öllum ríkisstjórnunum.“

„Með 33.000 dauðsföll á hverju ári sem afleiðing af sýkingu vegna baktería sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum og 1 milljarði evra í auknum árlegum heilsugæsluútgjöldum, þurfum við að tryggja að sýklalyf séu notuð varlega og að fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sýkingum séu fyrir

hendi alls staðar í Evrópu,“ sagði Andrea Ammon, framkvæmdastjóri Evrópumíðstöðvarinnar um sjúkdómssvarnir og eftirlit (ECDC). Hún bætti við:

„Þar sem vöxtur sýklalyfja-meðferðar og hlutfall sýklalyfja-meðferðar og sýkingarvarnaraðferða eru breytileg frá landi til lands, er nauðsynlegt að laga aðferðir til að takast á við tilteknar þarfar. ECDC kallar á áframhaldandi aðgerðir á öllum stigum.“

Allt þetta bendir til þess að enginn einstakur geiri hafi getu til að leysa vaxandi vandamálið varðandi myndun sýklalyfjaónæmis einn og sér, en sameiginleg aðgerð getur hjálpað heiminum að ná árangri, segir í útlistun WHO.

Ein heilsufarsaðferðin sem nefnd hefur verið felur í sér samræmingu aðgerða þeirra sem annast lýðheilsu fólks, heilbrigði dýra og þeirra sem koma að umhverfismálum. Það þýðir að viðurkenna verður þá staðreynd að örverur virða ekki landamæri – þær geta auðveldlega farið frá mönnum til dýra og breiðst út frá einum landfræðilegum stað til annars.

Vinna gegn myndun sýklalyfjaónæmis í dýrum er áhrifaríkasta leiðin

Ein áhrifaríkasta leiðin til að vernda heilsu manna er að draga úr líkum á að mótefni þróist meðal örvera hjá dýrum.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segir að margar ríkisstjórnir séu að fella úr notkun sýklalyf sem vaxtarhvata og í fyrirbyggjandi aðgerðir í búfé. Þau mælist til að aðeins séu notuð örverueyðandi lyf (sýklalyf) til að lækna dýr við mjög sérstakar aðstæður.

Lönd sem ekki hafa þegar gert þetta eru hvött til að gera ráðstafanir til að tryggja að lyfin á tilgreindum lista yfir nauðsynleg sýklalyf, þ.e. þau sem eru mikilvægust til að tryggja heilbrigði manna og dýra, séu aðeins notuð þegar nauðsynlegt er. Þetta hjálpi til við að koma í veg fyrir að mótefni myndist gegn sýklalyfjum og gerir okkur kleift að nota sýklalyf áfram til lækninga bæði hjá mönnum og dýrum.

Á síðasta ári gaf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin út staðreyndalista um sýklalyfjaónæmið. Þar segir m.a.:

- Sýklalyfjaónæmi er eitt af stærstu ógnum heims heilsu, matvælaöryggi og þróun í dag.
- Sýklalyfjaónæmi getur haft áhrif á alla, á hvaða aldri sem er, í hvaða landi sem er.
- Sýklalyfjaónæmi myndast af náttúrulegum ástæðum, en misnotkun sýklalyfja hjá mönnum og dýrum er að hraða ferlinu.
- Sýklalyfjaónæmar bakteríur eru vaxandi og alvarleg ógn við almannaheilbrigði og krefst aðgerða frá öllum opinberum geirum hvers samfélags.
- Vaxandi fjöldi sýkinga – svo sem vegna lungnabólgu, berkla, kynsjúkdóma og salmonellu verður erfiðara að meðhöndla þar sem sýklalyf sem notuð eru til að meðhöndla þau hætta að virka.
- Sýklalyfjaónæmar bakteríur (AMR) ógna árangursríkum

forvörnum og meðferð á sífellt auknum fjölda sýkinga af völdum baktería, sníkjudýra, veira og sveppa.

- Sýklalyfjaónæmi leiðir til lengri sjúkrahúsvistar, hærri læknskostnaðar og aukinnar dánartíðni.
- Án árangursríkra sýklalyfja getur árangur í meiri háttar skurðaðgerðum og krabbameinslyfjameðferðum verið í hættu.
- Kostnaður við heilsugæslu hjá sjúklingum með sýkingar af völdum sýklalyfjaónæmra baktería er hærri en við umönnun sjúklinga með sýkingar sem ekki eru ónæmar fyrir lyfjum. Veikindin verða erfiðari við að eiga og nota þarf dýrari lyf.
- Á árinu 2016 þróuðu 490.000 manns með sér fjölþolnar lugnabólugubakteríur á heimsvísu og lyfjaónæmi er byrjað að flækja baráttuna gegn HIV smiti og malaríu.

Ráðleggingar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til almennings

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur líka gefið út ráðleggingar til almennings vegna notkunar sýklalyfja. Þar segir m.a.:

- Notaðu aðeins sýklalyf þegar læknir hefur staðfest að þess þurfi.
- Þú skalt aldrei krefjast sýklalyfja ef heilbrigðisstarfsmaður segir að þú þurfir ekki á þeim að halda.
- Fylgdu alltaf ráðleggingum heilbrigðisstarfsmannsins þegar sýklalyf eru notuð.

- Aldrei deila eða nota afganga af sýklalyfjaskömmtum.
- **Veldu einungis matvæli sem eru framleidd án sýklalyfja og vaxtarhvata og þar sem sjúkdómavarnir heilbrigðra dýra eru í lagi.**
- Koma skal í veg fyrir sýkingar með því að þvo hendur reglulega og gæta hreinlætis við matargerð. Haltu aðskildum hráum og soðnum matvælum. Eldaðu allan mat vandlega. Passaðu að matur sé eldaður við rétt hitastig. Notaðu hreint vatn og hreint hráefni.
- Forðast skal snertingu við sjúka einstaklinga, stunda öruggt kynlíf og passa upp á að bólusetningar séu uppfærðar.

Stjórnvöld móti stefnu og takist á við vandann

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur einnig gefið út ráðleggingar til stjórnmalamanna og annarra sem móta stefnuna í heilbrigðismálum. Þar segir m.a. að til að koma í veg fyrir og stjórna útbreiðslu sýklalyfjapöls, geta stefnumótandi aðilar framkvæmt eftirfarandi:

- Ganga úr skugga um að sterk innlend aðgerðaáætlun sé til að takast á við sýklalyfjaónæmi.
- Auka eftirlit með sýkingum af völdum sýklalyfjaónæmra baktería.
- Styrkja stefnu, áætlanir og framkvæmd sýkingarvarnar og eftirlitsráðstafana.
- Stjórna og stuðla að víðeigandi notkun sýklalyfja, koma í veg fyrir ofnotkun.
- Halda uppi öflugri upplýsingagjöf um áhrif sýklalyfjapöls.



Bændur noti aldrei sýklalyf nema undir eftirliti dýralækna

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur líka gefið út ráðleggingar til landbúnaðarins til að koma í veg fyrir útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería. Þar segir m.a.:

- Gefið dýrum aldrei sýklalyf nema undir eftirliti og samkvæmt ráðleggingum dýralækninga.
- Ekki nota sýklalyf sem vaxtarhvata eða til að koma í veg fyrir sjúkdóma hjá heilbrigðum dýrum.
- Bólusetjið dýr til að draga úr þörf fyrir sýklalyf og notið aðra valkosti en sýklalyf þegar þeir eru til staðar.
- Beitið öruggum og vönduðum starfsvenjum á öllum stigum framleiðslu og vinnslu matvæla úr dýrum og plöntum.
- Aukið aðgæslu á býlum með bættu hreinlæti og aukinni dýravernd til að koma í veg fyrir sýkingar.

Stóralvarleg staða

Um 131.000 tonn af sýklalyfjum eru notuð í landbúnaði heimsins á hverju ári. Þá er fiskirækt ekki meðtalin. Um 73% af öllum sýklalyfjum sem notuð eru í heiminum í dag eru nýtt í landbúnaði og stór hluti af því sem vaxtarhvetjandi efni. Það hefur leitt til ört vaxandi stökkbreytinga sýkla sem orðnir eru ónæmir fyrir lyfjunum og þar með bráðdrepanði. Í dag er talið að sýklalyfjaónæmar bakteríur dragi um 700 þúsund jarðarbúa til dauða árlega. Sú tala mun að óbreyttu verða komin í um 10 milljónir árlega eftir um 30 ár, eða **ein manneskja á þriggja sekúndna fresti**. Það eru um 1,8 milljónum fleiri en deyja úr krabbameini. Það mun kosta þjóðir heims um 4% af heildarveltu af allri starfsemi jarðarbúa, eða um 100 billjónir dollara. Einungis um 5% af fjárfestingum í lyfjaiðnaði fara nú til þróunar á sýklalyfjum.

ESB með nýja löggjöf til að draga úr sýklalyfjanotkun

Notkun á sýklalyfjum í landbúnaði

í Evrópu hefur verið 300% hærri en ráðlögð hámarksnotkun er af sérfræðingum svo til alvarlegra vandræða horfir. Hjá Evrópusambandinu var því samþykkt þann 25. október 2018 að setja nýja löggjöf um sýklalyfjanotkun í landbúnaði. Á hún að koma til framkvæmda 2022. Í Bandaríkjunum hefur notkunin verið mun meiri, enda drepa sýkingar af völdum ofurbaktería um 100.000 manns þar í landi á hverju ári.

Á sumum sviðum hefur þó náðst árangur þó hægt miði. Sem dæmi um þróunina, þá hóf breska alifuglaráðið (British Poultry Council – BPC) sérstakt átak varðandi notkun sýklalyfja í greininni árið 2011. Þess má geta að breskir alifuglabændur hafa einmitt sótt ráðleggingar í smiðju íslenskra alifuglabænda vegna góðs árangurs héraendis.

Undir handarjaðri BPC starfa um 90% allra alifuglaræktenda í Bretlandi. Þetta átak leiddi til þess að heildarnotkun á sýklalyfjum í greininni dróst saman um 82% á árunum 2012 til 2017. Þá bannaði ráðið sínum félagsmönnum á árinu 2016 notkun á sterkustu fúkkalyfjunum eins og lokaúrræðalyfinu Colistin. Notkun á slíku efni hefur aldrei verið leyfð í alifuglarækt héraendis. Þá hafa sýklalyf aldrei verið leyfð sem vaxtarhvetjandi efni í íslenskum landbúnaði.

Stefnt er að því að notkunin í kjúklingarækt á þessu ári og því næsta verði komin niður í 25 milligrömm á hvert kíló við slátrun (25mg/kg). Einnig að sýklalyfjanotkunin í kalkúnaeldinu verði komin niður í 50 milligrömm á hvert kíló. Þetta takmark á samt langt í land með að ná þeim árangri sem íslenskir bændur hafa náð þar sem meðalnotkunin í landbúnaðinum í heild hefur verið nálægt 5 mg/kg.

Bændur standa saman

Aðild að Bændasamtökunum borgar sig

Meginverkefni BÍ er að gæta hagsmuna stéttarinnar. Félagsleg samstaða er dýrmæt og öflug starfsemi samtakanna eykur slagkraft bænda. Með aðild að BÍ njóta félagmenn ýmissa réttinda.

Þinn ávinningur:

- BÍ vinna að þínum hagsmunum og eru málsvari stéttarinnar
- Allt að 30% afsláttur af forritum BÍ
- Réttur til að taka þátt í atkvæðagreiðslum og könnunum á vegum samtakanna
- Aðgangur að starfsmenntasjóði og velferðarsjóði
- Ráðgjöf um réttindi og um málefni sem snerta bændur
- Bændaafláttur á Hótel Sögu og orlofsibúð á höfuðborgarsvæðinu

Upplýsingar um félagsaðild

Sími **563-0300**
Netfang **bondi@bondi.is**
www.bondi.is

Fulltrúar í þjónustuveri BÍ svara fyrirspurnum í síma **563-0300** og í netfangið **bondi@bondi.is**. Á **bondi.is** er hægt að skrá sig í samtökin.

SAMGÖNGUMÁL



Dettifossvegur hefur ekki verið mokaður að vetrarlagi nema tvisvar sinnum á ári, samkvæmt G-reglu Vegagerðarinnar um vetrarþjónustu.

Markaðsskrifstofa Norðurlands:

Snjósmokstur verði á Dettifossvegi

Dettifossvegur hefur ekki verið mokaður að vetrarlagi nema tvisvar sinnum á ári, samkvæmt G-reglu Vegagerðarinnar um vetrarþjónustu. Það segir stjórn Markaðsskrifstofu Norðurlands óviðunandi, en ítrekað hafi verið bent á mikilvægi snjósmoksturs á þessum vegi á undanföllum árum.

Lítið hefur hins vegar breyst og enn sé staðan sú að vegurinn er ófær öðrum en þeim sem keyra um á breyttum jeppum. Dettifoss er eitt helsta aðdráttaraflíð í ferðþjónustu á Norðurlandi, enda fossinn sá aflmesti í Evrópu.

Bara breyttir jeppar komast að

Ferðir að Dettifossi ættu ekki að vera erfiðar, því búið er að kosta miklu til við að leggja malbikaðan veg og bílastæði við fossinn. Það er hins vegar svo að aðeins ferðþjónustufyrirtæki sem hafa

breytta jeppa geta boðið upp á ferðir að fossinum, en rekstur á slíkum bílum er sérhæfur og dýr. Það kemur ekki síst til af því að bílarnir þurfa aukið viðhald og verða fyrir skemmdum á þessum kafla sem mætti kannski frekar búast við í þeim ferðum sem þeir eru sérstaklega hannaðir fyrir, hálendis- og jöklaferðum. Ferð að vetrarlagi að Dettifossi ætti ekki að falla í þann flokk miðað við þá innviði sem eru til staðar.

Stjórn Markaðsstofu Norðurlands skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn til þjónustu allt árið um kring við Dettifossveg. Sú þjónusta verður enn mikilvægari þegar búið verður að klára veginn frá Dettifossi og að Ásbyrgi. Ekki verður við það unað að sá vegur verði ekki mokaður yfir vetrartímum, enda sú framkvæmd til þess gerð að tryggja og efla samgöngur um Norðurland allan ársins hring. */MPP*



UTAN ÚR HEIMI



Í Amazon Go verslunum geta viðskiptavinir ekki greitt fyrir vörur með venjulegum peningum. Þar er einungis hægt að stunda viðskipti með því að skanna síma viðkomandi sem þá verður að vera tengdur bankareikningi þegar komið er inn og farið út úr verslunum. *Myndir / Thestar*


Borgin Philadelphia í Bandaríkjunum:

Fyrst borga til að banna peningalausar verslanir

– Vill ekki mismuna íbúum sem ekki eru með bankareikninga eða greiðslukort

Borgaryfirvöld í Philadelphiu í Bandaríkjunum hafa riðið á vaðið að bannað verslunum að stunda algjörlega peningalaus viðskipti. Ástæðan er mismunur borgaranna sem hafa ekki allir aðgang að bankareikningum eða kreditkortum.

Peningalausum verslunum hefur verið að fjölga ört á liðnum misserum. Netverslunarkerðjan Amazon hefur t.d. verið að fjölga peningalausum verslunum sínum og sett upp fjölda Amazon Go outlets útsöluverslana víða um Bandaríkin. Þar er ekki hægt að versla nema með rafrænum millifærslum í gegnum síma. Hefur þessi rafeindaverslunarsísi opnað búðir í Seattle, San Francisco,



Borgaryfirvöld í Philadelphiu segja að verið sé að mismuna borgurum með því að neita þeim um að greiða fyrir vörur með löggildum peningum. Þannig fá einungis þeir að versla sem eru með bankareikninga og rafrænt aðgengi að þeim í gegnum síma.



Fjöldi peningalausra Amazon Go verslana hefur verið opnaður í Bandaríkjunum.

símann að nýju þegar þeir yfirgefa verslunina.

Mikil óvissa er um hvort Amazon Go takist að opna slíka verslun í Philadelphiu eftir að þar voru samþykktar reglur eða lög sem undirritaðar voru af Jim Kenny borgarstjóra um síðustu mánaðamót. Eiga nýju reglurnar að taka gildi 1. júlí næstkomandi. Þau fyrirtæki sem brjóta þessar reglur verða umsvifalaust sektuð um 2.000 dollara.

Nokkrir greiðslustaðir verða þó undanþegnir nýju reglunum. Það eru bílastæðasjálfsalar, bílastæðahús, fyrirtæki sem byggja á sölu til aðildarkorthafa [eins og t.d. Costco], tryggingagreiðslur vegna leigu, rafrænar millifærslur og vegna vara sem aðeins eru seldar til starfsfólks. */HKR*

í Chicago og fleiri borgum og fyrirhugað er að opna slíkar verslanir líka í New York.

Viðskiptin í Amazon Go fara þannig fram að viðskiptavinir láta skanna símana sína um leið og þeir koma inn í verslanirnar og aftur þegar þeir fara út. Síðan velja þeir vörur sem hugurinn gírmist og labba með þær út. Inni í versluninni fylgjast myndavélar með hvað viðskiptavinirnir taka úr hillunum og eru þeir síðan rukkaðir rafrænt þegar þeir skanna

Útdauð dýr ganga aftur:

Fimm tegundir hafa snúið aftur

Dýr sem talin hafa verið útdauð finnast öðru hverju. Sum dýrana hafa verið talin útdauð í milljónir ára. Meðal þessara dýra eru hyrndur froskur og tegund villihunda.

Fyrir í þessum mánuði fann líffræðingur sem var að störfum í regnskógi í Suður-Ameríku sérkennilegan hyrndan frosk sem kominn var á skrá yfir útdauð dýr vegna skógareyðingar.

Á síðasta ári römbuðu menn á skjaldbökttegund sem ekki hefur sést í rúma öld. Um var að ræða eitt kvendýr sem flutt hefur verið á afdrep fyrir skjaldbökur í von um að það finnst fyrir hana maki.

Árið 1938 veiddist fiskur út af strönd Suður-Afríku sem talið var að hefði dáið fyrir 65 milljónum ára. Við nánari leit fundust fleiri

slíkir fiskar, sem ná allt að tveggja metra lengd, á svipuðum slóðum. Náttúruverndarsinnar óttast að tegundinni sé veruleg hættu búin vegna væntanlegrar olíuleitar út af ströndum S-Afríku.

Fyrir tveimur árum fannst hópur af villtum hundum í Indónesíu en tegundin hefur verið talin útdauð í meira en hálfa öld. Talið er að hundarnir séu síðust leifa af frumstæðustu tegund hunda sem til er í heiminum.

Skömmu eftir síðustu aldamót fannst eðlutegund, eða skinka, sem lengi hafði verið talin útdauð. Skinkan fannst ekki á Selfossi eins og margir gætu haldið heldur í Nýju Kaledóníu. Talsvert hefur fundist af einstaklingum af tegundinni síðan þá. */NH*



SKIPULAGSFULLTRÚÍ

Dalabyggð óskar eftir að ráða skipulagsfulltrúa til starfa. Auk Dalabyggðar sinnir skipulagsfulltrúi verkefnum vegna skipulagsmála fyrir Árneshrepp, Kaldraneshrepp, Reykhólahrepp og Strandabyggð.

Leitað er eftir öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að þróa nýtt starf á traustum grunni. Helstu verkefni eru samkvæmt lögum og samþykktum sveitarfélaganna hverju sinni á sviðum skipulagsmála, samgöngumála, umhverfismála og veitukerfa.

Starfssvið

- Yfirumsjón með skipulagsmálum á svæðinu
- Ábyrgð á að framfylgja stefnu sveitarfélaganna í málaflökkum sem undir hann heyra
- Framkvæmd skipulagsmála og ráðgjöf við m.a. íbúa, kjörna fulltrúa, hönnuði og verktaða um skipulagsmál
- Áætlanagerð og eftirfylgni, mælingar, úttektir og útreikningar
- Undirbúningur og eftirfylgni funda nefnda sveitarfélaganna varðandi skipulagsmál
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnsýslunnar sem sinna verkefnum á sviði skipulagsmála
- Önnur verkefni



Nánari upplýsingar veitir:

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði byggingarmála skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- Þekking og reynsla á þeim málaflökkum sem falla undir sviðið
- Þekking og reynsla af stjórnun og áætlanagerð
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogaþæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og samskiptaþæfileikar
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

Laun og starfskjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Um er að ræða 100% starf.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars nk.

Fáðu heyrnartæki til prufu



Um árabíl hefur Heyrnartækni veitt þjónustu víðs vegar um landið. Við bjóðum upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum. Kannaðu hvenær Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður næst í nágrenni við þig.



Akureyri | Borgarnes | Egilsstaðir | Ísafjörður | Reykjanesbær | Sauðárkrúkur | Selfoss

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu í síma 568 6880

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfrheimur 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðabjónusta | Sími 568 6880 | www.heyrnartaekni.is

Ertu þreyttur eftir daginn?

Prófaðu teygjanlegar vinnubuxur!



- Teygjanlegar í fjórar áttir, eykur hreyfigetu.
- Rip-stopp efni, eykur þægindi og slitstyrk.
- Klofbót styrkt með teygjanlegu efni, eykur hreyfanleika.
- Formbeygð hné og hnjápuðavasar.
- Skyrtustoppari í streng.
- Til í flestum stærðum normal, lengri og styttri skálmar.

Verð: kr. 16.740,-



KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

SAVAGE ARMS® ACCUTRIGGER ACCUSTOCK

SONIC hljóðdeyfa á alla riffla



Model: 93R17GVXP
Cal: 17HMR og 270 þungt hlaup og
Bushnell sjónauki 3-9x40

kr. 75,900



MarkII FVXP
Cal: 22 LR Bushnell sjónauki 3-9x40

kr. 68,900



Savage Axis II XP
Cal: 223,243 og 308 Bushnell sjónauki
3-9x40 stillanlegur gikkur og skefti

kr. 93,900



110 APEX PREDATOR XP
Cal 223, 243, 308, 6,5 creedmoore sjónauki 4-12x44mm Vortex®
þungt hlaup, Crossfire II snittaður Verð með hljóðdeyfi kr 179,500

kr. 149,900

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 28. mars

Lely Center Ísland STÍUGRINDUR



1,23m og 1,84m

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

DANUBE *Getum við orðið að líði?* **Time**

Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús, Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.

Þurrkarar **Þvottavélar**

Strauvélar

Hótelín, þvottagrindur, taupokar ofl.

iceFAKTA ehf.

Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is

Gámurinn er þarfaping



Til leigu eða sölu:

- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaröppun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



Hafðu samband
568 0100

www.stolpigamar.is
Stólpi Gámar

Klettagöðrum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

SAMGÖNGUMÁL

Varaflugvellir settir undir ISAVIA og ný flugstefna mun líta dagsins ljós fyrir haustið:

Stærri kerfisbreytingar í fluginu en við höfum nokkru sinni séð

— segir Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra segir að tillögu, sem samþykkt var á Alþingi fyrir skömmu, um að ISAVIA taki yfir rekstur allra millilandaflugvalla á Íslandi, sé ætlað að stórauka öryggi í fluginu. Þetta eigi líka að geta leitt til eflingar á uppbyggingu þessara valla sem og annarra innanlandsflugvalla.

„Það var þannig á árum áður, þegar Flugstöðir sáu um flugvelli landsins, að þá var innheimt svokallað varaflugvallagjald. Því var ætlað að standa undir kostnaði við uppbyggingu varaflugvalla fyrir millilandaflug í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum. Ákveðið var að leggja þetta af árið 2009 og sameina í einni gjaldtöku í samskiptum við flugrekendur á hverjum tíma undir hatti ISAVIA. Það hefur gengið frábærlega að byggja upp í Keflavík og eiginlega ótrúlegt hvað það hefur gengið vel hjá ISAVIA að bregðast við þeirri áskorun að taka á móti frá tveim milljónum flugfarþega í gegnum völinn upp í tæplega 10 milljónir í fyrra.

Afnám varaflugvallagjaldsins reyndist skaðlegt

Á sama tíma og þetta varaflugvallagjald var lagt af vöruðu margir við, ekki síst þeir sem áður höfðu starfað í Flugstöðum, að hætta á því að treysta á að ríkisvaldið myndi koma með skattpeninga almennings til að byggja upp flugvöllina, yrði alltaf háð því að það yrði keppni um þá peninga við eitthvað annað. Það hefur orðið reyndin. Það hafa verið settir of litlir fjármunir í þetta. Þannig að sú tillaga sem samþykkt var á þinginu núna um daginn, um að ISAVIA eða sambærilegu félagi yrði falið að reka alla millilandaavelli landsins í einu grunnneti, snýst um flugöryggi. Það er að segja, að ef öll flugfélög sem fljúga til Íslands geta tilgreint öruggan varaflugvöll á Íslandi fyrir utan Keflavík, þá er það meira öryggi en að snúa við eða lenda í Skotlandi eða Írlandi. Það er einnig stórt umhverfismál og mun hagkvæmara því hægt er að flytja meiri farm í stað varaeldsneytis.“

Milljarða ávinningur af uppbyggingu varaflugvalla

„Ávinningur flugfélaganna að geta tilgreint varaflugvöll á Íslandi er umtalsverður og telst í milljörðum króna. Í þessari tillögu um að reka flugvöllina fjóra í einu grunnneti, þá mun ISAVIA bæði taka faglega ábyrgð með sinni þekkingu, reynslu og getu til að byggja upp flugvöllina. Einnig er gert ráð fyrir að flugrekendur séu tilbúnir til að skipta ávinningi sem af þessu hlýst til að geta viðhaldið öruggum flugsamgöngum til Íslands.

Þarna er verið að tala um mögulegar tekjur upp á einn milljarð eða rúmlega það á ári. Á einhverju árabili myndi það duga til að byggja upp flughlöð eða samsíða brautir sem gætu nýst til að koma fyrir mörgum flugvélum, ef á þyrfti að halda. Einnig gæti það nýst fyrir aðra nauðsynlega uppbyggingu.



Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra. Myndir/HK.



Eyjafjörður og Akureyrarflugvöllur fyrir miðri mynd. Þar hefur verið bæði eftir að stækkuð verði flughlöð til að hægt sé að anna mörgum vélum í einu. Eins þarf að stækka flugstöðina svo hún ráði við að taka við fjölda farþega sem þangað gætu komið ef ófært reyntist að lenda á Keflavíkurflugvelli.

Þannig yrðu allir þessir flugvelli betri sem alþjóðaflugvelli og stæðu betur undir þeim áherslum sem gerðar voru í tíð ríkisstjórnar á árunum 2013 til 2017, um að opna fleiri gáttir inn í landið til að auðvelda dreifingu ferðamanna.“

Þjónustugjöld borgi uppbygginguna

Sigurður segir að tvær leiðir séu fólgnar í þessari tillögu varðandi gjaldtöku af flugrekstri. Auðvitað sé hægt að setja skatt, en ef um þjónustugjald er að ræða eins og er í dag, þá mun ISAVIA væntanlega semja um upphæð þess við flugrekendur. Einnig er gert ráð fyrir að þó farið verði í aukna uppbyggingu á varaflugvöllum, þá eigi það ekki að hamla uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að hagurinn af uppbyggingu varaflugvallanna geti numið um tveim milljörðum fyrir millilandaflug í ári. Af því er gert ráð fyrir að um helmingurinn skili sér til reksturs á þeim flugvöllum, en ekki eingöngu til flugfélaganna.

Fyrsta flugstefna Íslendinga er nú í vinnslu

— Nú er vitað að viðhaldi hefur verið ábótavant á öðrum innanlandsflugvöllum. Þá eru aðstæður mjög erfiðar víða eins og á Ísafjarðarflugvelli, sem er illa staðsettur fyrir flug. Hefur eitthvað komið til tals að fara í byggingu á nýjum flugvelli þar og uppbyggingu á öðrum flugvöllum?

„Á árinu 2019 verður haldið upp á 100 ára flugsögu á Íslandi. Í tengslum við það þá lét ég hefja



Fokker Friendship flugvél flugfélags Íslands í aðflugi að Ísafjarðarflugvelli undir Kirkjubólshlíð í júlí 2013. Flugvöllurinn var tekinn í notkun 1963 og leysti sjöflugvélar af hólmi. Hann er þó illa staðsettur og hafa reyndir flugmenn lengi bent á mun betra flugvallarstæði undir Eyrarhlíð við utanverðan Skutulsfjörð sem liggja vel við megin vindáttum. Velta má fyrir sér hvort ekki væri hentugt að nýta efni úr væntanlegum Súðavíkurgöngum til að byggja upp slíkan völl.

vinnu í fyrra við mótun fyrstu flugstefnunnar hér á landi. Það plagg mun vonandi koma út síðsumars eða í haust.

Við höfum aldrei mótað stefnu um hvar við ætluðum að hafa flugvelli, heldur voru það herir Bandaríkjamanna og Bretanna sem byrjuðu á því verkefni. Við höfum síðan tekið við og síðan hafa jafnvel áhugamenn á einhverjum stöðum tekið sig til við að búa til flugbrautir sem síðan hafa orðið að flugvöllum.“

Efnahagsleg áhrif flugsins a.m.k. 25% af landsframleiðslu – hvergi eins hátt

„Í væntanlegri flugstefnu verður m.a. fjallað um innanlandsflugvöllina, einnig um millilandaflugvöll sem mikilvægan efnahagslegan þátt. Fyrir um 10 til 12 árum mat erlend ráðgjafarskrifstofa efnahagsleg áhrif flugsins sem 6,6% af landsframleiðslu. Núna eru áhrifin a.m.k. 25% að lágmarki. Hvergi í heiminum er hlutfallið eins hátt

og hér á landi. Þetta er því orðinn gríðarlega mikilvægur þáttur í efnahagslífi landsins og þeim mun mikilvægara að við höfum þar einhverja stefnu.

Varðandi innanlandsflugvöllina, þá hefur hið opinbera gert þjónustusamning við ISAVIA um þá velli. Fjármagn sem til þeirra er ætlað verður ekki skorið niður þó ISAVIA taki að sér varaflugvöllina. Þvert á móti ætti þá meira fé að renna til þeirra flugvalla sem eftir eru en áður var ætlað í alla flugvöllina, þar með varaflugvallanna. Við komum með breytingartillögu varðandi þetta sem þingið samþykkti og kom frá starfshópi sem fjallaði um þessi mál. Hún snerist um að breyta þeim stuðningi sem verið hefur við innanlandsflugvöllina.“

Varðandi Ísafjarðarflugvöll þá var lögð fram þingsályktunartillaga frá þingmönnum Norðvesturkjördæmis um að hugað yrði að nýju flugvallarstæði á Vestfjörðum sem jafnvel gæti nýst til millilandaflugs. Í væntanlegri flugstefnu vænti ég þess að þar muni koma fram hvert við eigum að stefna í þeim málum.“

Vonast til að skoska leiðin gjörbreyti stöðu innanlandsflugs

„Staðreyndin er sú að menn hafa verið að reyna að auka fjármuni til þessara mála, en engu að síður hefur farþegum fækkað. Fargjöld hafa farið hækkandi, flugfélögin hafa það skítt og flugvellirnir hafa drabbast niður. Með öðrum orðum, það kerfi sem við höfum verið með er ómögulegt. Þess vegna ætlum við að stokka upp þá fjármuni sem í þetta fara. Við ætlum að nota þá að hluta í þessa svokölluðu skosku leið. Hún felst í því að endurgreiða allt að 50% af fargjöldum á til að mynda átta leggjum, eða sem svarar vegna fjögurra ferða fram og til baka. Það er til að jafna aðstöðu fólks til að sækja þjónustu sem ákveðið var að byggja upp á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt byggðastefnu síðastliðin 150 ár.

Hjá þeim sem farið hafa þessa leið, eins og Skotum og fleirum, hefur ávinningurinn orðið sá að flugfarþegum hefur fjölgað, flugferðum hefur fjölgað, farmiðaverð lækkað og um leið hafa tekjur flugvallanna aukist. Það tikkar því í öll jákvæðu boxin sem í núverandi kerfi tikkar í öll neikvæðu boxin. Þessi tillaga var samþykkt með mjög breiðum meirihluta á þingi og mun væntanlega taka gildi ef vel gengur einhverjum tíma á árinu 2020.

Áætlað er að í þetta geti farið 800 til 1.200 milljónir króna. Við verðum þó að fara varlega af stað eins og Skotar gerðu á sínum tíma. Mikilvægt er að við útfærsluna séu búnir til hvar þannig að flugfélögin sjái sér hag í að fjölga flugferðum með lægri fargjöldum. Þannig geti fleiri nýtt sér bættu stöðu en bara þeir sem fá endurgreiðslu á hluta af sínum fargjöldum.“

Stærsta kerfisbreyting í fluginu frá upphafi

„Ég held að þessar breytingar sem gerðar verða varðandi flugið séu stærri kerfisbreytingar en við höfum nokkru sinni séð,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra.

/HKr.

Smáauglýsinga-
síminn er:
563 0300

Eldri blöð má
finna hér á PDF:



Bændablaðið



MouseShield músakítti
Lokar sprungum, rifum og götum
til að hindra umferð nagdýra
og skordýra

Söluastaðir
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
Verslunin Eyri
Vélavali

STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf. S 588 2544
Goðanesi 4 N streymi@streymi.is
603 Akureyri V www.streymi.is



Til sölu er lögbýlið Eskiholt 1 í Borgarbyggð sem er 188,3 hektarar. Land nr. 135024.

Landið hentar mjög vel til landbúnaðar, hestamennsku og ferðaþjónustu. Staðsetningin er frábær, liggur að þjóðvegi 1 og er aðeins í um 10 km. fjarlægð frá Borgarnesi. 1 klst. akstur er til Reykjavíkur. Ræktað land ca. 61 ha. Beitland rúmfr 100 ha. Íbúðarhús 218 fm. Fjórúsi 322 fm. Hliður 340 fm. og nýlegt fjós 300 fm. Þetta er jörð með mikla möguleika. Fjallasýn í allar áttir.

Upplýsingar veitir **Gunnlaugur A. Björnsson lögg. fasteignasali**
S. 617 5161 - gab@heimili.is

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



**RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS**



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Vikurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

RÍKISKAUP

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn
Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum
netfangið fasteignir@rikiskaup.is

Efri-Ey, Kirkjubæjarklaustri



Um er að ræða ríkisjörðina Efri-Ey 2 og um 53,7 % hluta af jörðinni Efri-Ey 3.

Jarðirnar eru staðsettar í Meðallandi í Skaftárhreppi. Áætluð stærð þeirra 325 ha. Töluverður húskostur er til staðar á jörðunum, m.a. gott 109 fm íbúðarhús og 259 fm fjárhús sem eru í góðu ástandi. Skráð hlunnindi skv. Þjóðskrár Íslands sem og greiðslumark 182,9 ærgildi. Jarðirnar eru taldar henta mjög vel til akuryrkju.

Verð: 45 millj.

Aðalgata, Siglufirði



Skrifstofuhúsnæði á neðri hæð við Aðalgötu 24 á Siglufirði, sem stendur á horni Aðalgötu og Grundargötu - samtals 234,7 fm.

Um er að ræða húsnæði sem áður hýsti afgreiðslu Íslandsþósts á Siglufirði. Eignin er vel staðsett rétt við Miðbæinn og gætur því hentað undir ýmsa starfsemi.

Verð: 19,9 millj.

Miðgarður, Grímsey



Fallegt 132 fm einbýlishús sem er fyrrum prestsbústaður.

Húsið stendur á fallegum stað við aðalgötuna í Grímsey og rétt utan við Miðgarðakirkju og er á sér afmarkaðri 2.124 fm. leigulöð. Á lóðinni stendur einnig óskráð lítil garðgeymsla og matjurtagarður sem fylgja eigninni. Húsið er byggt úr timbri á steypant kjallara og klætt stenplötum.

Verð: Tilboð

Hjarðartún, Ólafsvík



Vel skipulögð 4 herbergja íbúð í á góðum útsýnisstað í Ólafsvík.

Íbúðin sem er á annarri hæð er skráð alls 119,1 fm með sameign. Húsið sem er byggt árið 1959 er klætt að utan með steini, er vel staðsett og stutt er í alla þjónustu

Verð: 9 millj.

Nánari upplýsingar um ofangreindar eignir má finna á fasteignavef MBL

Lely Center Ísland

VARAHLUTIR Í DRÁTTARVÉLAR



Útvegum varahluti í gömlu vélarnar



Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – vbl.is

MATVÆLI & MARKAÐSMÁL



Úrslitakeppnin Kokkur ársins 2019 verður haldin í Hörpu laugardaginn 23. mars næstkomandi.
Mynd / Facebook-síða Kokkur ársins

Keppnin Kokkur ársins í Hörpu:

Þrjár konur í fimm manna úrslitahópi

Úrslitakeppnin Kokkur ársins 2019 verður haldin í Hörpu laugardaginn 23. mars næstkomandi. Athygli vekur að þrjár konur voru meðal þátttakenda í forkeppninni, sem var haldin 6. mars, en það telst met í þessari keppni. Þær komust allar áfram til þátttöku í úrslitunum.

Í tilkynningu frá Klúbbsi matreiðslumeistarara, sem stendur að skipulagningu keppinnar, er þessi keppni einn af hápunktunum í viðburðardagatali matreiðslumanna. Nokkrir af allra bestu matreiðslumeisturum Íslands keppa um hinn eftirsóttá titil.

Forkeppnin fór sem fyrr segir fram miðvikudaginn 6. mars en þar kepptu tíu kokkar um fimm pláss í lokakeppninni sjálfri.

Metnaðarmál að jafna hlutfall kvenna og karla

Haft er eftir Birni Braga Bragasyni, forseta Klúbbs matreiðslumeistarara, að það sé mikið fagnaðarefni að sjá aukningu skráðra kvenna í keppninni. „Það er okkur metnaðarmál að ná hlutfalli þeirra til jafns við karla. Ylfa Helgadóttir var meðal

annars þjálfari Kakkalandsliðsins í Lúxemborg þar sem liðið vann til gullverðlauna, sem ég held að sé okkur góð hvatning. Stéttin hefur verið mjög karllæg og öll skref í átt að meira jafnvægi eru góð skref í átt að því að tryggja öfluga og fjölbreytta stétt fagfélks.“

Tveir frá Hótel Sögu

Þeir sem keppa til úrslita um titilinn í ár eru:

- Snædis Xyza Mae Jónsdóttir Ocampo, Hótel Saga Mímir Restaurant
- Íðunn Sigurðardóttir, Íslenski Matarkjallarinn
- Kolbrún Hólm Þorleifsdóttir, Deplar Farm
- Rúnar Pierre Heriveaux, Grillið Hótel Sögu
- Sigurjón Bragi Geirsson, Garri

Á síðasta ári bar Garðar Kári Garðarsson sigur úr þýtum í þessari keppni og er því Kokkur ársins 2018. Sigurvegarinn fær þátttökurétt í Nordic Chef of the Year 2020 fyrir Íslands hönd. /smh

Mjólkursamlagið Tine:

Með vörur fyrir grænmetisætur

Sífelld fleiri gerast grænmetisætur í Noregi og því hefur mjólkursamlagið Tine ákveðið að fylgja bylgjunni og neytendum með því að setja á markað vörur sem henta fólki sem aðhlyst þann lífsstíl.

Neysla á venjulegri hvítri mjólk minnkar á hverju ári og hefur það reynt samlaginu erfitt að fá aftur upp fyrri sölutölur svo nú koma vörur frá fyrirtækinu sem henta grænmetisætu eins og grænmetisbollar og -hakk ásamt grænmetisborgurum.

Vörurnar innihalda yfir 90 prósent af norskum hráefnum og eru grænmetismiðaðar með osti og mjólk sem aukaefnum en á þann hátt ná þeir að nota mjólk í vörurnar. Með þessu móti vonast fyrirtækið einnig til að komast á stærri markaði með vörurnar.

„Við munum gera allt til að mjólkinn haldi áfram sinni stöðu og að framleiðslan geti vaxið enn frekar,



Mjólkurliki frá Tine sem unnið er úr höfnum og kókossafa. Mynd / Tine

það er okkar aðalmarkmið. Á sama tíma getum við ekki lokað augunum fyrir því að neytendur eru að breyta venjum sínum. Ef við eigum að geta notað þau tæki sem við eigum og að kúabændur fái vel borgað fyrir mjólkina þá verðum við að hitta á nýjar neyslulínu. Það er staðreynd að sífelld stærri hluti neytenda velur sem dæmi haframjólk. Við höfum góðar vinnslustöðvar og tækni til að framleiða hágæðavörur og þegar við byrjuðum til dæmis að framleiða djús þá kom það fram í betri niðurstöðum fyrir fyrirtækið. Þetta snýst jú allt um að skilja neytendur og að hitta á réttar vörur sem fólk óskar eftir að nota við mismunandi tækifæri. Gott samband við verslanakeðjurnar er einnig mikilvægt í þessu sambandi.“ segir Gunnar Hovland, forstjóri Tine. /Bondebladet - ehg



Nýr viðskiptahraðall fyrir landbúnað og sjávarútveg: Framsækna og djarfar nýjungar í landbúnaði og sjávarútvegi

– Snyrtivörur úr gulrótum og kolsýrt drykkjarvatn úr sjó meðal hugmynda

Nú er orðið ljóst hvaða tíu teymi hafa verið valin til þátttöku í „Til sjávar og sveita“, fyrsta viðskiptahraðlinum á Íslandi sem einblínir á nýjar lausnir og sjálfbæra verðmætastöpun í landbúnaði og sjávarútvegi.

Markmiðið með hraðlinum er að aðstoða frumkvöðla við að byggja upp næstu kynslóð fyrirtækja í þessum grunnvinnugreinum Íslendinga. Verkefninu er þannig ætlað að veita þátttakendum faglega undirstöðu og hraða ferlinu frá því að hugmynd fæðist þar til viðskipti taka að blómstra.

Til sjávar og sveita er haldin í fyrsta skipti í ár en yfir sjötíu umsóknir bárust í hraðalinn. Af þessum hópi voru tuttugu umsækjendur teknir í viðtal og hafa tíu teymi nú verið valin til þátttöku úr þessum breiða hópi umsækjenda. Þrjú fyrirtæki vinna að tæknilausnum en hin sjö eru afurðatengd og koma bæði úr landbúnaði og sjávarútvegi.

Í nýju vikur fá forsvarsmenn fyrirtækjanna tækifæri til að þróa hugmyndir sínar undir leiðsögn reyndra frumkvöðla, fjárfesta, lykilaðila innan landbúnaðar og sjávarútvegs og annarra sérfræðinga þeim að kostnaðarlausu.

Icelandic Startups hefur í samstarfi við Íslenska sjávarklasann komið á fót til Sjávar og sveita með fulltingi Ikea á Íslandi, Matarauðs Íslands, Landbúnaðarklasans og HB Granda. Í gegnum þessa bakhjarla fá fyrirtækin aðgang að tengslaneti og fagþekkingu sem á engan sinn líka á Íslandi. Ætlunin er að hraðalinn varpi ljósi á þau tækifæri sem felast í sjálfbærri nýtingu auðlinda á Íslandi.



Í desember 2018 var starfsemi Til sjávar og sveita kynnt með viðhöfn á veitingastaði IKEA í Garðabæ. Mynd / TB

Eftirtalin tíu fyrirtæki taka þátt í Til sjávar og sveita 2019:

ArcanaBio

Ný háhraða tækni sem útbyr DNA-greiningarpróf, allt frá matvælaíðnaði yfir í líftækni

Álfur Beer

Bruggar bjór úr kartöfluhýði sem færir annars til spillis

Beauty by Iceland

Snyrtivörur úr gulrótum og rófum sem færu annars til spillis

Feed The viking

Sprotafyrirtæki sem starfar með það markmið að auka virði íslenskra matvæla með nýsköpun og öflugri markaðssetningu

Ljótu kartöflurnar

Framleiðsla á kartöflufögum úr annars flokks íslensku hráefni

sem annars yrði fargað

Stafræn veiðibók

Færa veiðibókina af pappírnum upp í skýin

Pure Natura

Framleiðir hágæða íslensk fæðuunnin bætiefni úr lambainnmat og íslenskum jurtum

Tracio

Næsta kynslóð rekjanleika og upplýsingakerfa sem á nýjan hátt eykur skilvirki og traust í virðisdeilu matvæla.

Urtasjórn

Framleiðsla á jurtabragðbættu og kolsýrðu, steinefnaþráku drykkjarvatni unnið úr sjó

Æðarkollur

Fullvinnsla æðardúns á Íslandi

Fróðleiksmolar um sauðfjárbætt á prenti:

Beitarlandið lesið


– með augum góðrar beitarstjórnunar

Sigprúður Jónsdóttir, beitarfræðingur hjá Landgræðslunni, kynnti nýja smábæklinginn Fróðleiksmolar um sauðfjárbætt á fagfundi sauðfjárræktarinnar sem var haldinn 1. mars á Hótel Sögu. Honum er ætlað að auðvelda bændum að meta ástand beitarlandsins og aðlaga beittina að ástandi landsins.

Bæklingurinn er vasaútgáfa eldri bæklingss sem heitir Sauðfjárhagar og var gefinn út árið 2010. „Það er nokkur saga á bak við bæklinginn. Ég sinnti því verkefni hjá Landgræðslunni að þróa skala til að meta ástand sauðfjárhaga og í kjölfarið var gefið út leiðbeiningaritið Sauðfjárhagar. Þar var einnig að finna undirstöðuatriði í beitarfræðum og beitarstjórnun.“ segir Sigprúður um tilurð bæklingssins.

Hliðstæður hrossabæklingi

„Þessi rit eru hliðstæð eldri ritum um hrossabætt. Hrossahagar voru gefnir út af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðslunni árið 1997 þar sem er að finna ástandsskala fyrir beitolund hrossa. Árið 2014 var búinn til smábæklingur upp úr honum, Fróðleiksmolar um hrossabætt, sem hefur komið að góðum notum. Því var ákveðið að gera líka smábækling byggðan á Sauðfjárhögum. Þó margt sé svipað við mat á beitolundum sauðfjár og hrossa þá eru það ekki alveg sömu atriði sem þarf að skoða.“



Sauðfjárhagar var gefinn út árið 2010 en þar er að finna undirstöðuatriði um beitarfræði og beitarstjórnun.



Sigprúður Jónsdóttir, beitarfræðingur hjá Landgræðslunni, kynnti bæklinginn fyrir sauðfjábændum á fagfundi sauðfjárræktarinnar. Mynd / smh

Að sögn Sigprúðar er hægt að fá Fróðleiksmola um sauðfjárbætt á héraðssetrum Landgræðslunnar og víðar. Verður honum til að



Með góðri beitarstjórnun nást markmið um sjálfbæra landnýtingu.

Míða skal beitarþynginguna við ástand lands hverju sinni. Það er breytilegt milli ára og sveða.

Til að fyrirbyggja ofbeiti þarf að fylgja með og aðlaga beittina að ástandi landsins.

Aður en vorbeiti hefst þurfa plöntur að safna forða í vefi sína og hefja endurvöxt róta.

Beitarfræðingur að vori stuðlar að öflugra rótarkefni og meiri uppskeru um sumarið.

Sé gróður strjáll og jarðvegur víðkvæmur, getur jafnvel mjög létt beiti dregið úr uppsöfnun næringarefna, fræmyndun og framvindu gróðurs.



Í nýja bæklingnum er farið yfir helstu atriðin við mat á ástandi lands.



mynda dreift á fundum sem framundan eru um verkefnið GróLind og ýmsum öðrum fundum sem tengjast sauðfjárrækt og landgræðslu. /smh

HVAMMSHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA
SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:
HÓTEL
HEILSÁRSHÚS
SUMARHÚS

GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Fjárgrindur

Hentugar grindur fyrir sauðburð, fisléttar og meðfærilegar
Einfalt að krækja þeim saman

1,22m á lengd, 1m á hæð og 25mm á þykkt
Eigum einnig til örfaar grindur sem eru 1,83m á lengd

Verð:
1,22m: 8.400kr m/vsk
1,83m: 10.800kr m/vsk

Það fæst í KB!

Sjón er sögu ríkari

BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI

Efilsbóli 1
310 Borgarnesi
Vorslan er opin 8-18
á vikum sógu og
10-14 á laugardögum,
sími: 430-5500
www.kb.is

Bændablaðið á bbl.is og líka á Facebook

ORKUSTOFNUN

Hefur þú kynnt þér Smávirkjanaverkefni Orkustofnunar?

- Smærri virkjanir geta verið lyftistöng fyrir bæði bændur og fleiri aðila
- Þær geta stuðlað að auknu orkuöryggi í landinu
- Geta verið svar við orkuskorti víða um land
- Geta tryggt vaxtarmöguleika í dreifðari byggðum landsins

Kynntu þér málið á vef Orkustofnunar:
<https://orkustofnun.is/raforka/smavirkjanir/>

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - www.os.is

TRIMBLE EARTHWORKS

NÝJU VÉLSTÝRINGARNAR HAFA SLEGID Í GEGN!

HENTA VEL FYRIR ALLAR STÆRÐIR VERKTAKA OG VINNUVÉLA.

2017-2018 Framfarisvæðing
2018 Framfarisvæðing

5 ÁRA UPPFERSLUÁBYGÐ

Earthworks kerfið býður upp á að byrja smátt með dýptarmæli á góðu verði og byggja síðan upp í GPS/GNSS-kerfi af fullkomnustu gerð þegar það hentar. Upphaflega fjárfestingin nýtist að fullu með sama skjá, tölvubúnaði og skynjum.

Trimble
Authorised Business Partner

...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVI BESTA

ÍSMAR
SÍÐUMULA 28 / 108 REYKJAVÍK
SÍMI 5105100 / ÍSMAR.IS

Lely Center Ísland DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

www.bbl.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir

HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is



Hjónin Guðlaug Sigurðardóttir og Jóhannes Eyberg Ragnarsson á Hraunhálsi í Helgafellssveit. Auk þess að reka þar kúabú og stunda sauðfjárbúskap sér til gamans, sem þau hafa reyndar fengið aragrúa verðlauna fyrir, þá hafa þau mikinn metnað fyrir að varðveita sögu sveitarinnar. Hafa þau lagt í þetta áhugamál sitt gríðarlega vinnu og peninga og eru hægt og bitandi að koma upp söguminjasafni á bænum, algjörlega að eigin frumkvæði.

Myndir / Hörður Kristjánsson

Bændur á Hraunhálsi í Helgafellssveit í jaðri Berserkjahrauns:

Byggja upp söguminjasafn á eigin spýtur af virðingu við forfeður sína

– Húsbóndinn er auk þess á kafi í að gera upp gamlar dráttarvélar úr sveitinni

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Hjónin Guðlaug Sigurðardóttir og Jóhannes Eyberg Ragnarsson á Hraunhálsi í Helgafellssveit reka þar kúabú með 26 mjólkandi kúm og eru að auki með um 80 fjár. Þar fyrir utan hafa þau ýmis áhugamál er lýtur að sögu búskapar á svæðinu.

Árið 2015 byggðu þau stóra skemmu við heimreiðina að bænum. Er hún að hálfu nýtt undir heynutæki og dráttarvélar búans. Aðspurður um stóru skemmuna verður Eyberg órlítið spöskur á svip, því henni er ætlað að verða annað og meira en bara vélageymsla.

Vélageymslan er dótakassi þeirra hjóna

„Þetta er dótakassinn okkar,“ segir Eyberg og ekki laust við að léttist enn brúin á þessum glaðlynda bónda. „Í helmingnum eru brúkvélar okkar, traktorar og heynuvélar. Svo kemur áhugamálið okkar í hinum endanum.“

Virðing við forfeðurna

„Ég hef mjög gaman af að gera upp gamla traktora og þeir eru reyndar að verða of margir. Svo erum við með það að áhugamáli sem heitir okkar á milli: „Virðing við forfeður okkar.“ Þá erum við að skrifa sögu Helgafellssveitar með óformlegum



Skemman vinstra megin á myndinni er dótakassi hjónanna á Hraunhálsi og verðandi söguminjasafn sveitarinnar.



Hér er horft yfir hluta skemmunnar sem geymir tækjabúnað búans og nokkrar dráttarvélar, jeppa og tæki sem Eyberg er að gera upp.



Á loftinu sem er yfir um helming skemmunnar hafa þau hjón safnað fjölda sögulegra muna frá bæjum í sveitinni og ýmis merkileg skjöl og fundargerðarbækur. Hér er Eyberg með tréspáðann af rafmagnsvindmyllunni sem eitt sinn var á Hraunhálsi.

hætti. Við erum búin að skrifa upp íbúaskrá frá árunum 1870–1880. Það er að segja nöfn allra þeirra sem staðið hafa fyrir búi, bændur og húsfreyjur, en ekki enn börn þeirra og afkomendur. Svo erum við að skrifa upp hvenær síminn kom eða fjarskiptin, hvenær rafmagníð

kom, fyrstu bílarnir og fyrstu traktorarnir. Það hafa líka ótrúlega margir orðið úti hér í sveitinni og í Kerlingarskarði sem við reynum líka að skrá. Einnig erum við að skrá huldufólksögur, draugasögur og ýmis atvik úr daglegu amstri frá liðnum tíma.“

Þau hjón eru því að standsetja á eigin spýtur söguminjasafn sem flestir hefðu trúlega talið í verkahring sveitarfélags fremur en einstaklinga. Þetta verkefni mun svo væntanlega gleðja augu sveitunga og áhugasamra ferðamanna þegar fram líða stundir.

Hafa safnað miklum heimildum, myndum og ýmsum hlutum

Eyberg segir að þau séu búin að safna saman myndum af öllum bæjum sem voru í byggð 1956. Eitthvað sé líka til af bæjum frá eldri tíð. Þá séu þau að reyna að finna myndir af einstaklingum sem hafi staðið fyrir þessum búum. Sú skrá er komin í um 470 manns og eiga þau myndir af um 150 þeirra.

„Þá erum við að reyna að fá einn hlut með einhverja sögu frá hverjum bæ sem við viljum geyma í skemmuni til að geta sýnt. Þannig hyggjumst við reyna að þúsla þessu saman í íbúð í skemmuni sem væri uppsett líkt og hún sé frá um 1930 með eldhúsi og stofu. Þá gætum við líka verið með myndasýningu á staðnum á 100 tommu flatskjá. Við eigum orðið dálítið safn af gömlum myndum, bæði af fólki, bæjum og landslagi í sveitinni.“

Þá er hugmynd hjá þeim hjónum að setja upp mynd af Helgafellssveitinni

sem þeki einn vegg í sýningarrýminu. Stigi verður svo gerður upp á loft í skemmum þar sem þegar getur að líta fjölda gamla muna ásamt fundargerðarbókum sveitarinnar.

„Við teljum mikils virði að varðveita söguna“

„Fyrst vorum við svo stórhuga að ætla okkur að taka þarna á móti ferðamönnum, en ég held að við gerum þetta bara á okkar hraða og á okkar forsendum. Auðvitað væri svo gaman ef þarna kæmu svo einhverjir að skoða þetta sem hefðu áhuga á sögunni.

Við teljum mikils virði að varðveita söguna um bændasamfélagið sem þróaðist inn í iðnbyltinguna og viljum ekki að þetta tynist. Sem dæmi þá þurftu feður okkar beggja að byrja á því á hverjum morgni að reyna að koma í gang ljósavél, koma svo í gang traktor til að fara með mjólkurbrúsana út á brúsapall og sækja þá notuðu og fara að þvo þá áður en hægt var að byrja að mjólka. Nú förum við bara á fætur grútsyfjuð með stírnar í augunum og ýtum á nokkra takka,“ segir Eyberg.

Tímaþjófar nútímataekni hafa breytt miklu í samskiptum fólks

„Breytingin á þessum tíma er því gríðarleg. Samt er það svo merkilegt að mamma, sem var fædd 1923, sagði að hún skildi ekki alveg þær breytingar sem hún hefði upplifað. Í gamla daga þá hafi fólk alltaf getað gefið sér tíma til að fara á milli bæja til að spjalla. Í dag virðist enginn tími vera til slíks. Sennilega eru það þó bara tímaþjófar nútíma tækni sem gera þetta að verkum og taka af manni tíma sem annars færi í að blanda geði við annað fólk.“

Áhugamaður í að gera upp gamlar dráttarvélar

Eyberg er mikill áhugamaður um að gera upp gamlar dráttarvélar. Liggur það greinilega vel fyrir honum og hvort sem vantar húddlok eða varahluti í vél, þá vefst það ekkert fyrir honum að smíða það ef það fæst ekki með öðrum hætti.

Fyrsta dráttarvélin á Hraunhálsi var Ferguson TE20

Ein þeirra dráttarvéla sem þarna er að finna er fyrsta dráttarvélin sem kom á Hraunháls. Hún er af gerðinni Ferguson og kom að Hraunhálsi vorið 1964. Hún er af árgærd 1952 og ber tegundarheitið Ferguson TE20 og var hönnuð af Harry Ferguson. Er þetta talin ein best heppnaða hönnunin hans og var framleidd frá 1946 til 1956. Var traktorinn á ensku gjarnan kallaður „Little Grey Fergie,“ enda alltaf grár að lit. Var þetta talin meiri háttar framför í dráttarvélahönnun sökum léttleika og þess hve lítil hún var og lipur í meðhöndlun. Þá hefur aflúrtakið og þriggja punkta tengibúnaður fyrir heyyvnutæki aftan á vélinni „hydraulicthree-point hitch“ orðið að fyrirmynd í dráttarvélarframleiðslu allt fram á þennan dag.

Var fyrst í Svefneyjum

„Þessi traktor var fyrst keyptur út í Svefneyjar á Breiðafirði og fékk þá númerið BD-19. Pabbi (Ragnar Hannesson) kaupir þennan traktor af Sveinbirni Danfælsynni, sem kallaður var Bjóssi Dan, sem var þá að hætta búskap, en þeir voru góðir vinir. Á þessum traktor var greiðsluáttuvél og ég er að gera hana upp núna.“

Við hliðina á fyrstu dráttarvélinni á Hraunhálsi er forláta Willis-jeppi sem Eyberg er að gera upp. Hann er frá Slitvindahöfðum í Staðarsveit á sunnanverðu Snæfellsnesi.

„Júlíus Kristjánsson bóndi keypti þennan bíl nýjan 1946 og hann er skráður 11. maí það ár. Við fengum hann úr dánarbúi Júlíusar. Hugmyndin er að gera hann færan til kirkjuferða.“



Eyberg við fyrstu dráttarvélin sem kom á Hraunháls. Hún er af gerðinni Ferguson og kom að Hraunhálsi vorið 1964 og var keypt frá Svefneyjum. Hún er af árgærd 1952 og ber tegundarheitið Ferguson TE20 og var hönnuð af Harry Ferguson. – Við hliðina er Willis-jeppi, árgærd 1946, sem Eyberg er að gera upp. Hann er frá Slitvindahöfðum í Staðarsveit á sunnanverðu Snæfellsnesi.



Meðal gripa sem er að finna í skemmu þeirra Hraunhálsbænda er fyrsta dráttarvélin sem kom á Snæfellsnes. Hún er af gerðinni International 1020 McCormick Deering, árgærd 1929 og var á stálhjólum. Búnaðarfélag Eyja- og Miklaholtshrepps keyptu þennan traktor 1929 og aftan í honum var þá hengt herfi.



International 1020 McCormick Deering. Svona litu þessar vélar út.

Meðal gripa sem er að finna í skemmu þeirra Hraunhálsbænda er fyrsta dráttarvélin sem kom á Snæfellsnes. Hún er af gerðinni International 1020 McCormick Deering, árgærd 1929 og var á stálhjólum. Búnaðarfélag Eyja- og Miklaholtshrepps keyptu þennan traktor 1929 og aftan í honum var þá hengt herfi.

Eyberg segir að Búnaðarfélagsmenn hafi lent í erfiðleikum með þennan traktor og bræddu úr mótornum auk þess sem hann frostsprakk. Bæði var um að kenna lélegum smurefnum og skorti á kunnáttu í meðhöndlun véla. Búnaðarsamband Snæfellsness og Dala kaupa þá vélin 1934 og gera hana upp. Hann var síðan í notkun til 1949 er hann var sendur á bæinn Foss í Staðarsveit. Þar var hann notaður í nokkur ár og síðan lagt og var grafinn í jörðu að mestu.



Guðlaug Sigurðardóttir við Ford 4100. Þessi vél biður uppgerðar, en hún er af sömu gerð og fyrsta vélin sem hún ók á sínum unglingsárum heima á Staðarbakka.



Nýuppgerður Massey Ferguson 35X af árgærd 1963. Dráttarvél sem Sigurður Hjartarson, faðir Guðlaugar, fékk með jörðinni þegar hann keypti Staðarbakka 1964.

„Fyrir einum sex eða sjö árum fám við Lauga að grafa traktorinn upp. Þá var hann kominn að stórum hluta á kaf í mold og búið að grafa herfið að öllu leyti. Við grófum herfið líka upp og er það nú til, en ég þarf að laga það svoltið svo hægt sé að sýna það. Þessi traktor verður þó ekki gerður upp og verður aldrei annað en minnisvarði um sögu.

Innar í skemmum stendur fallegur rauður og nýuppgerður traktor. Hann er af gerðinni Massey Ferguson 35X af árgærd 1963.

„Þetta er dráttarvél sem Sigurður

– Hvað með varahluti í svo gamlar vélar. Er ekki erfitt að fá slíkt?

„Nei, það er mjög einfalt og það sem maður fær ekki, það smíðar maður bara. Það er til dæmis ekki hægt að fá blikkverk á gamlar Deutze dráttarvélar, eins og húdd og bretti. Þá þarf maður bara að ná í suðuvélina og smíða.“

Ég passa mig þó á því að reyna að halda í eins mikið af því gamla og hægt er. Þannig er þetta upphaflega stýrið á vélinni hans Magnúsar sem forfeður mínir héldu um. Sætið er einnig upprunalegt, þó í það sé komin ný seta. Sama er með vélina hans pabba.“

„Harðar deilur“ um eitt R í nafni hlutafélags

Frændurnir Eyberg og synir Magnúsar bónda á Kljá eiga eina gamla Deutze D15 dráttarvél, árgærd 1959 í félagi.

„Við stofnuðum um hana hlutafélag og nú er kominn upp ágreiningur í félaginu,“ segir Eyberg og hlær. Ágreiningurinn snýst um það hvað félagið eigi að heita þannig að við frændurnir tölumst helst ekki við. Spurningin er hvort það eigi að heita Kljámunafélagið eða Kljáarmunafélagið. Deilan snýst því um eitt ERR,“ segir Eyberg og glottir.

Bæjarnafnið Kljár dregur nafn sitt af kljasteini, en slíkir steinar voru notaðir sem lóð í gömlum vefstólum. Þegar verið var að vinna í slíkum vefstól slógust steinarnir gjarnan saman og mynduðu þá skemmtileg hljóð og var þá talað um að þeir væru að kljást. Í Helgafellssveit eru mörg örnefni sem draga nöfn af slíkum steinum, eins og Kljáá sem er aðeins austan við Hrunháls.

Eyberg segir að í dráttarvél ónefnda hlutafélagsins vanti stýri af rétri gerð sem og ljós. Þá séu ekki réttar felgur undir henni heldur og nafnið vanti og nösina á húddið. Að öðru leyti segir hann að vélin hafi varðveist nokkuð vel.

Ein önnur reisuleg dráttarvél stendur þar við hliðina sem er af gerðinni Ford 4100. Þessi vél biður uppgerðar, en hún er af sömu gerð og fyrsta vélin sem Guðlaug húsfreyja ók á sínum unglingsárum heima á Staðarbakka.

Hjartarson, tengdafaðir minn, flytur að Staðarbakka 1964. Fékk hann þá þessa vél nýja með jörðinni og var ég að klára að gera hana upp núna um síðustu jól.“

Þar við hliðina stendur fagurgrænn traktor sem vekur forvitni blaðamanns.

„Þessi herna er aftur á móti frá bænum Kljá í Helgafellssveit, Deutze D30. Þar bjó Magnús, föðurbróðir minn. Hann fékk þessa vél árið 1965 og er þetta fyrsta dráttarvélin sem ég geri upp. Nú er ég búinn að gera upp átta vélar og sú nýfunda er í uppgerð.

Þegar ég byrjaði á að gera upp dráttarvélar áttaði ég mig á því hvað þetta er í raun kostnaðarsamt. Ég gerði því upp vélin frá Kljá og gerði svo upp nokkuð margar fyrir aðra bara til að fá aura til að geta leyft mér að gera upp fleiri fyrir sjálfan mig. Traktorinn sem er núna í uppgerð er heima í litla vélaskúrnum og er númer nfu í röðinni. Það er gamall Nalli B275, 60 módelið, frá Gríshóli í Helgafellssveit. Allar þessar vélar hafa sögu sem gerir þær verðmætari en ella.“

Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, nýr formaður Bændasamtaka Íslands:

Bændur þurfa að standa þéttar saman

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Um síðustu mánaðamót áttu sér stað formannsskipti hjá Bændasamtökum Íslands þegar Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, varaformaður samtakanna, tók við formannsstöðunni af Sindra Sigurgeirssyni. Formannsskiptin báru brátt að þar sem Sindri var ráðinn í annað starf með skömmum fyrirvara. Guðrún er fyrsta konan sem er formaður Bændasamtaka Íslands.

Guðrún segir að breytingarnar hafi verið óvæntar og borið brátt að, en þegar hún tók að sér embætti varaformanns BÍ fyrir ári hafi það verið gert af heilum hug og því ekki annað í stöðunni en að taka áskoruninni.

„Ég lít þannig á að ef maður ákveður að taka að sér verkefni í lífinu þá brettir maður upp ermarnar og sinnir því sem þarf að gera þegar þörf er á og þeim verkefnum sem fram undan eru.

Hún telur búsetu sína fjarri Reykjavík ekki vandamál við starfið.

„Til að byrja með stefni ég að því vera í Bændahöllinni tvo daga í viku og eftir þörfum. Ég er vel tölvutengd með ljósleiðara fyrir norðan og það gerir mér og öðrum kleift að halda fjarfundi og vera þannig alltaf í góðu sambandi. Að mínu mati snýst þetta allt um að finna leiðir til að leysa svona atriði og vinna með aðstæðum og það verður ekki til vandræða að mínu mati.“

Endurskoðun búvörusamninga

Fyrir skemmstu lauk endurskoðun sauðfjársamninganna og fram undan er endurskoðun á öðrum búvörusamningum og því engin ládeyða fram undan hjá nýjum formanni.

„Ég kvíði því ekki, þar sem ég kem til með að vinna með mjög góðu og duglegu fólki í stjórn BÍ og fleirum við endurskoðunina. Ég hef tröllatru á íslenskum landbúnaði, íslenskum bændum og Íslandi yfir höfuð og það er vandalaust að tala fyrir þeim sjónarmiðum við samningaborðið.

Það er búið að samþykkja sauðfjársamningana og ég tel að í þeim séu stigin skref í rétta átt. Það er verið að reyna að ná utan um framleiðsluna, þrátt fyrir að við höfum ekki náð öllu fram sem við vildum. Samningar af þessu tagi eru ansi flóknir og ekki síst þar sem staða einstakra sauðfjárbænda er mjög ólík. Það er erfitt að gera svo öllum líki en ég held að niðurstaðan sé ásættanleg enda naut hún stuðnings um 70% þeirra bænda sem tóku þátt í atkvæðagreiðslu um hana.

Hvað aðra búvörusamninga varðar sé ég ekki fram á að það verði um neinar stórar áherslubreytingar að ræða í garðyrkjusamningi og rammasamningi en gera má ráð fyrir að við munum leggja til talsverðar breytingar á nautgripasamningi í ljósi þess að kúabændur hafa lýst þeim vilja með skýrum hætti að þeir vilja áfram hafa kvótakerfi í mjólkurframleiðslu

Eftir sem áður er tollvernd að mínu mati stærsta einstaka málið sem verður að skoða fyrir landbúnaðinn í heild í komandi viðræðum. Tollverndin er þýðingarmikil fyrir svína- og alifuglaeldi og eggjaframleiðslu í landinu og líka kúa- og garðyrkjubændur.

Tollverndin þarf að virka þar sem henni er beitt. Það gerir hún ekki í dag því hún hefur rýrnað verulega undanfarin ár vegna stækkandi tollkvóta, aukinna opinna tollkvóta



Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, formaður Bændasamtaka Íslands.

Mynd / HKr.



Svartárkot í Bárðardal.

auk þess sem tollar bundnir við fasta krónutölu hafa margir verið óbreyttir í nærri aldarfjórðung. Þetta þarf að að ræða við endurskoðunina.“

Bændur þurfa að þetta raðirnar

„Að mínu mati er gríðarlega mikilvægt að við bændur þéttum raðirnar og stöndum saman sem einn í þeim áskorunum sem fram undan eru þegar til stendur að stórauka innflutning. Við erum svo fá en við búum í frábæru landi sem býður upp á óteljandi möguleika. Þrátt fyrir að Íslendingar séu lítil þjóð og ekki nema þriðjungur af því sem þarf til að ná borgarmörkum víðast erlendis höfum við unnið stór afrek á mörgum sviðum.

Landbúnaður á Íslandi er einstakur á heimsvísu hvað gæði og



Eiginmaðurinn Hlini Jón Gíslason og Guðrún Sigríður Tryggvadóttir í stóðréttum.

Mynd / úr einkasafni.

hreinleika varðar, hér er lyfjanotkun í landbúnaði í lágmarki og heilsufar

búfjár einstaklega gott. Þessi staða er ekki sjálfgefin og nánast einstök

í heiminum og gríðarlega mikilvægt að viðhalda og standa vörð um hana.

Við erum ekki hrædd við samkeppni sé hún á þeim grundvelli að við fáum að keppa við vörur sem framleiddar eru við sambærilegar aðstæður, hvað varða til dæmis sýklalyfjanotkun, varnarefnanotkun, dýravelferð auk aðbúnaðar og réttinda starfsfólks. Við erum ekki hrædd við að keppa við landbúnaðarafurðir sem ræktaðar hafa verið með hreinu vatni og í jarðvegi sem stendur sambærilega og okkar. Við viljum leita allra leiða til að standa vörð um þá auðlind sem felst í heilbrigðum búfjárstofnum og þeim hreinleika sem íslenskar landbúnaðarafurðir búa yfir í dag.

Það er að sjálfsgöðu ekkert vit í að taka okkur til fyrirmyndar lönd þar sem sýklalyfjanotkun og þar af leiðandi sýklalyfjaónæmi er margfalt meiri en hér og draga sjálf okkur niður á það plan. Hvers konar hugsun er það?“

Fjárbúskapur og fræðsla

Guðrún er fædd 1971 og alin upp í Svartárkoti í Bárðardal, þar sem foreldrar hennar bjuggu og hún býr í dag ásamt eiginmanni sínum, Hlina Jóni Gíslasyni. Jörðin er tvíþýli þar sem þar býr einnig Sigurlína, systir Guðrúnar, ásamt fjölskyldu sinni.

Börn Guðrúnar og Hlina eru Hafrún Huld, Tryggvi Snær, Elín Heiða og Gísli Berg.

„Við búum með 360 kindur auk þess sem við erum í ferðaþjónustu sem er að mestu í umsjón mágs míns



Fjölskyldan í Svartárkoti talið frá vinstri: Hlini Jón Gíslason og fyrir framan hann er Gísli Berg. Þá kemur Elín Heiða, Hafrún Huld, Sunneva Dögg (tengdadóttir), Tryggvi Snær og Guðrún Tryggvadóttir. Mynd / Úr einkasafni.

og systur. Auk þess erum við með fræðasetur, Svartárkot menning – náttúra, en þar stöndum við fyrir ýmiss konar námskeiðahaldi um tengls manns og náttúru í víðum skilningi fyrir háskólanema, einkum erlenda, í samstarfi við Viðar Hreinsson bókmenntafræðing og fjölda annarra fræðimanna hér heima og erlendis.

Við erum einnig með matarvinnslu þar sem við erum meðal annars að reykja silung og selja.“

Félags- og trúnaðarstörf

Guðrún segir að upphafið að þátttöku hennar í félagsmálum bænda hafi ekki verið undirbúið. „Ég fékk árið 2011 símtal þar sem ég var spurð hvort ég væri til að gefa mig fram í stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga. Það vantaði konu. Akkúrat á þeim tímapunkti var ekki allt of mikið að gera og ég sagði já án þess að vera viss um að það yrði meira úr því. Tveimur árum seinna var ég orðin formaður sambandsins og árið 2018 bauð ég mig fram í stjórn BÍ og hlaut kosningu.

Ég var að sjálfsögðu alveg blaut á bak við eyrun og reynslulaus hvað varðar félagsstarf bænda þegar ég settist í stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga á sínum tíma en hef lært mikið og öðlast reynslu síðan þá sem á eftir að gagnast mér sem formaður BÍ.“

Sjálfbodaliði á sjúkrabíl í New York

Guðrún gekk í Barnaskóla Bárðdæla fyrstu sex skólaárin en lauk grunnskóla í Stórutjarnaskóla. Því næst lá leiðin í Framhaldskólann á Laugum þar sem hún var í tvo vetur en kláraði svo námið við Verkmenntaskólann á Akureyri. „Eftir að hafa lokið stúdentsprófi tók ég námshlé og fór til Bandaríkjanna. Þar starfaði ég meðal annars sem sjálfbodaliði á sjúkrabíl í Scarsdale í New York-riki sem mér þótti mjög áhugavert starf. Síðan kom ég heim og tók eitt ár í hjúkrun áður en ég skipti yfir í kennaranám sem ég lauk frá Háskólanum á Akureyri og kenndi við grunnskóla í nokkur ár.

Ég var ekkert endilega á leiðinni í sveitina og satt best að segja ákvað

ég ekki að verða bóndi fyrr en ég kynntist manninum mínum, eða þá lá það endanlega fyrir.“

Forréttindi að búa á Íslandi

Guðrún segir að hún líti svo á að tækifærin í íslenskum landbúnaði séu endalaus og að það séu forréttindi að búa á Íslandi. „Aðstæðurnar eru samt sem áður brothættar og við verðum að gæta þess að glata þeim ekki. Þess vegna er svo þýðingarmikið fyrir bændur að standa saman. Það er svo miklu líklegra til árangurs að sameina krafta sína í stað þess að berjast í mörgum fylkingum og á mörgum vígstöðvum í einu.

Ég tel að við þurfum að nýta fjármuni og mannaúð sem er í félagskerfi bænda betur. Tekjur félaganna hafa minnkað eftir að búnaðargjaldið var lagt af og það er vandi sem við erum að kljást við. Af þeim sökum einum er nauðsynlegt að einstök félög vinni betur saman og jafnvel sameinist. Með því getum við unnið með mun skilvirkari hætti að bættum hag bænda. Við erum einfaldlega sterkari saman.“



Mótorar og varahlutir á lager Hröð og góð þjónusta Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

Styrkir til þróunarverkefna í nautgriparækt, sauðfjarrækt og garðyrkju

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til rannsókna og þróunarverkefna í nautgriparækt, sauðfjarrækt og garðyrkju samkvæmt reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018.

Í nautgriparækt eru þau verkefni styrkhæf sem talin eru styrkja íslenska nautgriparækt og fela í sér rannsóknir og þróunarverkefni.

Í sauðfjarrækt eru hver þau verkefni styrkhæf sem talin eru styrkja íslenska sauðfjarrækt og falla undir það að vera kennsla, rannsóknir, leiðbeiningar og/eða þróun í sauðfjarrækt.

Í garðyrkju eru styrkhæf -ráðgjafarverkefni, kynningarverkefni, rannsókn- eða tilraunaverkefni, vöruþróunarverkefni og endurmenntunarverkefni.

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á www.fl.is/prounarfé. Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna

Umsóknum skal skilað til **Framleiðnisjóðs landbúnaðarins**, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: umsókn um þróunarfé.

Umsóknarfrestur er til 1. apríl n.k.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sjóðsins í síma 430 4300 og á netfangið thorhildur@fl.is.



Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300

FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?



Glæsilegur og vel útbúinn pallbíll með 3,0 lítra, 258 hestafla, V6 dísilvél, 580 Nm tugi, sjálfvirkum vélarhitara, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara, Xenon/led aðalljósum og 18" álfelgum.

Volkswagen Amarok
verð frá **8.290.000 kr.**

Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarými og aðstoðarkerfi.

Volkswagen Crafter
verð frá **6.220.000 kr.**

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.

Volkswagen Caddy
verð frá **2.870.000 kr.**

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnubjark. Fullkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.

Volkswagen Transporter
verð frá **4.590.000 kr.**

Atvinnubílar



Ásta Stefánsdóttir var ráðinn sveitarstjóri Bláskógabyggðar eftir kosningarnar á síðasta ári:

„Gaman að finna kraftinn í samfélaginu“

– Mikill uppgangur í sveitarfélaginu og boðið upp á fríar máltíðir fyrir leik- og grunnskólabörn frá síðustu áramótum

Bláskógabyggð er sveitarfélag í uppsveitum Arnessýslu, sem varð til í júní 2002 við sameiningu þriggja sveitarfélaga, Biskupstungnahrepps, Laugardalshrepps og Þingvallahrepps.

Nafn sveitarfélagsins er fengið að láni úr Þingvallasveit og tengist birkinu og bláma vatnsins. Eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar var auglýst eftir nýjum sveitarstjóra í Bláskógabyggð og var Ásta Stefánsdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Árborg, ráðin í starfið. Ásta, sem er búset á Selfossi, svaraði nokkrum spurningum um sig, starf sveitarstjóra og segir okkur frá helstum framkvæmdum og fréttum úr sveitarfélaginu.

Kraftur í samfélaginu

„Já, ég er búin að starfa hér í um sjö mánuði og er enn að læra nýja hluti og kynna nýju fólk. Mér hefur verið mjög vel tekið, bæði af starfsmönnum sveitarfélagsins, sveitarstjórnar- og nefndafólki og íbúum. Ég kann mjög vel við mig í þessu starfi, þetta er mjög lifandi og fjölbreytt starf. Það er mjög gaman að finna kraftinn í samfélaginu hérna, það er mikil uppbygging á svæðinu. Það eru talsverðar framkvæmdir í gangi, svo sem í ferðaþjónustunni, hér standa líka yfir virkjanafarmkvæmdir, sveitarfélagið er að vinna að metnaðarfullum verkefnum og margir að sinna frumkvöðulsstarfi sem skilar sér margfalt út í samfélagið,“ segir Ásta, aðspurð um nýja starfið og um það helsta sem væri að gerast í sveitarfélaginu.

Samhentur stjórnendahópur hjá Árborg

Ásta byrjaði að vinna í Ráðhúsi Árborgar haustið 2006, sem bæjarritari. Árin hennar voru því tæplega 12, fjögur sem bæjarritari og átta ár sem framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, eða bæjarstjóri.

„Það var mjög annasamt starf, en líka bæði skemmtilegt og gefandi. Það var farið í mikla hagræðingu hjá Árborg eftir kosningarnar 2010 og stöðugildum millistjórnenda og sérfræðinga fækkað talsvert. Stjórnendahópurinn hjá Árborg var mjög samhentur, hafði mikla þekkingu á sveitarfélaginu og starfsemi þess, og það gerði það að verkum að það var hægt að reka þetta stórt sveitarfélag með tiltölulega fáum yfirmönnum,“ segir Ásta um leið og það kemur fram hjá henni að starfið í Bláskógabyggð er ekki allt öðru vísi en starfið hjá Árborg, sveitarfélögin séu í grunninn öll að sinna sams konar verkefnum og veita þjónustu á sömu sviðum.

„Ég finn þó aðeins mun á málaflokkum eins og t.d. félagsþjónustunni. Bláskógabyggð sinnir félagsþjónustu í byggðasamlagi ásamt nokkrum öðrum sveitarfélögum, þannig að sem sveitarstjóri verð ég ekki mikið vör við þau mál sem heyrja þar undir, svona dagsdaglega, en hjá Árborg komu mál tengd félagsþjónustu oft inn á mitt borð.“

25% íbúa með erlendi ríkisfang

Íbúar í Bláskógabyggð voru 1.115 um síðustu áramót, fyrir fimm árum síðan voru þeir 897, þannig að fólkinu fjölga smátt og smátt í sveitarfélaginu. Hlutfall íbúa með erlenti ríkisfang er nokkuð hátt, eða um 25%. Ástæðan er sú að það er mikið af erlendu starfsfólki í ferðaþjónustunni og garðyrkjunni.



Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, sem kann vel við sig í nýja starfinu. Hún segir að sér hafi verið mjög vel tekið, bæði af starfsmönnum sveitarfélagsins, sveitarstjórnar- og nefndafólki og íbúum. Hér er hún með Héraðsskólann á Laugarvatni í baksýn. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Skortur á leiguhúsnæði

Ásta er næst spurð um húsnæðismálin, hvornig staðan sé í þeim málaflokki í Bláskógabyggð.

„Eins og mjög víða annars staðar er skortur á leiguhúsnæði. Leigufélög eiga íbúðir í sveitarfélaginu og nokkur af stærri ferðaþjónustufyrirtækjunum hafa byggt þó nokkuð af íbúðum fyrir sitt starfsfólk. Sveitarfélagið á líka leigubúðir sem það nýtir fyrir sitt starfsfólk, einnig á það nokkrar félagslegar leigubúðir og íbúðir fyrir eldri borgara.“ Hún segir að rekstraráðilar Hótel Geysis séu að byggja íbúðir í Reykholti, Friðheimar eru með húsnæði fyrir starfsfólk og Fontana á Laugarvatni einnig, svo dæmi séu nefnd.

„Eins og kom fram hér fyrir ofan þá er mjög hátt hlutfall íbúa í Bláskógabyggð með erlenti ríkisfang. Sumt af því fólk stöppar ekki mjög lengi við, en það er ánægjulegt hve margir hafa fest hér rætur og jafnvel keypt sér húsnæði,“ segir Ásta. Þá má taka fram að í sumar stendur til að byrja að leggja nýja götu í Reykholti, þar sem nokkrar íbúðarhúsalóðir verða í boði. Það er

verið að staðfesta nýtt deiliskipulag um þessar mundir fyrir þéttbýlið í Reykholti og ráðist verður í hönnun nýju götunnar um leið og skipulagið hefur verið staðfest. Á Laugarvatni eru lausar lóðir, en hluti þeirra er á svæði þar sem jarðvegsaðstæður eru ekki sem heppilegastar. Vinna er um það bil að hefjast við endurskoðun á deiliskipulagi þorpsins og verður hugað að lóðaframboði í þeirri vinnu.

Fríar skólamáltíðir

Bláskógabyggð rekur grunn- og leikskóla bæði á Laugarvatni og í Reykholti. Nemendur í Bláskógaskóla í Reykholti eru 86. Á Laugarvatni eru leikskóli og grunnskóli reknir saman og eru þar alls 73 börn. Sveitarfélögin í Arnassýslu utan Árborgar reka sameiginlega skólajónustu, þar sem sinnt er m.a. kennsluráðgjöf og talmeinaþjónustu, einnig er samstarf um stöðugildi námsráðgjafa. Í skólum sveitarfélagsins er mikill metnaður fyrir góðu skólustarfi. Ásta segir að börn í leik- og grunnskólum fái skólamáltíðir án endurgjalds.

„Já, sveitarstjórn tók þá ákvörðun í

vetur að hætta að rukka fyrir máltíðir og með því er tryggt að börn fái hollan og góðan mat á skólatíma, óháð efnahag.“

Nýr leikskóli fyrir 60 börn

Leikskólastarf er í miklum blóma í Bláskógabyggð en leikskólabörnum hefur fjölgað mikið og því var ákveðið að ráðast í byggingu á nýjum leikskóla í Reykholti.

„Nýja húsið mun rúma um 60 börn, en nú eru leikskólabörn í Reykholti 27 talsins. Meðan á byggingu nýja hússins stendur höfum við fengið pláss fyrir nokkur leikskólabörn í nágrennasveitarfélögunum. Nýi leikskólinn verður þriggja deilda, alls um 550 fermetrar og verður tekinn í notkun um miðjan október. Verkið var boðið út í tvennu lagi og nú stýttist í að fyrri áfangi ljúki. Við hönnun hússins var mikil áhersla lögð á að húsið væri hagkvæmt í uppbyggingu og rekstri og hentaði vel þeirri starfsemi sem það er ætlað til. Fulltrúar sveitarfélagsins unnu þétt með VA arkitektum og Verkis að hönnun hússins. Þetta samstarf gafst vel og það er líka sérlega ánægjulegt að það hefur afar lítið

borið á svokölluðum aukaverkum það sem af er framkvæmdum,“ segir Ásta.

Fleiri vinnufúsar hendur óskast

Þegar talið berst að atvinnumálum í Bláskógabyggð kemur fram hjá Ástu að það sé frekar að það sé skortur á starfsfólki heldur en hitt.

„Mest hefur aukning í störfum verið í kringum ferðaþjónustuna, en einnig starfa margir í garðyrkju. Margir starfa einnig við skóla sveitarfélagsins og Menntaskólann á Laugarvatni. Þá eru einnig mörg þjónustufyrirtæki í sveitarfélaginu og eins og annars staðar eru næg verkefni fyrir iðnaðarmenn. Það hefur ekki verið auðvelt að manna leikskóla sveitarfélagsins, en við höfum getað mannað stöður í grunnskólunum eftir þörfum.“

Lífrænn úrgangur flokkaður

Bláskógabyggð, eins og önnur sveitarfélög á Suðurlandi, leggur mikla áherslu á sorpmálin og flokkun á sorpi.

„Já, við erum að hefja flokkun á lífrænum úrgangi núna í mars. Íbúar fá fjórðu sortunnuna til að hafa við heimili, fyrir var flokkun á pappír og plasti. Sveitarfélagið hvetur íbúa jafnframt til að flokka gler og málma og skila á eitthvert þriggja gámasvæða í sveitarfélaginu. Aukin flokkun hefur verið innleidd í skrefum, ástæða þess að við erum að fara út í enn meiri flokkun núna er sú að það eru vandræði með urðunarstað fyrir sorp frá Suðurlandi og það mun hafa í för með sér talsverðan kostnaðarauka, því flytja mun þurfa sorp um talsverðan veg til að koma því til meðhöndlunar,“ segir Ásta og bætir við: „Um leið og við hvetjum fólk til að vera duglegt að flokka til að halda kostnaði í lágmarki þá er auðvitað líka verið að stuðla að minni mengun og það græða því allir á þessu. Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur hafa staðið sameiginlega að útboðum í sorphirðu og eru samstiga í því að taka upp lífræna flokkun nú. Með þessari breytingu komast þessu



Haldið var upp á 20 ára afmæli Bláskógabyggðar 9. júní 2017 en þá heimsóttu forsetahjónin, Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Ried, sveitarfélagið þar sem boðið var upp á glæsilega dagskrá allan daginn. Hér er Halldór Páll Halldórsson, skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni að ræða við Guðna og Elizú.

sveitarfélög í fremstu röð hvað varðar sorpflokkun á upprunastað. Það má kannski geta þess að Bláskógabyggð er í samstarfi með nokkrum nágrannasveitarfélögum varðandi verkun á seyru úr rotróm, en það er mjög flott verkefni og umhverfisvænt.“

Ekki stemning fyrir sameiningu

Bláskógabyggð er sameinað sveitarfélag, sem varð til árið 2002 við sameiningu þriggja sveitarfélaga í eitt, það voru Biskupstungnahreppur, Laugardals-hreppur og Þingvallasveit.

Ásta segir ekki mikla umræðu um sameiningarmál og reiknar ekki með að það verði miklar sameiningar sveitarfélaga í Árnassýslu á allra næstu árum.

„Það var farið í heilmikla vinnu 2017–2018 við að skoða kosti og galla þess að sameina alla sýsluna í eitt sveitarfélag, en mér finnst eins og andrúmsloftið eftir síðustu kosningar sé þannig að það sé ekki líklegt að það verði einhver sameiningarhrina. Rétt er þó að hafa í huga að ráðherra sveitarstjórnarmála hefur lagt áherslu á sameiningar og innan tíðar verða kynntar tillögur sem hafa fengið umfjöllun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga varðandi framlög til sveitarfélaga sem geta virkað sem hvatning til sameiningar í ákveðum tilvikum,“ segir Ásta.

Ungmenna- og tómskundabúðir á Laugarvatni

Laugarvatn er eitt af þorpunum í Bláskógabyggð þar sem alltaf eitthvað nýtt er að gerast. Ásta er stolt af því verkefni. „Já, það er mjög áhugavert verkefni að fara af stað í húsinu sem áður hýsti gömlu heimavist íþróttakennarskólans, en þar mun UMFÍ opna ungmenna- og tómskundabúðir næsta haust. Sveitarfélagið leigir UMFÍ húsið og er nú verið að vinna á fullu við endurbætur á því til að geta tekið við um 80 grunnskólabörnum í viku hverri næsta vetur. Með þessu verður líka betri nýting á íþróttamannvirkjum Bláskógabyggðar á Laugarvatni og vonandi skapast tækifæri til að nýta húsakynninn um helgar, t.d. fyrir æfingabúðir íþróttfélaga.“ Þá má geta þess að nýlega var líka sett á stofn rannsóknarsetur um sveitarstjórnarmál á Laugarvatni en það er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, auk þess sem þar er aðsetur



„Tvær úr tungunum“ er skemmtileg sveitahátíð sem haldin er í Bláskógabyggð á hverju sumri. Hér er Helgi Kjartansson, núverandi oddviti, að reyna sig í mjólkurbrúsaþraut 25. ágúst 2012.



Fimmtudaginn 7. mars síðastliðinn var stór stund á Laugarvatni en þá skrifuðu oddviti Bláskógabyggðar, Helgi Kjartansson (t.v.) og Haukur Valtýsson, formaður Ungmennafélags Íslands, undir 10 ára samning um starfsemi ungmenna og tómskundabúða UMFÍ á Laugarvatni. Búðirnar voru áður á Laugum í Sælingsdal í 14 ár en samningurinn var útrunninn og ákvað UMFÍ að færa starfsemi á Laugarvatn.

Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi, sem hefur rannsóknir á landnotkunarmálum að meginviðfangsefni.

„Það skiptir miklu máli að hafa þessa starfsemi og vonandi getur byggt meira upp í kringum þetta. Það er líka svolítið um það að

sjálfstætt starfandi sérfræðingar nýti skrifstofuástöðu hjá Háskólanum og eykur það enn frekar fjölbreytnina,“ segir Ásta.

Ferðamönnum fækkar ekki

Ferðabjónusta er Bláskógabyggð mjög mikilvæg enda er sveitarfélagið með fjölmennustu ferðamannastaði landsins hjá sér eins og Gullfoss, Geysi, Þingvelli, Skálholt, Friðheima og fleiri staði. Hvernig er staðan í greininni að mati Ástu?

„Ég held að þó svo að það kunnist að draga úr fjölgun ferðamanna, eða þeim fækka eitthvað, þá verði þetta svæði áfram eitt af þeim sem flestir ferðamenn sækja heim. Hér á svæðinu virðist ekki vera fækkun ferðamanna í janúar í ár miðað við janúar í fyrra. Ferðabjónustan er mjög mikilvæg fyrir samfélagið hérna, bein og afleidd störf eru gríðarlega mörg. Íbúar eru yfirleitt sáttir við ferðamannastrauminn, þeir vita að ferðabjónustan hefur mikil áhrif á atvinnulífið. Það er helst að þessi gifurlega mikla aukning á umferð á vegunum hérna valdi fólki áhyggjum.“

Margar einbreiðar brýr

Á síðasta ári var gert heilmikið átak í að laga vegi sem voru algerlega að niðurlotum kommir í Bláskógabyggð. Á næstunni hefjast svo framkvæmdir við Reykjavegin, sem er mikilvæg samgönguátt, sem tengir byggðirnar í uppsveitunum.

„Við fögnum þessu, en það er svo margt annað sem þarf að laga. Það eru til dæmis margar einbreiðar brýr í sveitarfélaginu, og sú umferðarmesta á landsvísu eru á Tungufljóti á milli Gullfoss og Geysis. Það væri ekki mikill vandi að eyða einhverjum milljörðum í vegabætur hér í uppsveitunum.“

Vilja ekki þjóðgarð á miðhálandinu

Nú berst tal okkar Ástu að hugmyndum um þjóðgarð á miðhálandinu, sem hafa verið kynntar, þar kæmi Bláskógabyggð að málum. Hvernig líst henni og íbúum sveitarfélagsins á hugmyndina?

„Það verður að segjast eins og er að við erum ekki mjög hrifin af þessum áformum. Bændur hér um slóðir hafa lagt mikinn metnað í að huga vel að afréttinum sínum. Þeir hafa t.d. unnið að uppgræðslu um árabíl, kortlagt og merkt reiðleiðir, allt í sjálfbodavinnu, og óttast það að miðstýring „að sunnan“ verði

ekki til góðs fyrir svæðið. Það hefur líka ekki verið að öllu leyti góð reynsla af fyrirkomulaginu í Vatnajökulsþjóðgarði og ekki fýsilegt að taka það upp fyrir svona gríðarlega stórt svæði, allt að 40% af flatarmáli Íslands, ef hugmyndir ná fram að ganga.“

Sveitastelpa alin upp í sveit

Ásta er alin upp í sveit því foreldrar hennar búa á Vestri-Grund, rétt austan við Stokkseyri, og þar bjuggu líka föðurforeldrar hennar en þau voru með blandaðan búskap, en nú er þar sauðfjárbúskapur.

„Móðurforeldrar mínir bjuggu á Löngumýri á Skeiðum og þangað var ég sveitastelpa send í sveit, þar var líka blandaður búskapur og útiræktun, ræktað grænmeti og sumarblóm. Afi keypti garðyrkjustöð við Selfoss þegar ég var tæpra 10 ára, og ég hætti þá að fara í sveit að Löngumýri, en vann hjá honum á sumrin og í páskafríum,“ rifjar Ásta upp. Hún segist vera búin að hitta marga bændur í nýja starfinu og á eftir að hitta fleiri, það sé mikilvægt fyrir samfélag eins og í Bláskógabyggð að landbúnaðurinn sé öflugur.

„Svo er það líka mikilvægt fyrir okkur öll sem búum í þessu landi að hér séu framleiddar heilnæmar landbúnaðarvörur,“ segir hún.

Fullt af tækifærum fram undan

Að lokum er Ásta spurð hvernig sumarið leggist í hana og íbúa Bláskógabyggðar?

„Við erum mjög bjartsýn, sjáum fullt af tækifærum fram undan. Eitt af því sem er á döfinni í sumar er að hefja lagningu á ljósleiðara. Við erum reyndar með mörg verkefni á framkvæmdaætlan hjá sveitarfélaginu, til dæmis er fram undan talsverð fjárfesting hjá öllum veitum sveitarfélagsins, auk gatnagerðar sem áður er getið og leikskólabýggingarinnar. Við munum líka fara í talsvert átak í frágangi göngustíga og sinna viðhaldi fasteigna. Áætluð nettó fjárfesting í innviðum sveitarfélagsins á árinu 2019 er fyrir um 488 milljónir króna, sem gerir um 437 þúsund á íbúa. Það er mun herra en í nokkru sveitarfélagi í Árnassýslu, flest eru með fjárfestingar fyrir um 115–195 þúsund á íbúa, nema Árborg sem áætlað að fjárfesta fyrir um 240 þúsund á íbúa, sem er þó nærri tvöfalt lægra en Bláskógabyggð. Það verður því í nógu að snúast hjá okkur.“ /MHH

Eigum á lager MultiOne 6.3 SD liðléttinga

Um er að ræða frábærar **fjölnotavélar með 1200 kg lyftigetunni** og möguleika á ýmsum aukahlutum.

Á **MultiOne 6.3 SD** situr stjórnandi í aftari hluta þessara lipru og sveigjanlegu véla.

Vélarnar afhendast með **skóflu, 184 kg aukaballest að aftan og taðgreip**.

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is** og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR



FURÐUVÉLAR & FARARTÆKI



RH400 beltgrafa hefur verið seld undir vörumerkinu Bucyrus einnig undir merkinu O&K og síðast Caterpillar.

Bucyrus RH400, stærsta vökvaknúna beltgrafa í heimi: Setti heimsmet og skóflaði upp 9.000 tonnum á einum klukkutíma

Stærsta vökvaknúna beltgrafa í heimi er Bucyrus RH400 sem nú heitir reyndar Caterpillar. Slíkar gröfur er meðal annars að finna við uppmokstur á olusandi í Alberta-ríki í Kanada. Þar setti ein slík grafa heimsmet í mokstri með því að moka upp 9.000 tonnum af olusandi á einni klukkustund.

Fyrirtækið Bucyrus hét upphaflega Bucyrus Foundry and Manufacturing Company og var stofnað í Ohio árið 1880. Fyrirtækið flutti svo höfuðstöðvar sínar til Suður-Milwaukee í Wisconsin árið 1893. Árið 1927 sameinaðist það fyrirtækinu Erie Steam Shovel Company og hét eftir það Bucyrus-Erie. Það skipti síðan aftur um nafn 1997 og hét þá Bucyrus International.

Árið 1930 sameinaðist fyrirtækið enska félaginu Ruston & Hornsby Ltd í Lincoln og úr varð Ruston-Bucyrus Ltd., en á bak við fjárfestinguna stóð Ruston&Hornsby Ltd. Það fyrirtæki seldi sig svo út úr Ruston-Bucyrus árið 1985 á miklu samdráttarskeiði hjá félaginu. Árið 1994 var fyrirtækið nánast komið í þrot og fór í eins konar greiðslustöðvun 18. febrúar það ár og var úrskurðað gjaldþrota 14. desember 1994.

Fyrirtækið var svo endurreist sem Bucyrus International Inc. árið 1997. Fyrirtækið átti í hörðum slag við helsta keppinautinn, Marion Power Shovel. Endaði það með því að Bucyrus International keypti Marion Power Shovel það sama ár.

Bucyrus yfirtók síðan DBT



Caterpillar eignaðist Bucyrus að fullu árið 2011.



Hún hentar sennilega ekki vel í eitthvert garðasnatt.

Group í Lunen í Þýskalandi í febrúar 2007.

Í febrúar 2010 lauk Bucyrus svo við yfirtöku á námuvelahluta Terex Corporation fyrir 1,3 milljarða dollara. Það var svo samþykkt 15. nóvember 2010 að selja fyrirtækið til Caterpillar fyrir 8,6 milljarða dollara. Því yfirtökuberli lauk um mitt ár 2011. Í framhaldinu var ákveðið að markaðssetja Bucyrus námuvinnsúvélarnar undir merkjum Caterpillar.



Þetta er sannarlega engin teskeið því skóflan tekur 94 tonn.

980 tonna flykki

Bucyrus RH400 er byggð fyrir mikla og stöðuga vinnu og myndi því varla henta í eitthvert garðasnatt. Enda eru beltin nærri 11 metrar á lengd, 2,94 á hæð og 2 metrar á breidd. Heildarlengd með gálga og skóflu í ystu stöðu er nálægt 23,6 metrar.

Heildarbreidd á vélinni er 9,07 metrar og hæð upp á þak stýrishús er 9,9 metrar. Venjulegur maður gætur hæglega athafnað sig undir vélinni því undir lægsta punkti er rúmlega 1,1 metri.

Skóflan tekur allt að 94 tonn í einu en skóflan er með því sem nefnt er samlokunhönnun þar sem losun fer fram með því að opna bakstykkið í skóflunni, en það flýttir verulega fyrir losun.


Vinnuþyngd Bucyrus RH400 er 980 tonn og þyngdarþrýstingur á jarðveg nemur 25,8 N/cm².

Beltgrafa þessi er knúin áfram af tveim 16 strokka mótorum sem skila samanlagt 4.500 hestöflum. Það dugar vel til bæði að keyra og snúa vélinni og til að knýja 14 vökvatjakkka. Í vökvakerfið fara 3.400 gallon af glussa, eða 12.886 lítrar, sem dygði ágætlega í litla sundlaug.

Vökvadælur vélarinnar eru bæði til í dísilknúinni útgáfu og rafknúinni. Sú dísilknúna dælir 4x975 lítrum á mínútu, en sú rafknúna dælir 4x992 lítrum á mínútu.

Eldsneytistankurinn tekur 15,1 tonn af dísilolíu.

Sjálfrvirkt smurkerfi er á vélinni sem sparar gröfustjóra ómælda vinnu. /HKr



UTAN ÚR HEIMI



Skipaskurðurinn sem um ræðir er rúmlega 88 kílómetra langur og auðveldi pólska sjóhernum aðgang að Balkanhafi.

Pólland: Skipaskurður grafinn í gegnum eina frumskóg Evrópu

Białowieża-skógur í Póllandi er síðasti upprunalegi frumskógur Evrópu. Undanfarnin ár hafa stjórnvöld í landinu staðið fyrir stórfelldu skógarhöggi í skóginum í þeim tilgangi að ryðja leið fyrir skipaskurð sem ætluð er fyrir pólska sjóherinn.

Að sögn náttúruverndarinnar er um hernað gegn landinu að ræða og að með sama áframhaldi fellinga skóga í Evrópu muni um 125 milljón tonn af koltvísýringi tapast út í andrúmsloftið fyrir árið 2030.

Skipaskurðurinn sem um ræðir er rúmlega 88 kílómetra langur og auðveldar pólska sjóhernum aðgang að Balkanhafi. Rússnesk stjórnvöld hafa mótmælt framkvæmdunum og sagt þau hvoru tveggja í senn ógna umhverfinu og vera stríðsbrölt.

Białowieża-skógur er friðaður samkvæmt reglum Evrópu-



Białowieża-skógur er friðaður samkvæmt reglum Evrópusambandsins.

sambandsins en stjórnvöld í Póllandi hafa til þessa hunsað ávitanir sambandsins vegna skógarhöggins og lönd í Evrópu haldið áfram að kaupa við og kol frá Póllandi. Stjórnvöld í Póllandi hafa einnig verið gagnrýnd fyrir að fella friðaða skóga víðar í landinu.

Svipaða sögu er að segja frá Rúmeníu og talið að skógarhögg þar í landi sé tvöfalt meira en opinberar tölur segja og öll lög um verndun skóga þverbrotin. /VH



Hvítar ólífur er sagðar sætari á bragðið en hefðbundnar ólífur og henti því betur til átu en til olíugerðar.

Perlur Möltu:

Hvítar ólífur

Áhugi á staðbundnum yrkjum er sífellt að aukast og vilji til að halda þeim við vex ár frá ári. Gamalt yrki af hvítum ólífum sem var þekkt og eftirsótt við hirðir í Evrópu á miðöldum er nú orðið eftirsótt aftur.

Í dag eru hvítar ólífur að mestu bundnar við staðbundna ræktun á eyjunni Möltu. Algengasta yrkið kallast 'bajada' og er mun sætara en venjulegar ólífur og hentar því betur til átu en olíugerðar.

Talið er að hvítar ólífur hafi orðið til við stökkbreytingu þannig að aldin ólífutrjáa hafi hætt að framleiða grænuhorn og ræktendur tekið greinar af þeim trjám og grætt á venjuleg ólífutré til áframræktunar. Heimildir eru um að tré með hvítum ólífum hafi auk Möltu vaxið á

Grikklandi, Ítalíu og Norður-Afríku en að þær hafi verið minni en á Möltu. Talið er að hvítar ólífur hafi borist til Möltu frá Ítalíu á miðöldum og þá hugsanlega sem skrautplanta.

Sagt er að fyrr á öldum hafi hvítar ólífur verið eftirsóttar í hirðveislum miðaldaaðalsins í Evrópu og að franskur læknir hafi haft atvinnu af því að ferðast milli halla- og klausturgarða og græða greinar af trjám sem gáfu af sér hvítar ólífur á hefðbundin ólífutré. Einnig segir sagan að olía hvítar ólífa hafi verið eftirsótt sem smurningsolía við kirkjulegar athafnir.

Uppi eru hugmyndir um að reyna ræktun á hvítum maltverskum ólífum víðar um heim, til dæmis suðurrikjum Bandaríkjanna og Nýja-Sjálandi. /VH



Átaksverkefni Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins:

Gríptu boltann!

Sigríður Ólafsdóttir
Búrekstur, hlunnindi og nýsköpun
so@lbhi.is



Þekkt er að almenn áhrif afkomu í sauðfjárrækt er mismunandi á milli landshluta. Í kjölfarið á verðfalli sauðfjárafurða haustin 2016–2017 ákvað stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, að fara af stað með átaksverkefni til stuðnings nýsköpunar í sveitum. Verkefnið hófst á vormánuðum árið 2018 og í ágúst voru haldnir fjórir hvatningarfundir; á Norðurlandi vestra, á Ströndum og í Dölum.

Aðalfyrirlesari fundanna var Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari í handbolta. Hélt hann erindi sem ber yfirskriftina „Leiðin til sigurs“ og er óhætt að segja að erindið hafi mælst vel fyrir miðað við viðbrögð gesta á öllum fundunum, enda er það jákvætt og mjög uppbyggilegt. Að auki voru fengnir til leiks reynsluboltar í þróun og sölu afurða og þjónustu beint frá

býli, sem miðluðu af reynslu sinni varðandi þróun og markaðssetningu vara og þjónustu. Stefánía Hjördís Leifsdóttir frá Brúnastöðum í Fljótum hélt erindi á fundum í Víðihlíð og Sævangi, Þorgrímur E. Guðbjartsson frá Erpsstöðum í Dölum hélt erindi í Dalabúð og Matthías Lýðsson frá Húsavík á Ströndum hélt erindi í Höfðaborg.

Þegar unnið er með vörur ýmiss konar og þá ekki hvað síst matvöru, er mikilvægt að stunda stöðuga vörubrúun til að mæta sem best þeim þörfum sem neytendur hafa hverju sinni. Þegar svona árar er mikilvægara en nokkru sinni að styðja við hvers kyns vörubrúun og nýsköpun, sem bændur geta nýtt sér til að auka verðmætasköpun á jörðum sínum og þar með til að styrkja rekstrargrundvöll og áframhaldandi búsetu í sveitum. Jafnframt þurfa bændur að leita allra leiða og nýta eins vel og kostur er þann stuðning sem er í boði til framþróunar.

Dagana 19.–21. mars verður ráðist í annan hluta verkefnisins og snýr hann að svipuðum fundahöldum á Norðaustur-, Austur- og Suðausturlandi.

Haldnir verða 6 fundir á eftirfarandi stöðum:

- 19. mars kl. 13.00 **Ýdalir í Aðaldal**
- 19. mars kl. 20.00 **Svalbarðsskóli, Pistilfirði**
- 20. mars kl. 13.00 **Valaskjálfi, Egilsstöðum**
- 20. mars kl. 20.00 **Hótel Bláfell, Breiðdalsvík**
- 21. mars kl. 13.00 **Hótel Smyrlabjörg, Suðursveit**
- 21. mars kl. 20.00 **Hótel Kirkjubæjarklaustur**

Aðalfyrirlesari er sem fyrr Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari og honum til fulltingis verða gestafyrirlesarar sem koma til með að miðla sinni reynslu af nýsköpunarverkefnum.

Fundirnir verða öllum opnir og eru sem flestir hvattir til að mæta. Frekari upplýsingar um fundina og verkefnið í heild má nálgast hjá Sigríði Ólafsdóttur, verkefnisstjóra og ráðunauti hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300

Aðalfundur og árshátíð Landssambands kúabænda 2019

verða haldin dagana 22.–23. mars á Hótel Sögu í Reykjavík. Hefðbundin aðalfundarstörf verða á föstudagsmorgninum en eftir hádegi hefst Fagþing nautgriparæktarinnar. Laugardagskvöldið 23. mars verður árshátíð LK þar sem kúabændur og velunnarar munu gleðjast og skemmta sér saman.

Dagskrá Fagþings nautgriparæktarinnar

12:30	Setning Fagþings
12:35	Verðlaun fyrir bestu nautin í árgöngum 2011 og 2012
12:50	Skýrsluhald í nautakjötsframleiðslu
13:10	Nýtt erfðaeftir til kjötframleiðslu
13:25	Sæðingaaðstaða fyrir holdakýr
13:50	Mælidagalíkan fyrir afurðauðhald og efnahlutföll
14:05	Áhrif mælidagalíkans á nautaval
14:20	Skyldleikarækt og áhrif hennar á afurðir í íslenska kúastofninum
14:35	Erfðamengisúrval, skyldleiki íslenska kúastofnsins við önnur kyn og niðurstöður ætternisgreininga
14:55	Kaffihlé
15:15	Hagrænt vægi eiginleika
15:40	Skýrsluhald í mjólkurframleiðslu og norræn samvinna við gagnaöflun
16:00	Fyrirspurnir og ráðstefnuslit

Árshátíð LK í Súlnasal Hótel Sögu laugardaginn 23. mars

Forréttur: Skelfiskssúpa, saffran, íslensk hörpuskel & söl.

Aðalréttur: Íslensk nautalund, kartöflu fondant, grísasiða & rauðvínssósa.

Eftirréttur: Súkkulaðifrauð, ástríðuávöxtur & jógúrtsorbet.

✓ Húsið opnar kl. 19:00

✓ Veislustjórn í höndum skemmtikraftanna Jóels Sæmundssonar og Tryggva Rafnssonar

✓ Óvænt skemmtiatriði

✓ Hjómsveit heldur uppi fjörinu fram eftir nóttu

Miðaverð er 8.900 kr. fyrir félagi LK og 9.900 fyrir aðra. **Miðpantanir í síma 563 0300.** Tekin hafa verið frá herbergi á Hótel Sögu í síma 525 9900. Taka þarf fram við pöntun að viðkomandi sé á vegum LK. Vegna mikillar ásóknar í gistirými er árshátíðargestum bent á að hafa hraðar hendur við að panta gistingu. **Frekari upplýsingar eru á naut.is**



LANDSSAMBAND
KÚABÆNDA

ChitoClear

Íslenskt hugvit, hráefni & framleiðsla

Íslenskt sárasprey fyrir öll dýr, stór og smá

Fæst hjá dýralæknum og í hesta- og búvöruverslunum um allt land

- Mjög græðandi og bakteríudrepandi
- Hefur reynst vel við hnjóskum á hrossum
- Myndar filmu og verndar sár
- Dregur úr blæðingu

primex
www.primex.is
s. 460 6900

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ISLANDS

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata

GRAMMER

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Lely Center Ísland

SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til stuðnings við nýsköpun, vörubrúun, kynningar- og markaðsstarf til stuðnings íslenskri sauðfjárrækt. Sjá nánar inn á heimasíðu sjóðsins www.fl.is, undir markaðssjóður/verklagsreglur.

Styrkþegar geta verið einstaklingar, hópar, félög, samtök, rannsóknarstofnanir, háskólar eða fyrirtæki. Styrkhæf eru þau verkefni sem talin eru styrkja íslenska sauðfjárrækt og falla undir það að teljast nýsköpun, vörubrúun, kynningar- eða markaðsstarf.

Umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- Listi yfir þá sem eiga aðild að verkefninu.
- Yfirlit um tilgang og markmið verkefnis
- Tímaáætlun verkefnisins og upplýsingar um helstu áfanga þess.
- Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
- Upplýsingar um hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar eða nýttar.

Umsóknarfrestur er til 1. apríl n.k.

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á www.fl.is/markaðssjóður. Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna.

Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: Markaðssjóður.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sjóðsins í síma 430 4300 og á netfangið thorhildur@fl.is.

fl Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Sesamolía, ljós og dökk fræ.

Sesam, 1001 nótt og smjörliki

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Sesam er talin fyrsta plantan sem maðurinn tók til ræktunar til framleiðslu á matarolíu. Fræin eru notuð í bakstur og úr þeim er unnin olía sem mikið er notuð í austurlenskri matargerð. Sagt er að fólk sem virðist hjálplegt í fyrstu en eigingjarnt þegar á reynir sé eins og sesamfræ án olíu.

Samkvæmt tölum FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, var heimsframleiðsla á sesamfræjum rúmlega 6,1 milljón tonn árið 2016 en var 2,5 milljón tonn árið 1985. Árið 2016 var framleiðslan mest í Tansaníu, ríflega 940 þúsund kíló, Mjanmar, sem áður kallaðist Burma, var í öðru sæti og framleiddi rétt tæp 813 þúsund kíló og Indland var í þriðja sæti með tæp 800 þúsund kíló. Í fjórða til sjötta sæti voru Súdan, Kína og Nígería með um 721, 638 og 461 þúsund tonna framleiðslu af sesamfræi árið 2016.

Stærstu framleiðendur sesamfræja eru jafnframt stærstu útflytjendur þeirra auk þess sem talsvert er flutt út frá Eþíópíu og Mexíkó. Japan er það land í heiminum sem mest flytur inn af sesamfræjum og Kína fylgir þar á eftir. Jafnframt því að flytja inn mikið af sesamfræjum flytur Kína talsvert út af fræjum sem notuð eru til að búa til sesamolíu. Auk þess flytja Bandaríki Norður-Ameríku, Kanada, Holland, Tyrkland og Frakkland inn mikið af sesamfræjum.

Sesamfræ sem verslað er með á alþjóðavísu eru mjög misjöfn að gæðum og í misjöfnum verðflokkum eftir því hvort þau eru ætluð til átu eða olíugerðar.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn rúmlega 95 tonn af sesamfræjum árið 2018, rúm 9,2 tonn af sesamolíu til matargerðar og rúm 1,8 tonn af því sem kallað er önnur sesamolía.

Árið 2018 var flutt inn mest af



Sesamjurtin er einær og verður milli 50 og 100 sentimetrar að hæð. Blöðin gagnstæð á stuttum blaðstöngli, lensulaga, heilrennd og oddmjó.

sesamfræjum frá Indlandi, tæp 47 tonn, 19 tonn frá Hollandi og tæp 15 tonn frá Danmörku. Dæmi um önnur lönd þaðan sem sesamfræ eru flutt inn frá eru Bólvía, Japan, Kína Slóvakía og Þýskaland. Mest kemur af sesamolíu til matargerðar frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku, rúm 2,7 tonn og Hollandi, rúmlega 1,1 tonn. Af öðrum löndum sem sesamolía til matargerðar er flutt inn frá eru Srí Lanka, Mexíkó og Sviss. Af því sem kallast önnur sesamolía kom mest frá Hollandi og Taívan, 874 og 713 kíló og restin frá Mexíkó.

Ættkvíslin *Sesamum indicum*

Þeir sem láta sig slíkt varða telja tegundir innan ættkvíslarinnar *Sesamum* vera um tuttugu, eftir því hvernig skil tegunda eru skilgreind. Ættkvíslin er af sesamjurtaætt og ættbálki varablóma og eru flestar tegundir ættkvíslarinnar upprunnar í Afríku, Srí Lanka og Kína. Mismunandi er milli tegunda hvort þær eru ein- eða tvíærar en allar bera þær æt fræ.

Sesamum indicum er sú tegund sem mest er ræktuð og við þekkjum



Fornleifarannsóknir benda til þess að ræktun sesamplöntunnar til átu og olíugerðar á Indlandi nái fimm aldir aftur í tímann.

sem sesamfræ og er notuð í sesamolíu.

S. indicum eða sesamjurtin er einær og verður milli 50 og 100 sentimetrar að hæð og með djúpa og víðfedma trefjarót. Blöðin gagnstæð á stuttum blaðstöngli, lensulaga, heilrennd og oddmjó, 4 til 14 sentimetrar að lengd og allt að 5 sentimetrar að breidd. Krónublöðin fjögur og mynda þriggja til fimm sentímetra löng bjöllulaga blóm sem eru sjálf- og skordýrafrjóvgandi. Blómin yfirleitt gul en til í mörgum litum, hvít, blá og lillablá bæði ljós og dökk eftir yrkjum. Fræin mörg saman í hærðum, flöngum og þunnum belg sem er tveir til átta sentimetrar að lengd. Að innan skiptist belgurinn í fjögur til tólf hólf og í hverju þeirra proskast eitt slétt eða hrufótt fræ eftir yrkjum. Litur fræja er breytilegur eftir yrkjum, hvít, ljós- eða dökkbrún, rauð, grá eða svört og til eru afbrigði sem gefa af sér gulllituð fræ. Sesamfræ eru egglega og eilítuð flöt. Þau eru fremur lítil, þrír til fjórir millimetrar að lengd

og einn til tveir að þykkt og 20 til 40 milligrömm að þyngd.

Geymsluþol sesamfræja er gott og olían endist vel án þess að þrána.

Uppruni og saga

Sesam er talin fyrsta planta sem maðurinn tók til ræktunar til olíugerðar. Í dag er *S. indicum* einungis til sem ræktunartegund og ekki er vitað fyrir víst af hvaða villtri sesamplöntu ræktunartegundin er komið. Talið er að náttúruleg heimkenni forvera *S. indicum* sé í Eþíópíu en eins og tegundarheitið gefur til kynna er ræktun þess kennd við Indlandsskaga.

Fornleifarannsóknir benda til þess að ræktun sesamplöntunnar til átu og olíugerðar á Indlandi nái allt að 5500 ár aftur í tímann og hafa leifar brenndra eða ristaðra sesamfræja frá því milli 3500 og 3000 fyrir Krist fundist þar. Á fjögur þúsund ára gömlum steintöflum með fleygrúnum sem fundist hafa við fornleifarannsóknir í Babilón og Asseríu og greina líklegast frá

birgðahaldi eða verslun er minnst á sesamfræ.

Fundist hafa frá í Mesapótamíu sem talin eru vera frá því um 2000 fyrir Krist og talið að þau hafi verið ræktuð af Pólemeum, ríki Kleópötru, í Egyptalandi 305 til 30 fyrir upphaf okkar tímatafs. Egyptar kölluðu sesamfræ sesemt og er fjallað um lækningamátt þeirra í Ebers pappírurrollunum sem sagðar eru vera um 3600 ára gamlar. Auk þess sem minjar sýna að sesamfræ til olíugerðar voru ræktuð í Tyrklandi fyrir hartnær 3000 árum.

Talið er að þrælur frá vesturströnd Afríku hafi flutt með sér sesamfræ til suðurriks Bandaríkjanna á sautjándu öld.

Nafnaspeki

Ættkvíslarheiti sesamplöntunnar er dregið af latneska heitinu sesamum eða gríska heiti plöntunnar og fræinu sēsamon sem er skylt semsem á arabísku sem þýðir olía eða fljótandi fita. Tegundarheitið *indicum* vísar til þess að plantan sé upprunnin á Indlandi.

Á ensku þekkt heitið benne yfir sesamfræ og sesamolíu en það heiti er komið frá Nígíeríu þar sem plantan og fræin kallast beni. Í Mexíkó kallast þau *ajonjolí*.

Heitið sesam er svo gott sem alþjóðlegt heiti á plöntunni, fræjunum og olíunni sem unnin er úr henni.

Ræktun

Sesamplantan er harðgerð og nægjusöm tegund sem kys sólrikan stað og getur vaxið og séð að mestu um sig sjálf þar sem aðrar ræktunarpöntur eiga erfitt uppdráttar. Jurtin hefur því breiðst út við jadra eyðimarka þar sem þurrkar og hiti er mikill en raki takmarkaður.

Þrátt fyrir að sesamplöntur þrífist í margs konar jarðvegi, bæði söltum og vatnsósa, kys hún frjósama, þurra og sandblendna jörð með pH í kringum 7. Til að mynda þroskuð fræ þarf plantan 90 til 120 frostlaus daga og helst meðalhita yfir 22° á Celsíus. Skortur á vatni tefur fyrir því að fræ áli og dregur úr vexti unglantna.

Ólík yrki sesamfræja í ræktun skipta þúsundum. Yrki sem bera dökk fræ eru mest ræktuð í Kína og Suðaustur-Asíu en yrki með ljósum fræjum í Evrópu, Bandaríkjunum Norður-Ameríku, Indlandi og Asíu vestanverðri.

1001 nótt

Í arabíska þjóðsagnasafninu 1001 nótt má meðal annars lesa um skógarhöggmanninn Alí Baba, sem finnur helli sem fjörutíu þjófur notuðu til að geyma í þýfi. Líkt og unga bóndakonan í sögunni um Gilitrutt sem heyrði nafn tröllkonunnar var Alí Baba svo lánsamur að heyrta leyniorðin, „opnist sesam“, sem opnuðu huldur dyr hellisins. Alí Baba gat ekki á sér setið og gekk í þjófagullid sem endaði í átökum við þjófana en með hjálp ambáttar sat Alí einn að góssinu ásamt syni sínum sem kvæntist ambáttinni.

Bókmenntaspekúlar segja líklegast að leyniorðin „opnist sesam“ vísi til fræhulsturs sesamfræja sem opnast auðveldlega þegar fræin hafa náð fullum þroska eða þess að fræin gefa frá sér smell líkt og lás sé opnaður þegar þau eru ristúð.

Á tungumáli Urda, sem eiga uppruna sinn á Indlandi norðanverðu, eru til málshættir sem segja að til séu staðir sem eru svo þéttsetnir að ekki sé pláss fyrir eitt sesamfræ og að fólk sem virðist hjálplegt í fyrstu en eigingjarn þegar á reynir sé eins og sesamfræ án olíu.

Uppskera og nytjar

Til skamms tíma var ræktun á sesam bundið við litla reiti og uppskerið með höndum. Frá náttúrunnar



Heimsframleiðsla á sesamfræjum var rúmlega 6,1 milljón tonn árið 2016.



Stráum sesamplöntunnar er safnað saman í knippi sem standa upp á endann. Fræin eru hrist úr knippunum eftir að þau hafa náð þroska.



Sesamum indicum er sú tegund sem mest er ræktuð og við þekkjum sem sesamfræ og er notuð í sesamolíu.



Vélvædd sesamuppskera.

hendi opnast fræbelgirnir þegar þeir ná fullum þroska og fræin falla auðveldlega úr þeim við snertingu og í vindi. Stráin voru því skorin áður en fræið náði fullum þroska og þeim safnað saman í knippi og látin standa upp á endann og fræið síðan hrist úr knippunum eftir að það hafði náð þroska. Þrátt fyrir að uppskeruaðferðir í dag séu tæknivæddari er enn talsvert um afföll fræjanna við uppskeru.

Smæð og lögun fræjanna gerir það að verkum að þurrkun þeirra er vandasöm. Fræin liggja þétt saman og þarf loftraki við þurrkun að fara niður fyrir 6% því annars getur hitnað í fræjunum og þau myglad.

Eftir þurrkun eru fræin vélflokkuð eftir þroska, stærð, lögun og gæðum og fræ sem ekki þykja hæf til átu notuð til olíugerðar.

Sesamfræ og olía eru með sterku hnetubragði og mikið notuð í bakstur og matargerð víða um heim og ekki síst í Austurlöndum. Fræin eru algeng á beyglum, hrökk- og hamborgarabrauði og Frakkar og Grikkir nota þau meðal annars á brauðstangir og í kökur.

Ystalag sesamfræja er stundum fjarlægð með völsun og slík fræ gjarnan notuð sem skraut á brauð. Um 75% af öllum sesamfræjum sem ræktuð eru í Mexíkó fara á hamborgarabrauð McDonalds hamborgarakeðjunnar.

Í Japan og Asíu er algengt að strá sesamfræjum yfir salat og suma sushi-rétti og olían mikið notuð til slá endahnúttinn á rétti sem steiktir eru á wok-pönnu. Í Tógó í Afríku eru fræin höfð í súpur og í Kongó og Angóla með reyktum

Alþýðulækningar

Í Japan og Austurlöndum fjær eru sesamfræ og olía sögð ástarörvandi. Laufblöðin gefa frá sér gúmmfkennt efni sem er sagt stemmandi gegn niðurgangi og gott við vandamálum í þvæglöðrunni sé það drukkið með vatni. Fræin eru sögð hægja á gránun hársins og góð við hárlösi. Neysla á sesamolíu er sögð drífandi og mýkja stífa liði og þurran hósta. Of mikið af sesamfræjum og olíu er sögð skadleg lifur og nýrum.

Sesam á Íslandi

Í Norðurfara frá 1867 er vísað til leyniorðsins sesam í 1001 nótt í grein þar sem Arnljótur Ólafsson gagnrýnir fjármál ríkisins. Greinin sýnir að umræðan um launakjör hefur lítið breyst í þau 153 ár síðan hún var skrifuð. „Stjórnin hefur svarað þessu sem fjárhaldsmaður ríkisins. Buddan þín er tóm, góurinn minn; eigi get jeg verið að borga fyrir þig, sjáðu þar fyrir. Þessi skollaleikur þingsins við stjórnina hefir sannarlega eigi verið neinn gamanleikur fyrir hvern þann þingmann, er hugsar um eitthvað gagnlegt, um framfarir landsins, en eigi um eintómt orðagjálfur. Þetta gjörsamlega fjeleysi hefir þinginu orði æ tilfinnanlegra; því fyrst þóttist þingið finna fje fölgid í jörðu, það er að segja, því þótti fært að leggja skatt á jardeigendur, en nú er það búið. Fyrir því hefir það annað hvort orðið að þegja hreint, eður syngja sína gömlu vöggvísu: Sesam, Sesam (ríkissjóður, ríkkissjóður) opna þig. Stundum hefir þetta kall að vísu bergmálað aftur til vor, en þó varla nema í launamálum embættismanna.“

Í Verslunartíðindum 1923 er getið um flutning og verslun danska Austurasíufjelagsins með sesamfræ frá Kína til Evrópu og Ameríku.

Samkvæmt Hagskýrslu um utanríkisverslun frá 1923 voru flutt inn 4.274 kíló af sesamolíu frá Danmörku það ár.

Hið ágæta ár 1959 segir frá því í öllum helstu fjölmiðlum landsins að í Indónesíu séu framleidd milli 200 og 300 tonn af jurtamjólki eða þurrmjólki og að hráefnið sé sojabauur og sesamfræ.

Sama ár eru birt lög í Búnaðarritinu um tilbúning og verslun með smjörflíki og líkar iðnaðarvörur og þar segir í 6. grein „Í öllu smjörflíki, hvort heldur það er framleitt hjer eða flutt hingað frá útlöndum, skal að minnsta kosti 10% feitinnar vera sesamolía. Sömu ákvæði gilda um rjómalíki og mjólkurflíki. Í ostalíki skal 5% feitinnar vera sesamolía.“

Það er svo ekki fyrr en undir lok síðustu aldar að farið er að auglýsa sesamfræ sem sérstaka heilsuvörur.



Sesambeygla.

fiski eða humar. Indverjar blanda sesamfræjum saman við bráðinn sykur og búa úr því litlar kúlur sem borðaðar eru sem snakk. Á suðurodda Indlands eru sesamfræ mulin ásamt chili og hnoðuð með sesamolíu og bakaðar eins konar vöflur úr deiginu.

Fyrsta pressun sesamfræja og sú verðmætasta er olía sem kallast tahina og hefur hún svipaða áferð og hunang. Sesamfræ og olía eru mikið notuð í hummus sem upprunnin er í Mið-Austurlöndum og sem sósugrunur í Mexíkó.

Í 100 grömum af sesamfræjum eru sagðar vera 573 kalóríur sem er talsvert mikið. Að innihaldi eru fræin allt að 55% olía, 23% kolvetni, 18% prótein og 5% vatn. Auk þess sem þau innihalda B-vítamín, járn, magnesíum, kalsíum, fosfór og sink.

Lauf sesamplöntunnar eru vel æt og talsvert notuð í sósar í Austurlöndum fjær eða sem húsdýrafóður. Fræhrat sem til verður við pressun er notað sem húsdýrafóður.

Auk þess að vera neytt til matar er sesamolía notuð til að búa til sápur og snyrtivörur, sem ljósmeti, smurefni, sólarvörn, málningu, í lyfjaiðnaði og sem skordýraeitur. Líkt og með hnetur geta sesamfræ og sesamolía valdið ofnæmisviðbrögðum hjá fólki með hnetuofnæmi.

STRÚKTÚR


Vegg- og þakklæðningar



Við finnum lausn sem hentar þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Stangarhyl 7 | sími: 588 6640 |



Landgræðsla ríkisins og Félag hrossabænda í samstarfsverkefni um sjálfbæra nýtingu beitarlands:

Tæplega 50 aðilar taka þátt í Hagagæðum

– Gott landlæsi er grundvöllur sjálfbærrar landnýtingar

Árið 2017 stofnuðu Landgræðsla ríkisins og Félag hrossabænda, verkefnið „Hagagæði“. Megintilgangur verkefnisins er að stuðla að sjálfbærri nýtingu beitarlands og auka ábyrgð landnotenda sem vörslumanna lands. Einnig að auka umhverfisvitund landeigenda og landnotenda og um leið tryggja velferð hrossa.

Gott landlæsi landnotenda er grundvöllur sjálfbærrar landnýtingar. Þátttaka í verkefninu er valfrjál. Standist beitarland þátttakenda sett úttektafviðmið, fá þátttakendur viðurkenningarskjal því til staðfestingar. Þátttakendur geta orðið hrossabændur og aðrir, sem halda hross í atvinnuskyni og/eða til brúknar í tómstundum. Héraðsfulltrúar Landgræðslunnar annast úttektir beitarlanda og hafa umsjón með „Hagagæðum“.

Haustið 2017 var fyrsta starfsár „Hagagæða“ og hlutu þá 44 bú viðurkenningu fyrir sjálfbæra landnýtingu. Árið 2018 héldu þau bú öll áfram í verkefninu og 4 ný bú bættust við og urðu þátttökubú þá 48 talsins.

Þátttaka og kynning

Árið 2018 var fjöldi þátttökubúa mestur á Norðurlandi vestra, 22



Hross í haga.

Mynd / HKR.



Bjarni Maronsson.

talsins. Þar af eru 14 bú í Skagafirði. Á Norðurlandi eystra eru sjö bú, fimm vestanlands og 14 á Suðurlandi. Búunum fjölgaði um 4 frá árinu 2017.

Gert var logo fyrir „Hagagæði“ og útbúið viðurkenningarskjal til þátttakenda í verkefninu. Einnig fengu þátttakendur merki (límmiða) „Hagagæða“, sem þeir geta notað til að merkja bíla, hestakerrur eða annað, sem þeim þykir henta.

Ferðaðþjónustubú hafa hag af þátttöku

Eftirsóknarvert er fyrir þá, sem halda hross í atvinnuskyni, s.s. hestaleigur og ferðaðþjónustur, að öðlast þá viðurkenningu sem felst í þátttöku í „Hagagæðum“. Fyrsta ferðaðþjónustubúið hóf þátttöku 2018. Sama gildir um sveitarfélög, hestamannafélög og aðra, sem eiga eða hafa umsjón með hrossabeitarhólfum. Ekki er sjálfgefið að beitarland allra standist ástandskröfur Hagagæða en þá er mjög brýnt að viðkomandi geri þær úrbætur, sem þarf til að landnýting þeirra sé með sómasamlegum hætti.

Enn finnast víða um land dæmi um ofbeit af völdum hrossa. Oftast er vankunnáttu og skussahætti landnotenda um að kenna. Héraðsfulltrúar Landgræðslu ríkisins bjóða upp á ráðgjöf um landbætur og beitarstýringu til þeirra landnotenda er þess óska.

Bjarni Maronsson,
verkefnisstjóri Hagagæða



Landgræðslan



Hagagæði 2018.

Árið 2018 stóðust eftirtalin hrossabú úttektir vegna landnýtingar

Nafn jarðar	Bóndi	Sýsla
1. Sauðanes	Ágúst M. Ágústsson/Steinunn Halldórsdóttir	Norður-Pingeyjarsýsla
2. Bakki, Svarfaðardal	Þór Ingvason	Eyjafjarðarsýsla
3. Bringa	Bringa ehf. Sverrir Reynir/Guðbjörg Jóna	Eyjafjarðarsýsla
4. Hólsgerði	Brynjart Skúlason/Sigríður Bjarnadóttir	Eyjafjarðarsýsla
5. Jarðbrú	Þorsteinn Hólm Stefánsson/Þröstur Karlsson	Eyjafjarðarsýsla
6. Litla-Brekka	Vignir Sigurðsson	Eyjafjarðarsýsla
7. Litli-Dalur	Kristín Thorberg	Eyjafjarðarsýsla
8. Ásgeirsbrekka	Jóhann Ingi Haraldsson	Skagafjarðarsýsla
9. Bær	Höfðaströnd ehf./Sigmar Bragason	Skagafjarðarsýsla
10. Enni	Haraldur Þ. Jóhannsson/Eindís Kristjánsdóttir	Skagafjarðarsýsla
11. Flugumýri II	Flugumýri ehf. Anna Sigurðardóttir	Skagafjarðarsýsla
12. Hafsteinsstaðir	Skapti Steinbjörnsson/Hildur Claessen	Skagafjarðarsýsla
13. Hólar í Hjaltadal	Hólaskóli	Skagafjarðarsýsla
14. Hverhólar	Freysteinn Traustason/Birna S. Hafsteinsdóttir	Skagafjarðarsýsla
15. Íbishóll	Íbishóll ehf. Magnús Bragi/Elisabeth Jansen.	Skagafjarðarsýsla
16. Kálfsstaðir	Ólafur Sigurgeirsson/Sigríður Björnsdóttir	Skagafjarðarsýsla
17. Nautabú	Karen Steindórsdóttir/Eyjólfur Þórarinnsson	Skagafjarðarsýsla
18. Tunguháls II	Líney Hjálmarssdóttir	Skagafjarðarsýsla
19. Víðidalur/Kirkjuhóll	Pétur Stefánsson	Skagafjarðarsýsla
20. Ytra-Skörðugil	Ingimar Ingimarsson	Skagafjarðarsýsla
21. Ytra-Vallholt	Vallholt ehf. Björn og Harpa	Skagafjarðarsýsla
22. Geitaskarð	Íslensk hrossarækt	Austur-Húnavatnss.
23. Hof í Vatnsdal	Jón Gíslason/Eline Schrijver	Austur-Húnavatnss.
24. Hólabak	Björn Magnússon	Austur-Húnavatnss.
25. Steinnes	Magnús Jósefsson	Austur-Húnavatnss.
26. Auðunnarstaðir I	Júlíus G. Antonsson	Vestur-Húnavatnss.
27. Stóra-Ásgeirsá	Eliás Guðmundsson/Magnús Á. Elíasson	Vestur-Húnavatnssýsla
28. Ytri-Þóreyjarnúpur	Þórey ehf./Gerður Hauksdóttir	Vestur-Húnavatnssýsla
29. Þóreyjarnúpur	Þóreyjarnúpshestar ehf./Halldór G. Guðnason	Vestur-Húnavatnssýsla
30. Hjarðarholt	Þorvaldur T. Jónsson/Hrefna B. Jónsdóttir	Mýra-og Borgarfjarðars.
31. Lundar II	Sigbjörn Björnsson	Mýra-og Borgarfjarðars.
32. Oddsstaðir I	Sigurður O. Ragnarsson/Guðbjörg Ólafsdóttir	Mýra-og Borgarfjarðars.
33. Ölvaldsstaðir IV	Guðrún Fjeldsted	Mýra-og Borgarfjarðars.
34. Hömluholt	Gísli Guðmundsson	Snæfellsnessýsla
35. Auðsholtshjáleiga/Grænhóll	Gunnar Arnarson	Árnessýsla
36. Hólar í Árborg	Ímastaðir ehf./Einar Hallsson	Árnessýsla
37. Hraun I	Hrafkell Karlsson	Árnessýsla
38. Hvoll I	Ólafur H. Einarsson	Árnessýsla
39. Kjóstaðir II	Geysir hestar/Hjalti og Ása	Árnessýsla
40. Littaland	Sveinn Steinarsson	Árnessýsla
41. Árbæjarhjáleiga	Kristinn Guðnason/Marjolijn Tiepen	Rangárvallasýsla
42. Ásborg	Eydís Þ. Indriðadóttir	Rangárvallasýsla
43. Fet/Lindarbær	Fet ehf	Rangárvallasýsla
44. Gunnarsholt	Ágústa Helgadóttir	Rangárvallasýsla
45. Hemla	Vignir Siggeirsson/Lovísa Ragnarsdóttir	Rangárvallasýsla
46. Kirkjubær	Kirkjubæjarbúið/Ágúst Sigurðsson	Rangárvallasýsla
47. Oddhóll	Sigurbjörn Bárðarson	Rangárvallasýsla
48. Vakurstaðir	Valdimar Bergstað/Halldóra Baldvinsdóttir	Rangárvallasýsla

LESENDABÁS

Pólitískan fallþunga í kjötmálið

Landbúnaðarráðherra hefur nú kynnt frumvarp sitt um innflutning á ófrosnu kjöti til landsins. Að öllu óbreyttu mun það taka gildi 1. september nk. Frumvarpið er viðbrögð stjórnvalda við dómi EFTA-dómstólsins og Hæstaréttar Íslands þess efnis að íslenska leyfisveitingakerfið fyrir innflutning á hrárrí og unninni kjötvöru, eggjum og mjólk samrýmist ekki ákvæðum EES-samningsins.

Hér er á ferðinni stórmál sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir búfjárfestofna okkar og þar með okkar hreina landbúnað, auk þess sem málið varðar lýðheilsu landsmanna. Forsaga málsins lýtur að matvælaöggjöf ESB sem var tekin upp í EES-samninginn árið 2007 en lögfest tveimur árum síðar með aukaákvæði um frystiskyldu. Ljóst má vera að í aðdraganda



Birgir Þórarinnsson.

þess sváfu stjórnvöld á verðinum og hefðu átt að halda sérstöðu

okkar á lofti með kröftugum hætti. Bændasamtökin hafa ályktað á þann veg að frumvarpið sé fullkomin uppgjöf af hálfu ríkisstjórnarinnar og skal hér tekið undir það.

Slök hagsmunagæsla ríkisstjórnarinnar

Á Alþingi í síðustu viku spurði ég utanríkisráðherra hvort hann hafi beitt sér pólitískt í málinu á vettvangi ESB. Kvaðst hann hafa hringt í utanríkismálastjóra ESB. Fyrir litla eyþjóð eins og Ísland eru hagsmunir málsins miklu stærri en svo að eitt símtal dugi til og verður þetta að teljast fremur slök hagsmunagæsla. Einnig spurði ég ráðherra hvort að málið hafi verið tekið upp í sameiginlegu EES-nefndinni en þar skal ræða deilumál sem geta komið upp í framkvæmd

samningsins. Ráðherra svaraði spurningunni ekki enda veit hann sem er að málið hefur ekki verið rætt á vettvangi nefndarinnar og verður það að teljast einkennilegt. Að hálfu ESB er þetta mál rekið af öflugustu hagsmunaklíkkunni innan Evrópusambandsins, embættismönnum landbúnaðarmála ESB. Ríkisstjórnin verður að setja allt sitt pólitíska vægi í málið. Forsætisráðherra verður að funda hið fyrsta með Jean Claude Juncker, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, og óska eftir því að sérstafa Íslands verði viðurkennd. Annað væri uppgjöf.

Landhelgisdeilan við Breta og kjötmálið

Í landhelgisdeilunni við Breta lögðum við fram veigamikil gögn sem studdu okkar málstað. Gögn eins og skýrslu

Hafrannsóknastofnunar um ofveiði. Rökin voru okkar megin og við náðum að lokum sigri gegn heimsveldi. Hið sama á við í þessu máli. Sérstafa okkar er ótvíræð. Íslenskir búfjárfestofnar hafa verið einangraðir um aldir og hafa aldrei komist í snertingu við smitefni margra búfjárfestofna, sem eru landlægir í Evrópu og víðar. Rökin eru okkar megin.

Hagnýting náttúruauðlinda í landbúnaði byggist á þekkingu rétt eins og hagnýting náttúruauðlinda í sjávarútvegi. Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra sagði í landhelgismálinu að samkomulag væri útilokað nema litið yrði með fyllstu sanngirni á aðstæður okkar. – Orð sem eiga sannarlega við í þessu máli.

Birgir Þórarinnsson
Höfundur er þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi.



GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM

Mariulyklar, litríkt síðvetrarskraut

Mariulyklar (Primula) eru stór ættkvísl blómfagurra plantna sem hafa verið vinsælar garðplöntur í aldanna rás. Eftirsóknarverð blómin eru gríðarlega fjölbreytt á litum og margir safna ólíkum litbrigðum tegunda innan ættkvíslarinnar.

Yfir 500 tegundir eru í ættkvíslinni og mikill áhugi víða á kynbótum til að búa til ný yrki. Nú þegar vorid er að nálgast færast þessi fallegu blóm úr uppeldi í íslenskum gróðrarstöðvum yfir í hífli landsmanna. Einkum og sér í lagi er það tegundin laufeyjarlykill, Primula vulgaris, og yrki af honum sem koma á markað mjög snemma á vorin, sem vetrarblómstrandi mariulyklar eða primúlur.



Primula plöntur í Garðheimum. Myndir / Guðriður Helgadóttir.

Uppruni laufeyjarlykils

Laufeyjarlykill er evrópsk tegund og sá mariulykill sem byrjar einna fyrst að blómstra á vorin, jafnvel í mars-apríl. Tegundin sjálf er gulblómstrandi. Nokkrar undirtegundir laufeyjarlykils er að finna austur um og yfir í Asíu og koma þar inn fleiri blómlitir. Laufeyjarlykillinn þrífst best í hæfilega rökum jarðvegi, hvorki of blautum né þurrum. Hann þarf ekki sól allan daginn og líður vel í hálfskugga.



Bleik Primula.

Heiti ættkvíslarinnar, Primula, er dregið af latneska orðinu primus sem þýðir að vera fyrstur, í tilfelli mariulykla að þeir eru fyrstir til að blómstra snemma vors. Ein smágerð tegund af mariulykilsætt, mariulykill (Primula stricta) lifir villt á Íslandi en er afar sjaldgæf og talin í hættu á að hverfa úr íslensku náttúru. Önnur tegund, Davíðslykill (Primula egalikensis), hefur fundist á Íslandi en er nú talin útdauð hér.



Gul Primula.

Útlitiseinkenni

Laufeyjarlykill er með heil, aflöng laufblöð sem sitja í jarðlægri hvirfingu og blómin koma upp á 10–15 cm háum stilkum, nokkur blóm í knippi á hverjum stöngli. Blómin geta verið einlit eða í fleiri litum, blómlitir skærir og á hverju ári koma fram ný og skemmtileg yrki sem heilla garðeigendur.

Góð bæði inni og úti

Yfirleitt tengir fólk að laufeyjarlykill sé útblóm en hann má einnig nota sem inniplöntu. Hann er þá í sölu á útmánuðum og fram á sumar. Laufeyjarlykillinn verður yfirleitt aðeins einær sem inniplanta en gefur mikla gleði í lok vetrar með sínum marglitu blómum. Það getur verið erfitt að halda honum á lífi eftir að blómin hafa sölnað og því tilvalið að gróðursetja hann úti að því loknu,

þá er hann líklegur til að tækla aðstæðurnar sjálfur sem útiplanta.

Inniplöntur verða endingarbetri ef þær eru hafðar á svölum stað í vægum skugga, td. á borði í stofu eða eldhúsi fremur en í gluggakistu yfir ofni og ekki látnar þorna, þá verða þær litrík síðvetrarblóm í heimahúsum.

Laufeyjarlykill nær sjaldnast að lifa af veturinn nema í allra skjólbestu gördum og verður þá yfirleitt ekki langlífur. Hins vegar nýtist hann mjög vel eins og sumarblóm í ker og potta tegundir eru farnar að huga að blómgun og garðeigendur orðnir langeygir eftir blómum. Það er því tilvalið að gleðja augun og andann með laufeyjarlykli, þessum litríku síðvetrarblómum.

Sigríður Embla Heiðmarsdóttir, nemandi á Garðplöntuframleiðslubraut Garðyrkjuskóla LBHÍ, Reykjum.

Hífi- og festingabúnaður



Vottaður hífi- og festingabúnaður

Námskeið um notkun á hífibúnaði

Skoðanir og eftirlit á hífibúnaði

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna




ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Ert þú ferðafær?

Toyota Land Crusier 150 sameinar betur en flestir bílar eiginleika rúmgóðs fjölskyldubíls og dugandi fjallabíls. Með AT33 lausninni getur Arctic Trucks gert bílinn þinn að öflugum ferðabíl sem opnar þér nýja möguleika til ferðalaga og veitir þér tækifæri til að njóta íslenskrar náttúru á þægilegri máta. Ekki skemmir fyrir að bíllinn verður bæði glæsilegr og kraftalegr útlits!



Arctic Trucks býður einnig stærri lausnir fyrir Land Cruiser 150, svo sem AT35, AT38 og AT44. Nánar á www.arctictrucks.is.

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.is



GRUNDFOS
BE THINK INNOVATE

Scala2 3-45

Ný og handhæg kaldavatsndæla

Scala2 er að fullu sambyggð vatnsdæla sem skilar jöfnum vatnsþrýsting í alla krana.

Einföld lögung og lausn sem er auðveld í uppsetningu. Með forstilltri dælu, stýrir Scala2 afköstum miðað við rennsli.

Scala2 er með vatnskældum mótör, sem gerir hana afar hljóðlátu. Niðurstaðan er hámarks þægindi með lámarks fyrirhöfn.



Scala2 3-45
Straumhvörf í neysluvatnsdælum

IOI
ÍSLEIFUR JÓNSSON

Draghalsi 14 - 16 · Sími 4 12 12 00
www.isleifur.is

LESENDABÁS

Til móts við nýja tíma

Á yfirstandandi ári stendur fyrir dyrum að hefja fyrri endurskoðun Samnings um starfsumhverfi nautgriparræktar. Þegar hefur verið framkvæmd skoðanakönnun meðal mjólkurframleiðenda um hvort þeir vilji viðhalda óbreyttu kvótakerfi og þó að verulegur misbrestur hafi verið á undirbúningi við valkostagreiðslu vegna atkvæðagreiðslunnar, var niðurstaðan afgerandi, kvótanum í vil. Það skýrist svo í framhaldinu hver afstaða ríkisvaldsins verður í þessu efni.

Hvað sem því líður, er nauðsynlegt að horfa til þess í þessari endurskoðun hvernig stuðningskerfið getur best staðið við greinina og þá sem hana stunda á tímum nýrra áskorana. Í því efni þarf að horfa til þess hvar greinin vill vera í lok samnings og hvaða viðhorfum hún muni mæta á komandi árum. Reyndar er núverandi samningur á margan hátt vel útfærður hvað þetta varðar og því ætti þessi endurskoðun fyrst og fremst að snúast um að fínstillta meginlínu hans. En fyrst „að fortíð skal hyggja þegar framtíð skal byggja“.

70% fækkun á 33 árum

Ekki þarf að fjölyrða um þá miklu samþjöppun sem orðið hefur í íslenski mjólkurframleiðslu síðustu áratugi. Sem dæmi má nefna, að við stofnun Landsambands kúabænda árið 1986 voru hér á landi 1820 mjólkurframleiðendur, sem framleiddu um 110 milljónir lítra, meðalnyt íslenskra kúa var þá 3.936 kíló mjólkur og meðal búíð um 60 þúsund lítrar. Um síðustu áramót voru framleiðendur orðnir 558, framleiddu þeir um 152 milljónir lítra á ársgrundvelli, meðalnyt árskúa var komin í 6.516 kg og meðal búíð er um 270 þúsund lítrar. Á aldarþriðjungi hefur búnum fækkað um tæp 70%, bústærðin rúmlega fjórfaldast og meðalnytin aukist um 65% á hverja árskú. Þessar miklu breytingar í fjölda framleiðenda



Baldur Helgi Benjamínsson.

hafa fyrst og fremst verið drifnar áfram með kvótaviðskiptum þar sem kaupendur hafa, auk forgangs að innanlandsmarkaði, náð um leið til sín samsvarandi hluta stuðningsgreiðslanna, enda hafa þær lengst af verið beint tengdar kvótanum. Sú stefna sem birst hefur í samningum við ríkið hefur reyndar líka verið nokkuð eintóna, stuðlað skuli að aukinni hagkvæmni og samkeppnishæfni.

Aukin samkeppnishæfni?

Enginn vafi er á því að framangreind þróun hefur skilað öflugum búum með mun betri aðbúnaði og vinnuástöðu. Uppbyggingunni og tilheyrandi greiðslumarksaupum hefur þó fylgt mikil skuldsetning og ef tekið er mið af niðurstöðum ársreikninga sumra af stærstu búunum er efnahagur þeirra á engann hátt sjálfbær og má þar lítið út af bregða, ef nokkuð. Þó að greining á niðurstöðum búreikninga hafi verið í fullkomnu skötulíki undanfarin ár, má ætla að mjólkurframleiðslunni hafi miðað lítt fram á veg í að auka samkeppnishæfni sína, ef tekið er mið af mun á afurðaverði hér og í nálægum löndum.

Samfélagið hlýtur að gera þá kröfu að aukin samþjöppun skili sér í hagkvæmari búrekstri og lægra



Jóhann Nikulásson.

afurðaverði. Samhliða þessari miklu samþjöppun, hefur orðið veruleg aukning á hlutfalli innfluttra aðfanga til mjólkurframleiðslunnar. Fyrir um 20 árum var kjarnfóðurgjöf um 5-700 kg á árskú. Í dag er hún nálægt því að vera 2.000 kg á árskú að jafnaði. Eftir því sem best verður séð nemur innflutningur kúafóðurs um 50.000 tonnum á ári. Ef notuð er gömul þumalputtaregla má gera ráð fyrir að 2 kg mjólkur fái fyrir hvert kíló kjarnfóðurs. Samkvæmt því er einungis þriðjungur hérlendrar mjólkur framleidd á innlendu fóðri, það sem útaf stendur á því uppruna sinn á ökrum bænda í fjárlægum löndum.

Það er afar brýnt að snúa þessari óheillaþróun við og nýta betur okkar gjöfuga ræktunarland. Í þeim efnum geta breyttar áherslur í stuðningskerfi greinarinnar gegnt lykhillutverki og mikilvægt að þess sjái stað við þessa endurskoðun. Umræða um nautgriparrækt í nágrannalöndunum snýst að verulegu leyti um aukna sjálfbærni og nýtingu innlendra aðfanga, lítið er á slíkt sem grundvöll áframhaldandi velvildar í garð greinarinnar. Það sama hlýtur að eiga við hér á landi.

570 milljónir til 17 stærstu

Í fróðlegu erindi Jóns Baldurs



Sigurður Loftsson.

Lorange, forstöðumanns Búnaðarstofu, sem flutt var á aðalfundi Félags kúabænda á Suðurlandi fyrir skömmu, var birt yfirlit yfir skiptingu stuðningsgreiðslna til mjólkurframleiðenda, eftir bústærð. Á árinu 2019 nema þær alls 6.898 milljónum kr. samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs.

Í erindinu kom fram að 17 stærstu framleiðendurnir fá um rúmlega 8% af stuðningsgreiðslum samningsins og af þessu má enn fremur ráða að stærstu framleiðandinn fái 4 milljónir kr á mánuði í stuðningsgreiðslur – sem er við 0,7% þakið sem skilgreint er í samningnum sem hámark á stuðningi á sama aðila. Nútíma tækni eykur mjög stærðarhagkvæmni í mjólkurframleiðslu og því varla óeðlilegt að þess sjáist stað í stuðningsgreiðslum ríkisins.

Ógnanir og tækifæri í umhverfismálum

Undanfarin 25 ár hefur yfirgnæfandi meirihluti af hefyng landsmanna verið verkaður í plastpakkaðar rúllur. Á skömmum tíma hefur umræða um umhverfismál um allan heim snúist mjög öndverð gegn plasti og plastnotkun sem einni mestu umhverfissvá samtímans. Bændur hér á landi nota um 1.700 tonn af rúlluplasti árlega og ekki er vafi á því að draga verður stórlega úr þeirri notkun á komandi árum. Lesendur þessa pistils hafa eflaust orðið varir við breyttar áherslur verslunarinnar, varðandi þóka þá sem viðskiptavinir setja vörur sínar í við búðarborðið. Til samanburðar þá var plastnotkun til þess arna rúmlega 1/10 hluti þess sem bændur nota utan um hefyng sinn. Tillaga um aðgerðaráætlun um samdrátt í plastnotkun var samþykkt á aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar á dögum og hliðstæð tillaga liggur fyrir aðalfundi LK. Breytt heyrkunartækni mun kalla á miklar fjárfestingar og í okkar huga er ljóst að stuðningskerfi landbúnaðarins verður hafa burði til að taka á því mikilvæga verkefni. Um mitt þetta ár verða síðan liðin fjögur ár frá því að undanþáguákvæði frá 6 mánaða lágmarks geymslurými fyrir búfjáraburð, sem var að finna í reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, féll endanlega úr gildi. Bætt nýting búfjáraburðar er mikilvægt hagsmunar-, umhverfis- og ímyndarmál greinarinnar, en nauðsynlegar úrbætur í þeim efnum munu einnig kalla á umtalsverðar fjárfestingar á næstunni.

Nýir tímar, ný hugsun

Í ljósi þess sem að framan greinir er eðlilegt að horft verði til eftirtalinnna atriða við komandi endurskoðun nautgripasamningsins:

- Niðurröppun „Greiðslna út á greiðslumark“ (A-greiðslur)

haldi sér eins og samningurinn gerir ráð fyrir. Þannig verði horfið að fullu frá framseljanlegum stuðningi í íslenski nautgriparrækt á samningstímanum.

- Sett verði ákveðið hámark þess sem hver framleiðandi getur notið af „Greiðslum út á innvegna mjólk“ (B-greiðslur), t.d. allt að 40.000 lítrar á mánuði eða að hámarki 480.000 lítrar á ári. Þannig verði með mun ákveðnari hætti takmarkað hversu mikinn stuðning hver einstakur framleiðandi getur fengið af samningnum og stærðarhagvæmni búana komi þannig fram í ríkari mæli. Jafnframt verði sú aukning fjármuna sem samningurinn gerir ráð fyrir inná þennan lið endurskoðuð í samræmi við breyttar tilfærslur milli einstakra liða.

- Gripagreiðslur verði auknar árið 2020 eins og samningurinn gerir ráð fyrir, en standi síðan að stofni til í stað.

- Auknir fjármunir verði látnir renna í Framleiðslujafnvægislið samningsins samhliða niðurröppun A-greiðslna, einkum á seinnihluta samningstímans og þau tæki sem hann innifelur útfærð:

- Útfærðar leiðir til að efla markaðsstarf í mjólk og nautakjöti

- Útfærðar skilvirkar leiðir til að grípa inn í til að haga gripafjölda í landinu eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Reynist framleiðsla meiri en þörf er á, má til dæmis greiða ásætlanlegar sláturuppþætur á kjör á 2. og 3. mjaltaskeiði sem komnar eru innan við 150 daga frá síðasta burði.

- Útfærðar verði aðlögunar-samningar sem kúabændum býðst, kjósi þeir að hverfa úr framleiðslu nautgripaafurða og hefja annarskonar starfsemi á jörðum sínum.
- Útfærðar verði leiðir til að greiða stuðning beint til kúabænda óháð framleiðslumagni.

- Framlög vegna kynbóstastarfs verði að stofni til óbreytt.
- Fjárfestingastuðningur verði aukinn og jafnframt opnað fyrir styrkveitingar til uppbyggingar á hagkvæmari og umhverfissvæmni aðstöðu til fóðuröflunar á kúabúum. Þar verði m.a. horft til þess að draga úr plastnotkun og stuðla að aukinni hlutdeild heimaflaðs fóðurs. Þá verði reglur um hámarksstuðning af þessum lið endurskoðaðar, þannig að jafnræðis verði betur gætt en nú er.
- Stuðningur við nautakjöts-framleiðslu verði aukinn, samhliða endurskoðun úthlutunarreglna. Þar verði í auknum mæli horft til þess hvort um sé að ræða graðneyti, uxa eða kvígu, auk samspils þunga/lífaldurs við slátrun, með það að markmiði að fá gripina yngri til slátrunar en nú er.

Pakbrún við svör

„Samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu“, sem samþykktur var á fyrri hluta árs 2004 og gildi með framlengingum til ársloka 2016, fól í sér all nokkrar breytingar frá því sem áður var á forsendum þess heildarstuðnings sem greinin naut. Grunn upphæðir voru settar fastar og þær verðtryggðar, en með 1% árlegri hagræðingarkröfu

KÄRCHER

Fyrir bændur





**Ryksugur
NT 25**



**Háþrýstidælur
HD 6/16**



**Háþrýstidælur
K 7**



**Sópar
KM 70/20**



RAFVER

Umboð og þjónusta

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

LESENDABÁS

Hvað er sameiginlegt með orkupakka þrjú og innflutningi á hráu kjöti?

Í fyrstu er fátt að sjá sem er sameiginlegt. En þó þarf ekki að leita lengi til að sjá hvað það er. Það sem er sameiginlegt er afsal á lýðræðislegu valdi.

Brussel vill orkuna á markað

Orkupakki þrjú á sér langan aðdraganda, allt aftur á miðjan síðasta áratug liðinnar aldar. Þá var birt í Brussel svokölluð grænbók um orkumál en í henni var kveðið á um að nú skyldi stefnt að því að líta á orku sem hverja aðra markaðsvöru. Þetta var alger nýlunda en í samræmi við þessa stefnu leit fyrsti orkupakkinn von bráðar dagsins ljós og liðu aðeins örfá ár þar til hann var kominn í íslensk lög. Það var árið 2003. Þá var orkupakki tvö löngu kominn á vinnsluborðið og varð að lögum hér árið 2008. Og sagan endurtók sig með þriðja orkupakkann sem nú bítur afgreiðslu á Alþingi, af eða á. Vonandi verður honum hafnað og helst undið ofan af því sem áður er orðið.

Þessir pakkar hafa allir stefnt í þá átt sem boðað var í grænbókinni, að búa í haginn fyrir markaðsvæðingu – og í framhaldinu einkavæðingu – orkunnar, fyrst með því að greina í sundur framleiðslu, dreifingu og sölu í bókhaldi og nú síðast hvað varðar sjálft eignarhaldið; frá og með þriðja orkupakkanum skuli það ekki vera á sömu hendi.

Beisli og mál frá ACER

Eignarhaldsákvæðið svo og bann við samráði var að finna í orkupökkum eitt og tvö, en í þriðja pakkannum er hert á þessum ákvæðum. Enda þótt Íslendingar muni hafa fengið undanþágua hvað eignarhaldið áhrærir er engu að síður hafði ferlið hér á landi um aðgreiningu sjálfs eignarhaldsins.

Þannig stefnir ríkið nú að því að kaupa eignarhluta Landsvirkjunar, Rarik, Orkuveitu Reykjavíkur og Orkubús Vestfjarða í Landsneti. Öll eru þessi fyrirtæki í eign almennings, þannig að almenningi er ætlað að kaupa Landsnet af almenningi.

Þetta er hins vegar bara forsmekkurinn af því sem koma skal.

Ef við förum undir ACER má búast við kærnum vegna markaðsráðandi stöðu Landsvirkjunar. Það mál yrði síðan leyst með því að búa þá stofnun niður og selja síðan einstakar virkjanir í partasölu!

Viljum við þetta? Eftir að við fengjum upp í okkur beisli og mál frá ACER fengjum við einfaldlega engu um þetta ráðið!

„Ekkert annað en markaðspakkar“

Þótt vissulega sé gott að tryggja almannaæign á dreifikerfinu þá er vegferðinni þar með engan veginn lokið, sem áður segir, og um það voru yfirlýsingar Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur iðnaðarráðherra á nýafstöðnum ársfundi Landsvirkjunar upplýsandi. Í fyrsta lagi sagði ráðherrann réttléga um orkupakka eitt og tvö, að þeir væru „ekkert annað en markaðspakkar, og sá þriðji (væri) það líka.“

Verra var þegar ráðherrann lýsti afstöðu sinni til orkuauðlindar þjóðarinnar. Samkvæmt mbl.is sagðist Þórdís Kolbrún „hafa heyrt af því að hópur fólks sem ætlaði að berjast gegn samþykkt þriðja orkupakkans á Alþingi ætlaði að fara fram undir slagorðinu „Okkar orka“ og sagðist hún túlka þau skilaboð sem svo að þessi hópur teldi orkuauðlindina af sama meidi og fiskinn í sjónum, þ.e. í sameign þjóðarinnar. Svo er ekki,



Ögmundur Jónasson.

sagði ráðherra, og lagði áherslu á að vatnsafl og jarðvarmi og nýtingarréttur af þeirri auðlind væri í hendi landeigenda.“

Tíðrætt um íslenska garðyrkju

Stjórnmalamaður með þessar skoðanir mun ekki eiga erfitt með að samþykkja orkupakka þrjú, enda ekkert annað en enn einn markaðspakkinn! Ég leyfi mér nú samt að halda því fram að ýmsir samflokksmenn ráðherrans líti ekki alveg eins á málið, alla vega ekki þeir sem ég hef setið fundi með undir kjörorðinu „orkan okkar“. Þeim hefur til dæmis orðið tíðrætt um garðyrkjubændurnar sem orkupakki þrjú mun leggja bann við að fengju niðurgreidda raforku. Og erum við þá að nálgast fyrirsögn þessa pistils. Samkvæmt orkupakka þrjú er slitið á öll tengsl stjórnmalamanna við orkuveirann sem hér eftir skuli rekinn á markaðsforsendum og öll lýðræðisleg inngrip bönnuð.

Komið er á fót yfirþjóðlegri stofnun, ACER, sem á að fylgjast með því að þessu verði framfylgt. Hún mun hafa úrskurðarvald í deilumálum sem kunna að verða í viðskiptum yfir landamæri og gefur hún auk þess út fyrir mæli um hvernig viðskiptum verði háttað á öllu svæðinu.

Og þá að kjötinu

Nákvæmlega hið sama gerist með lagabreytingum um innflutning á hráu kjöti. Þeir vísindamenn sem mest mark er á takandi sökum þekkingar sinnar og rannsóknar vara við innflutningnum. Brussel kemur þetta hins vegar ekkert við né dómstólum sem dæma samkvæmt reglum þaðan. Markaðurinn einn eigi að ráða.

Varnaðarorð vísindamanna og hrikaleg reynsla okkar af innfluttum sjúkdómum hlýtur hins vegar að kalla á viðbrögð þeirra sem ætlað er að standa vörð um almannahag.

Hvort sem um er að ræða orkuauðlindir eða heilsu manna og dýra þá er komið að því að reisa rönd við yfirgangi markaðsaflanna.

Sóttvarnarlæknir, mislingar og frelsi til að grilla

Fyrir fáeinum dögum kom upp mislingatífelli í íslensku flugvél. Gripið var til bráðaaðgerða af hálfu sóttvarnarlæknis. Embættið vissi að voðinn var vís. Og þau sem spyrja hve vitlegt sé að hefja innflutning á hráu kjöti ættu að fara að dæmi sóttvarnarlæknis og leyfa varfærni að njóta vafans.

Ekki eru þó allir á þeirri skoðun. Katrín Atladóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, skrifar í Fréttablaðið í vikunni sem leið undir fyrirsögninni *Frelsi til að grilla*. Þar segir m.a.: „Með bætum

lífskjörum verða Íslendingar veraldarvanari. Algengt er að fólk ferðist víða um heim, verji tíma í stórborgum og jafnvel afli sér menntunar eða starfi erlendis. Það er vant fjölbreyttu borgarlífi sem og úrvali vöru og þjónustu ... Það vill velja um jarðarber frá Spáni eða Íslandi og það hvort ferska steikin komi frá Hollandi eða Íslandi. Takmarkanir á innflutningi ferskvöru eru óheimilar samkvæmt EES-samningnum auk þess sem það er neytendum alltaf til hagsbóta að hafa val ... Fyrst og fremst eigum við að treysta fólki. Við eigum að treysta íslenskum landbúnaði til að standast erlendum snúning, efitrústofnunum til að sinna sínu efitrúli af myndugleika og ekki síst að treysta neytendum til að kjósa hvað þeir láta ofan í sig.“

Þegar frelsi eins skaðar aðra

Þessi einföldun af hálfu stjórnmalamanns vekur hroll. Mislingarnir í flugvélinni ættu að minna á hve mikilvægt það er að hlusta sé á ábyrga vísindamenn og að stjórnmalamenn átti sig á því að smitsjúkdómar koma okkur öllum við og eiga ekki að snúast um frelsi einstaklinga til að flytja í kjötbörðin okkar vöru sem valdið getur samfélaginu öllu ómældu tjóni. Þar með snýst frelsið upp í andhverfu sína.

Hér er fjallað um hvernig bregðast eigi við aðkallandi vanda. Mínnar áhyggjur eru ekki um það hvernig brugðist er við hverju sinni, heldur hitt hvort við yfirleitt megum bregðast við. Það á nefnilega við bæði um raforkuna og innflutninginn á matvælum, að þegar markaðslögmálin hafa verið leidd til öndvegis fylgir það með að vilja okkar er úthýst.

Ögmundur Jónasson

eða svo kölluðum „skúrhalla“. Var þar vísað til þakhalla á sögufrægru byggingu er stóð í hlaði á æskuheimili þáverandi landbúnaðarráðherra, sem hagræðingin skyldi miðast við. Þó 1% hagræðing á ári hafi ekki vegið þungt við upphaf samningsins, þá vinnur tímans niður þar sem annarstaðar. Hefði verið byggt við þennan merka skúr með sama þakhalla og sem nemur komandi framtíð, hefði glögglega mátt sjá hvert þakbrúnnin stefndi áður en yfir lyki. Því fordæmi sem þarna var komið á, hefur því miður reynst erfitt hnekkja.

Í núverandi samningnum náðist þó nokkur árangur til mótvægis þeim skerðingum sem orðið hafa á starfsskilyrðum landbúnaðarins árin þar á undan. Hvað nautgriparkerktina varðaði, fengust nýir fjármunir til stuðnings við nautakjötsframleiðslu og í Rammisamning um landbúnað kom m.a. nýr flokkur landgreiðslna, sem nýttast kúabændum ekki hvað síst. Í þessu efni þarf að horfa vítt yfir sviðið. Sterk rök hníga með því að auka þróunarfé nautgriparkerktar í rammisamningi, t.d. með því að greinin hækki sitt tillag úr 13-15 milljónum kr á ári í 50 milljónir, gegn því að ríkið komi með sömu upphæð á móti þannig að heildar potturinn verði 100 milljónir árlega. Knýjandi er að auka rannsóknir í greininni, ekki síst á sviði fóðrunar og fóðurverkunar, enda er fóðurverkunin mikilvægasti drifkraftur nautgriparkerktarinnar til framtíðar lítið. Þá verði horft til þess að fjármunum til átaks í kolefnisbindingu verði fundinn farvegur í Rammisamningi landbúnaðarins.

Stigið fram á við

„Það vel skal vanda, sem lengi skal standa“ er stundum sagt. Það er erfitt að sjá fyrir sér að landbúnaður verði stundaður hér á landi næstu áratugi án atbeina hins opinbera. Því er afar mikilvægt að vilji almennings á Íslandi til að styðja við landbúnað sé varðveittur og forsvarsmenn landbúnaðarins umgangist hann af virðingu. Það er bjargföst sannfæring okkar að verslun og viðskipti með stuðningsgreiðslur ríkisins séu vísasta leiðin til að eyðileggja þann vilja. Framsal stuðningsgreiðslna verður því að stöðva. Sama gildir um vatnshallann, haldi hann áfram verður samningurinn á endanum lítils virði.

Starfsskilyrði þessarar langstærstu greinar íslensks landbúnaðar verður að þróa og útfæra þannig að nautgriparkerktin geti mætt fjölbreyttum áskorunum í nútíð og framtíð. Næsta endurskoðun skal fara fram árið 2023 og þá skulu jafnframt lögð drög að næsta samningi, sem vonandi tekur gildi 1. janúar 2027. Þangað til eru sjö ár og sex mánuðir, sem verða liðin áður en við vitum af. Því er mikilvægt að með endurskoðuninni nú verði tekin stór og ákveðin skref til móts við nýja tíma.

Baldur Helgi Benjamínsson
Jóhann Nikulásason
Sigurður Loftsson

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir


Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf



Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



UTAN ÚR HEIMI



Ólífutré eru viðkvæm fyrir snöggum og tíðum veðrabreytingum og slíkar breytingar gera þau einnig viðkvæmari fyrir sýkingum.

Uppskerubrestur á ólífum:

Versta uppskera í 25 ár

Ólífubændur á Ítalíu standa frammi fyrir því að uppskera á ólífum í ár er 57% minni en í meðalári og sú minnsta í 25 ár.

Ástæða uppskerubrestsins eru sagðar vera breytingar á veðri sem hafi leitt til þess að veðurfar á stórum ólífuræktarsvæðum sé orðið óhagstætt fyrir ólífutré. Hugsanlegt er talið að Ítalía þurfi að flytja inn ólífur þegar líða tekur á árið.

Breytingarnar á veðri sem eru að valda ítölskum og öðrum ólífuræktarbændum í kringum Miðjarðarhafið vandræðum felast í óvenju miklum rigningum, óvenjulegum vorfrostum, hvössum vindum og sumarþurrkum.

Sérfræðingar á vegum Sameinuðu þjóðanna á sviði loftslagsbreytinga segja að breytingar á veðurfari við

Miðjarðarhafið sem dregið hafa úr ólífuuppskeru séu upphafið að enn meiri breytingum í veðri þar um slóðir.

Ólífutré eru viðkvæm fyrir snöggum og tíðum veðrabreytingum og slíkar breytingar gera þau einnig viðkvæmari fyrir sýkingu og ekki síst bakteríu sem kallast xylella fastidiosa og herjað hefur á ólífutrjáalundi í löndunum við Miðjarðarhaf undanfarin ár.

Yfirvöld á Ítalíu hafa lofað að hlaupa undir bagga með bændum en tap þeirra er metið í hundruðum milljóna evra.

Samkvæmt spám kommisara Evrópusambandsins má búast við að uppskera á ólífum á þessu ári verði að minnsta kosti 20% minni í Portugal og 42% minni í Grikklandi en í meðalári. /VH



Dauður albatrosi á langlínubeitu.

Fiskveiðar og meðafli:

Albatrosurum fækkar

Fuglaáhugamenn og aðrir umhverfissinnar segja að af 22 tegundum albatrosa í heiminum séu 15 í útrýmingarhættu. Meginástæða þess er sögð vera að fuglarnir veiðist sem meðafli langlínubáta.

Upplýsingar frá gervihnöttum sýna að albatrosur í heiminum fækkar stöðugt og að fjöldi fuglanna veiðist á línu túnfiskveiðibáta og annarra langlínubáta. Talið er að innann við 15% langlínubáta geri þær varúðarráðstafanir sem taldar

eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að fuglarnir veiðist á línu.

Áætlað er að tugþúsundir albatrosa drepist á hverju ári eftir að hafa steypt sér í hafið eftir beitu langlínubáta og fest á öngli. Auk albatrosa er beita eftirsótt af öðrum tegundum sjófugla, skjaldböfum og smáum hvölum.

Samkvæmt Global Fishing Watch eru nútímafiskveiðar ástæða þess að stofnum albatrosa í heiminum hefur fækkað um þrjá fjórðu undanfarna áratugi. /VH

Á FAGLEGUM NÓTUM



Um áramótin 2017–2018 var fjöldi mjaltapjónabúa hér á landi 180. Um nýliðin áramót var fjöldinn kominn í 198 og nam fjölgunin því 10% á einu ári.

Mjaltapjónabúum fjölgar jafnt og þétt hér á landi

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



Rétt eins og undanfarin ár hélt þróun íslenskrar mjólkurframleiðslu áfram í sömu átt á liðnu ári með fjölgun kúabúa sem nota mjaltapjóna. Um áramótin 2017-2018 var fjöldi slíkra bóna hér á landi 180 en um nýliðin áramót var fjöldinn kominn í 198 og nam fjölgunin því 10% á einu ári.

Á árinu hætti eitt mjaltapjónabú í framleiðslu. Árið á undan fjölgaði mjaltapjónabúunum um 23% svo heldur hefur hægst á þróuninni, þó svo að hún sé enn hröð og umtalsvert meiri en við sjáum í nágrannalöndum okkar. Á sama tímabili fjölgaði mjaltapjónunum úr 222 í 245 eða um 10,4% og voru um áramótin fjórar mismunandi tegundir mjaltapjóna í notkun héraðs þ.e. frá Lely, DeLaval, GEA og Fullwood.

Hvert bú með 424 þúsund lítra að jafnaði

Að jafnaði var hvert mjaltapjónabú sem lagði inn mjólk allt síðasta ár, þ.e. tók ekki tæknina í notkun á árinu, að leggja inn 424 þúsund lítra sem er heldur minna en mjaltapjónabú í fullri framleiðslu allt árið 2017 lögðu inn. Eðlilega var töluverður munur á milli mjaltapjónabúanna og þannig lögðu t.d. þrjú bú inn meira en 1 milljón lítra hvert og 36 bú inn meira en hálfa milljón lítra.

Hver mjaltapjón með 341 þúsund lítra

Sé einungis horft til gagna um þau bú sem voru með mjaltapjóna í notkun allt síðasta ár þá nam innlögð mjólk frá hverjum mjaltapjóni 341 þúsund lítrum að jafnaði sem er tvö þúsund lítrum minna en meðalinnlöggnin árið 2017. Líkt og undanfarin ár munar afar miklu á nýtingu mjaltapjónanna á milli bóna en mesta magn, og nýtt Íslandsmet eftir því sem greinarhöfundur veit best, að baki einum mjaltapjóni fór í 590 þúsund lítra! Eins og mörg undanfarin ár eru ekki mörg bú að leggja inn meira en hálfa milljón lítra, eftir einum mjaltapjón en á árinu 2018 voru alls fjögur bú sem náðu að framleiða meira en 500.000 lítra með hverjum mjaltapjóni.

Minnssta innlagða magnið á árinu eftir einum mjaltapjón voru 112 þúsund lítrar og alls var meðalinnlöggn 11 bóna undir 200 þúsund lítrum að jafnaði eftir hvern mjaltapjón.

GEA



Reiknuð framleiðslugeta mjaltapjóna

Sé tekið mið af meðalframleiðslu mjaltapjónanna árið 2018 og sú geta uppreiknuð á alla 245 mjaltapjónana sem voru í notkun á Íslandi um áramótin þá nemur ætluð framleiðsla þeirra 83,5 milljónum lítra sem væri þá um 55% af landsframleiðslunni eins og hún var á síðasta ári. Að sama skapi má reikna út tæknilega framleiðslugetu þessarar mjaltatækni miðað við bestu íslensku aðstæður og hið nýsetta Íslandsmet. Ef öll mjaltapjónabúin á Íslandi gætu nýtt mjaltapjóna sína jafn vel og það bú sem náði mestum afurðum eftir sinn mjaltapjón þá gætu þau tæknilega séð lagt inn 145 milljónir lítra sem er um 95% af allri ársframleiðslu mjólkur á Íslandi! Auðvitað er óraunhæft að svo verði raunin, þ.e. að hægt sé að nýta alla mjaltapjóna jafn vel enda aðstæður ólíkar á milli bóna en áhugaverð staðreynd engu að síður að tæknileg geta þessara 198 kúabúa sé svona mikil. Dagljóst er að í ár, miðað við þær tölur sem þegar hafa sést um nýjársfestingar í mjaltapjónum héraðs á þessu ári, að tæknileg framleiðslugeta mun verða í árslok meiri en ársframleiðsla mjólkur allra kúabúa landsins.

Átta bú með lægri frumutölu en 125 þúsund

Undanfarin ár hafa margir íslenskir kúabændur sýnt það og sannað að með því að nota mjaltapjónatæknina er hægt að ná einstaklega góðum árangri þegar horft er til mjólkurgæða og árið í fyrra var þar engin undantekning og í raun bæting á árangri frá fyrra árum. Alls náðu 8 kúabú þeim magnaða árangri að vera með lægra vegið meðaltal frumutölu en 125.000 frumur/ml og lægsta vegna meðaltalið var 87.516 sem er afar góður árangur svo ekki sé tekið dýpra í árinna!

Meðalfrumutalan 214 þúsund frumur/ml

Að jafnaði var vegið meðaltal frumutölu þeirra mjaltapjónabúa sem voru í fullri framleiðslu á síðasta ári og stóðu ekki í breytingum, s.s. stækkun með tilheyrandi mögulegu raski, 214 þúsund frumur/ml. Ekkert sérlega góður árangur að jafnaði enda segir meðaltalið ekki allt eitt og sér. Nokkur bú, 14 talsins, voru nefnilega með allháa frumutölu eða yfir 300.000 frumur/ml sem togar meðaltalið vel upp og það hæsta með 359 þúsund frumur/ml. Þessi bú eiga augljóslega við alvarlegan vanda að etja og þrjátíu til viðbótar, sem lágu á bilinu 250.000 frumur/ml til 300.000 frumur/ml, geta bætt verulega reksturinn með því að ná tókum á hinna háu frumutölu. Há frumutala hefur margofn verið beintengd við rekstrarafkomu kúabúa vegna ýmissa þátta eins og afurðataps, kostnaðar við meðferðir kúa, lélegri endingar kúa og margt fleira mætti tína til. Það er því dagljóst að þau bú sem eru að slást við svona háa frumutölu geta stórbætt reksturinn með bættu jógurheilbrigði og þessum árangri er hægt að ná óháð því hvaða tegund mjaltapjóns er notuð, það sýna okkar eigin tölur um búin sem ná einna bestum árangri.

19 bú með meðaltal líftölu lægri en 15 þúsund/ml

Líkt og með þróun frumutölu á mjaltapjónabúum þá hefur líftala þessara bóna einnig tekið verulegum breytingum á liðnum árum og hefur verið afar ánægjulegt að fylgjast með þeirri þróun sem hefur átt sér stað. Áður fyrr var það frekar oft að líftala mjólkurinnar frá búum með mjaltapjóna átti það til að vera í hærra lagi en bæði með aukinni þekkingu á notkun mjaltapjóna og vissulega betri tækni í dag en áður fyrr þá hafa orðið miklar breytingar

Bændablaðið
Kemur næst út
28. mars

á þessu. Þannig náðu t.d. 19 bú að vera með vegið meðaltal líftölu undir 15 þúsundum á síðasta ári og það lægsta var með að jafnaði 8.375/ml. Vegið meðaltal allra búa sem voru í fullri framleiðslu og stóðu ekki í breytingum á árinu var 33.996/ml.

Líkt og undanfarin ár áttu nokkur bú í vandræðum með líftölu á síðasta ári en hlutfall búa með svona vandamál hefur þó farið lakkandi á liðnum árum. Í fyrra voru 21 bú með hærri líftölu að jafnaði en 50.000/ml og það hæsta þeirra var með að jafnaði 151 þúsund/ml. Sem fyrr sýna þessar niðurstöður að mikill breytileiki er á milli einstakra búa sem þó eru að nota afar áþekka tækni og bendir það til þess að stór hluti af þessum mun skýrist af bústjórnarlegum og mannlegum þáttum, þ.e. umgengni og almennu reglubundnu viðhaldi þó svo að vissulega sé ekki hægt að útiloka að bilanir á mjaltatækninni geti skýrt hátt meðaltal. Skýringin felst í því að bilanir leiða oft til líftöluskota, sem geta gjörbreytt meðaltalinu þó svo að vegið sé.

Samantekt þessi byggir á upplýsingum frá Auðhumlu, Mjólkurafurðastöð KS og RML, auk þess að byggja á upplýsingum frá öllum innflytjendum mjaltþjóna á Íslandi.

Byggðastofnun: Styrkir rekstur í strjálbýlinu

Byggðastofnun hefur nú undirritað samninga vegna sex verslunarverkefna á starfssvæði sínu á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2018–2024 þar sem m.a. er kveðið á um framlög til að styðja verslun í strjálbýli. Alls eru gefin fyrirheit um styrki að upphæð 25,7 milljónir króna á árunum fram til ársins 2021.

Markmið með framlögnum er að styðja verslun í skilgreindu strjálbýli fjarri stórum þjónustukjörnum, þar sem verslun hefur átt erfitt uppráttar.

Borgarfjörður og Árneshreppur

Eitt þeirra verkefna sem hlaut styrk er Gusa ehf. sem hlaut eina milljón króna vegna Búðarinnar í Borgarfirði, en hún var opnuð síðastliðið sumar. Styrkur verður m.a. notaður í að fullgera húsnæði og auka þjónustu. Þá hlaut Árneshreppur styrk að upphæð 7,2 milljónir króna fyrir árin 2019 til 2021 vegna verslunar í Norðurfirði, en hún hefur verið lokað frá því síðasta haust.

Hrísey og Hólmavík

Hríseyjarbúðin fékk 6,3 milljónir í styrki fram til ársins 2021 vegna verslunar í Hrísey. Matvöruverslun hefur verið í eyjunni frá 2015 og í eigu 52 hluthafa. Þar er fjölbreytt þjónusta, auk sölu á matvöru er þar bankaþjónusta, pósthús og kaffiveitingar. Kaupfélag Steingrímsfjarðar hlýtur styrk að upphæð 3,3 milljónir króna vegna Strandakjarna í Hólmavík. Byggja á KSH upp sem þjónustukjarna og verður gerð þarfa- og kostnaðargreining.

Grímsey og Raufarhöfn

Þá fær verslunin Urð á Raufarhöfn 5,5 milljónir króna til að tryggja áframhaldandi verslun með dagvöru í sveitarfélaginu. Að lokum má nefna að Kríuveitingar ehf. hljóta styrk að upphæð 2,4 milljónir króna vegna verkefnisins um verslunarrekstur í Grímsey. Markmiðið er að tryggja að áfram verði verslun í Grímsey og halda á versluninni opinni all árið um kring. /MPB

Mikil umskipti í hafnarstarfsemi á Húsavík:

Sprenging í skipakomum og flestar tengjast þær PCC á Bakka

Sprenging hefur orðið í komum flutningaskipa til Húsavíkur, en árið 2013 komu þrjú slík skip í Húsavíkurhöfn, í fyrra voru þau 64. Samkvæmt upplýsingum frá Húsavíkurhöfn er reiknað með frekari aukningu á þessu ári, eða um 80 flutningaskipum. Flestar komur flutningaskipa tengjast starfsemi PCC á Bakka.

Ljóst er að verksmiðja PCC á Bakka hefur haft mjög jákvæð áhrif á atvinnulífið á svæðinu, ekki síst þar sem ferðaþjónustan hefur verið að gefa aðeins eftir segir í umfjöllun á heimasíðu Framsýnar á Húsavík.

Þar kemur fram að 140 manns starfi á Bakka auk þess sem fjöldinn allur af afleiddum störfum hafi skapast á ýmsum sviðum atvinnulífsins.

Yfir sama tímabil hefur komum skemmtiferðaskipa einnig fjölgað. Árið 2013 komu 6 skemmtiferðaskip til Húsavíkur en árið 2018 kom 41 skemmtiferðaskip en heldur dregur úr á þessu ári, búist er við að skemmtiferðaskipin verði um 30 talsins í ár. Á árinu 2020 er spáð að skemmtiferðaskipum muni fjölga



Árið 2013 komu þrjú flutningaskip til Húsavíkur, þau voru 64 í fyrra.

Mynd / Framsýn

komu til Húsavíkur. Eitt þeirra er 231 metri að lengd og um 45.000 brúttótonn.


Ekki er talið ólíklegt að opnun Dettifossvegar með bundnu slitlagi eigi eftir að fjölga skipakomum til Húsavíkur enn frekar enda opnast þá einn fallegasti hringur landsins hvað náttúrufegurð varðar „og þá skemmir ekki fyrir að fallegasta fólkið á Íslandi býr í Þingeyjarsýslum,“ svo vitnað sé orðrétt í frétt á vef Framsýnar. /MPB



Knowledge grows

Ert þú að reikna með búfjáraburði?

Markviss nýting á búfjáraburði skiptir miklu máli þegar kemur að því að hámarka nýtingu næringarefna úr tilbúnum áburði. Við gerð áburðaráætlana er gjarnan stuðst við leiðbeinandi gildi varðandi efnainnihald búfjáraburðar. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að það getur verið mikill breytileiki milli bæja á efnainnihald og þurrefni búfjáraburðar. Með því að láta greina efnainnihald búfjáraburðar má fá mikilvægar upplýsingar um styrk næringarefna og þurrefni. Þannig má velja rétta áburðartegund og réttan áburðarskammt í samræmi við magn næringarefna sem borin eru á með búfjáraburði.



Á gröfunum hér að ofan má sjá niðurstöður efnamælinga á búfjáraburði hjá nokkrum viðskiptavinum Yara árið 2017. Rauðu línurnar sýna leiðbeinandi efnainnihald við 6,2% þurrefni.

	Bóndi A		Bóndi B		Munur
	Magn í búfjáraburði	Áburið magn	Magn í búfjáraburði	Áburið magn	
N	2,1 kg/tonn	42 kg/ha	3,4 kg/tonn	68 kg/ha	26 kg/ha
P	0,2 kg/tonn	4 kg/ha	0,9 kg/tonn	18 kg/ha	14 kg/ha
K	0,7 kg/tonn	14 kg/ha	3,3 kg/tonn	66 kg/ha	52 kg/ha

Í töflunni eru dæmi frá tveimur bændum. Gert er ráð fyrir að báðir bera á sama magn af búfjáraburði eða 20 tonn/ha. Skoðaður er munur á magni næringarefna, út frá efnamælingu búfjáraburðar. Munur á þurrefni skýrir hluta þess breytileika sem fram kemur í niðurstöðum. Hjá bónda A var þurrefnið 3,6% og hjá bónda B 8,1%.



VÉLABÁSINN

Jeep Wrangler Rubicon:

Alvöru jeppi með fullt af hestöflum

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Laugardaginn 2. mars síðastliðinn var frumsýning á Jeep Wrangler Rubicon hjá Ísband í Mosfellsbæ. Sýndir voru tvenns konar bílar, annars vegar dísilbíll með 200 hestafla vél og hins vegar bensínbíll með 273 hestafla vél.

Að loknum frumsýningardegi fékk ég til prufuaksturs bensínbíllinn og skemmst er frá því að segja að þessi prufuakstur var bara skemmtilegur alveg frá fyrstu metrunum og alla næstu 150 km plús.

Eldsneytiseyðslan í hærri kantinum ef maður passar sig ekki

Strax og ég settist inn í bílinn byrjaði ég á að skoða hvað þeir sem höfðu prófað bílinn á undan mér höfðu verið að eyða af bensíni miðað við 100 km akstur þessa 347 km sem var búið að keyra bílinn áður en ég fékk hann afhentan, en samkvæmt aksturstölvunni var það 16,2 lítrar á hundraðið. Ég núllaði aksturstölvuna og ók af stað í borgarumferðina og eftir um 50 km þar sem ég var „þokkalega“ stilltur á gjöfnni var mín eyðsla 13,9 lítrar á hundraðið.

Næst tók ég keyrslu sem jafnaðist á við langkeyrslu á 80–90 km hraða og þá var eyðsla ekki nema 6,5 lítrar á hundraðið, en uppgæfin meðaleyðsla í blönduðum akstri er 10 lítrar á hundraðið. Miðað við minn akstur og uppgæfa eyðslu er tölurverður munur á innanbæjarakstri og langkeyrslu enda vélin afar kraftmikil og svarar vel þegar maður ekur með þungan hægrifót. Enda erfitt að vera ekki með þungan bensínfót á svona kraftmiklum bíl.

Gerði tilraun á loftþrýstingi á malarvegi sem breytti miklu

Að keyra bílinn á malbiki er mjög gott og hávaðinn inni í bílnum á 90 km hraða er rétt yfir 70 desíbel (db). Þó var svolítið hvítleiður söngur sem kom frá grófum hjólbörðunum á malbikinu, en þegar komið var á malarveginn fann maður vel hvernig gormafjórðunin var að vinna sitt verk vel og örugglega. Að mínu mati mætti loftþrýstingurinn í hjólbörðunum vera minni. Þegar ég fékk bílinn var 39 psi í öllum hjólbörðum svo að ég gerði tilraun og hleypti úr dekkjunum niður í 30 psi allan hringinn. Það var allt annað að keyra bílinn á malarvegnum með svona lítið í dekkjunum, mun mýkri og maður fann lítið fyrir holunum.

Í dekkjunum eru skynjarar sem vara við loftleysi í dekkjum og þeir eru greinilega stilltir fyrir að fara ekki svona neðarlega og 30 psi voru greinilega of lág þannig að allar tölur voru rauðar og ekkert annað í stöðunni en að pumpa í aftur.

Mikið af góðum búnaði sem er ómissandi

Í hvert sinn sem ég setti bílinn í gang fór sætishitarinn í ökumannssætinu í botn og stýrishitarinn fór líka sjálfkrafa á sem er ekkert óþægilegt og maður þarf ekki að leita að þessum tökkum fyrr en að hendur og óæðri endi eru orðin of heit til að slökkva. Í bílnum er 220 volta tengill, en ekki ætlaður fyrir mikla rafmagnsnotkun og 150 wött er hámarkið.

Blindhornsvarar eru á bílnum eins og er að verða staðalbúnaður



Jeep Wrangler Rubicon.

Myndir / HLJ

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	2.080 kg
Hæð	1.850 mm
Breidd	1.890 mm
Lengd	4.880 mm
Eldsneytistankur	81 lítri



Nemarnir í dekkjunum ekki ánægðir með svona lítið loftmagn.



Framstuðarinn er þetta fína sæti sem fínt er að nota t.d. við skóskipti.



Bakkmyndavélin er með stórum skjá og eiginlega eins og sjónvarp.



Oft eru bílar illa varðir undir miðjunni, en hér er greinilega hugsað fyrir öllu og frágangur góður.

Í flestum nýjum bílum í dag. Bakkmyndavélin er með þeim stærri og skýrari sem ég hef séð í bíl. Næstum því hægt að kalla þetta sjónvarp, svo stór er skjárin.

Fullbúið varadekk er í bílnum, en

það eina sem ég sá og fann neikvætt við bílinn var ljósabúnaðurinn. Til að fá afturljósinn til að kvikna svo að maður sé löglegur í umferðinni, þá verður maður að muna að kveikja full ljós. Ekki er hægt að skilja þau



Fullbúið varadekk, en það þarf að muna eftir að kveikja og slökkva ljósinn svo að afturljósinn séu á í umferðinni.



Hugsað fyrir öllu. Þessi 20 göt eru ætluð fyrir skrufurnar sem festa toppinn og hurðirnar á bílinn ef það er tekið af, en á þessum vísa stað týnast þær ekki.

eftir kveikt þegar drepit er á bílnum, þar sem að þau fara ekki af sjálfkrafa eins og í mörgum öðrum bílum.

Vél og búnaður

Bensínvélin er V6 2000 og skilar 273 hestöflum, 8 gíra sjálfskipting er í bílnum, en uppgæfin dráttargeta er ekki nema 2,370 kg (frekar lítið miðað við kraft í bílnum).

Hægt er að keyra bara í afturhjóladrífnum og þannig stilltur og þegar ég ók á 90 km hraða var eyðsla hjá mér ekki nema 6,5 á hundraðið. Svo er sjálfvirk fjórhjóladríf sem



USB tengill og 220v tengill fyrir 150w rafmagnstæki er ekki í boði í mörgum bílum.

kemur sjálfvirk inn þegar þess er þörf, þ.e. „4H part time“. Þá er læst milli fram- og afturhjóls. Síðan er það 4L sem er lágt drif með læsingu milli fram- og afturhjóls.

Hæð undir lægsta punkt er 25,2 cm, en án nokkurra breytinga er hægt að setja bílinn á 35 tommu dekk og mjög auðvelt er að breyta þessum bíl og hækka.

Í boði er að taka húsið af í nokkrum pörtum og hurðir líka á heitum sumardegum og segir sagan að amerískir drullumallarar sem fara á sérstök aksturssvæði húslausir og koma þaðan með allt drulluskítugt, þá er bara notuð háþrýstidælan á allt, sæti, mælaborð og annað sem þarf að þrifa þar sem þetta á að þola háþrýstipvott. Persónulega myndi ég ekki treysta því.

Þessi bíll er einn vinsælasti jeppi sem fánlegur er í Ameríku og þar af leiðandi eru ótal vefsíður og verslanir sem bjóða upp á alls konar aukabúnað í þessa bíla.

Grunnverðið er frá 10.890.000 á Jeep Wrangler Rubicon. Svo er bara spurning um hvað maður vill mikið af þægindum í breytingarpakka.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá sölumönnum Ísband eða á vefsíðunni www.isband.is.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hvað ungur nemur, gamall temur, í forvörnum er þetta stundum öfugt

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Í þessum pistlum sem hafa verið hér í blaðinu á sjöunda ár hefur víða verið komið við. Við öflun á efni til að fræða svo að gagn og árangur náist í forvörnum, heilsu og ásýnd hefur víða verið leitað að efni. Mest hefur verið notast við að „gúggla“ efni, en í einstaka tilfellum hefur mér verið sent efni til að vinna út frá og ómetanlegar eru þær ábendingar sem ég hef fengið frá ýmsum góðum mönnum.

Persónulega hefði ég viljað fá fleiri ábendingar frá tryggingarfélagum um það sem betur mætti fara að þeirra mati, en tryggingarfélagin ættu að geta séð óeðlilegt munstur óhappa og slysa á undan mörgum öðrum.

Umhverfismál og ásýnd of aftarlega í hugsun Íslendinga

Drasl og sóðaskapur er mjög misjafnt túlkað af mörgum, en það sem sumum finnst ryðgað drasl er jafnvel gersemi í augum annarra, samanber gömul vinnutæki, bílar og gamlar rústir bæja og útihúsa svo eitthvað sé nefnt. Vissulega finnst mér gaman að skoða gamla bílakirkjugarða og gamlar hleðslur húsa og fleira.

Það eru örugglega flestir sem taka undir það að þegar af gömlum hleðslum stafar hrunhætta og bílakirkjugarðurinn er hættulegur fyrir þá sem þangað koma er full þörf á að taka til hendinni og gera svæðin hættulaus. Það er og verður alltaf álitamál hvað er drasl og verðmæti, en stundum verður að fórna verðmætum fyrir öryggi og betri ásýnd. Hins vegar er alltaf hægt að tína rusl og taka til drasl sem virðist vera alls staðar og er alltaf að verða meira og meira vandamál.



Drasl og sóðaskapur er mjög misjafnt túlkað af mörgum, en það sem sumum finnst ryðgað drasl er jafnvel gersemi í augum annarra, samanber gömul vinnutæki, bílar og gamlar rústir bæja og útihúsa svo eitthvað sé nefnt.

Heilsa og heilsufar er eitthvað sem hver og einn getur stjórnað sjálfur

Nú stendur yfir sá mánuður sem kallast Mottumars, sem er hvatning til okkar strákanna að láta kíkja á neðrihlutann á okkur. Eitthvað sem margsinnis hefur sannað ágæti sitt og bjargað mörgum karlinum frá ótímabærum veikindum og jafnvel dauða. Hjá mörgum er þetta mikið feimnismál, en við erum ekkert öðruvísi en bíll sem er orðinn gamall og fer í skoðun, það er oftast ekki eitthvað að gamla bílnum sem kemur í ljós við skoðun. Þetta er eins með okkur sem viljum kalla okkur stráka, en erum byrjaðir að lýjast og verkur hér og þar. Það er hins vegar töluvert í að við náum stelpunum í að hugsa um heilsuna því almennt hugsar kvenfólk mun betur um heilsuna og fara þær mun oftast til lækna en við strákarnir sem virðumst alltaf vera í sömu keppinni að vera sem óþekkastir.

Öryggismál varðar alla og ólíkar eru aðferðir forvarnanna

Kennsluáferðir eru svo misjafnar erlendis að bara það eitt gæti verið vert að rannsaka, en í amerískri greinargerð sem ég las fyrir nokkru var lögð áhersla á að láta börn á aldrinum 6–10 ára fræða fullorðna fólkið og yngri systkini sín, verulega áhugaverð lesning sem náði til mín.

Farið var í skóla og kenndar ýmsar forvarnir í þessum aldurshópi með það í huga að þau beri boðskapinn heim í foreldrahús og jafnvel til afa og ömmu. Þetta átti upptök sín á þeim árum sem öryggisbelti voru að koma fyrst í bíla og börnum var kennt að ef þau myndu ekki spenna öryggisbeltin gætu þau dáíð. Þessi boðskapur komst til skila í bíltúr með pabba, mömmu, afa eða ömmu. Foreldrarir, afa og amma létu undan og spenntu beltid og fljótlega voru allir keyrandi með öryggisbeltid. Annað dæmi um góðan árangur var að kenna yngri systkinunum hvað eigi að varast og í þessari greinargerð var sérstaklega nefndur góður árangur eldri systkina í að kenna litla bróður eða systur að aldrei má nálgast bíla eða dráttarvélar nema að hlið og aldrei framan frá eða aftan frá vegna þess að þau séu svo lítil að erfitt sé að sjá þau.

Grátlega lítið fjármagn sett í forvarnir á Íslandi

Samkvæmt samantektum ýmissa stofnana erlendis er það talið að hver króna sem sett er í forvarnir sé arðvænlegasta fjárfesting sem hægt er að fjárfesta í fyrir samfélag. Niðurstaðan er að króna geti allt að 30 sinnum margfaldað sig í forvörnum, en algengast sé að verðmatið sé 10- til 20-földun á hverja krónu.

Eitthvert aðgengilegasta efni um forvarnir og fjármagn til forvarna,

niðurstöður og niðurskurð til forvarna er hægt að nálgast hjá frændum okkar á Írlandi. Þar hefur verið góðæri og slæm ár í slysum, en nú virðist eins og að Írar séu búnir að sanna ágæti forvarna með góðum árangri síðustu tvö ár eftir niðursveiflu vegna fjársveltis í fjögur ár þar á undan.

Hér á Íslandi finnst mér almennt forvarnir vera ósýnilegar nema þá einna helst fræðsla frá Samgöngustofu sem beinist mest að

bílaumferð. Hins vegar er sá árangur sem Slysavarnaskóli sjómanna hefur náð, sem allir Íslendingar ættu að vera stoltir af.

Sveitarfélög og menntamálaráðuneyti ættu að taka sig saman og nýta skólana betur til að koma forvarnarfræðslu heim með börnunum úr hverjum skóla samanber að láta börnin fá heimaverkefni sem væri brunaafing og rýming vegna elds heima hjá sér.

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR

FRÁBÆR VERÐ

John Deere	Ford
Zetor	Fiat
Case IH	New Holland
McCormick	Deutz-Fahr
Steyr	Massey Ferguson
Claas	

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Grásleppa! Grásleppa!

Kaupum grásleppu

Hafið samband í síma 866-7970 fyrir frekari upplýsingar.

Sverrir Björnsson ehf
Siglufirði

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	102	FÓTLAMA	BLÆR	STARTARI	BERIST TIL	SITJANDI		SKJÖN	HRÓPA	NEÐAN VIÐ	GRIND
		BURST									
		SNÍKILL						SPIR HVIDA			
		PRJÓNA- VARNINGUR			BRAG- SMÍÐS SÁLDRA						
		TALÍA						FARFA			
		RÝJA						ATHAFNA- SAMUR			
		BLUND						ÁLIT VAFI			OF LÍTIÐ
HÖFUNDIR BH • KROSSGÁTUR.GATUR.NET		REIÐUR		GRÆTUR	FJÖRLEYSI ÁMÆLA				KJÁNI	KLÓR	
		ÆDA- SLÁTTUR		HELMINGUD HEILDAR- EIGN				VÆTU ÁTT			
		FYRIR HÖND		MANNA FAT				SKEL SKORDÝR			
		STAKUR	BLÓM ILLÆRI			JAPLA KRAFS					SJÚKDÓM
		FUGL		TUNGUMÁL EGGJA				GLUFA SVAKA			
		HINDRUN		SÍLL SÆLINDÝR				TÁLKN- BLAÐ	VÖRU- MERKI MJAKA		
		FORLAGA			ÓSLITINN TVEIR EINS						KRINGUM
			VELLÍÐAN					VEGNA			
		SMÁBÁRA		TVÍHLJÓÐI		RÍKI Í MIÐ- AMÉRIKU					

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	101	HLOTNAST	ÁFORM	KRAUMA	SANTÖK		MÚGG	GÖGG	ÁLITA	RASK	VITLAUST	
		HERGANGA	G	Æ	S	A	G	A	N	G	U	R
		BERJAST	E	T	J	A	LESTA KVEÐJA	F	E	R	M	A
		SKORDÝR	F	L	Ó	BUKKUR GEIR- VARTA	H	A	F	U	R	N
		AUGLJÓS	A	U	Ð	S	Æ	R	N	Ó	G	
		BETL FYRIKBODI	S	N	A	P	TVEIR EINS	RÉTT STAKUR	S	A	T	T
		VEFENGJA	E	F	A	S	SAMKVÆMI	SÝRA SÍ- VINNANDI	E	D	I	K
		GORT	R	A	U	P	KYEN- HJÓTUR GJAMMA	H	I	N	D	JURT I RÖÐ
		TVEIR EINS	L	L	HAGNADUR HRISTA	Á	G	Ó	Ð	I	HLEMMUR HÁLFRADUR	H
		SUSS	U	S	S	E	VAFI SJÚKDÓM	F	E	F	M	L
			H	FROST- SKEMPI DÝL	K	A	NEITUN	N	E	I	I	L
		ESPAST	Æ	S	A	S	T	NUDDA NÖFNADUR	N	I	Ð	A
		KLÆP- LEYSIS	N	E	K	T	A	R	GLUNDR SKÖLI	G	U	T
		MÁLHEITI	S	T	A	M	TUNNUR	Á	M	U	R	Ó
		ÁTT	N	A	ÖRDU	A	G	N	A	R	GRAFA	J
												R
												Ð
												A

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Á bœnum Eystra-Fróðholt búa Ársæll Jónsson og Anna Fía Finnsdóttir.

Þau tóku við búinu á vordögum 1990. Á bœnum er stundaður blandaður búskapur með mikla áherslu á hrossarækt.

Býli: Eystra-Fróðholt.

Staðsett í sveit: Rangárþing ytra.

Ábúendur: Ársæll Jónsson og Anna Fía Finnsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Tvö uppkomin börn, Ragnheiður Hrund og Jón Finnur, tvær tíkur, Nala og Slaufa, og ein kisa.

Stærð jarðar? 5.350 hektarar þar af

75 hektarar af ræktuðu landi.

Gerð bú? Blandað bú; kýr, ær, hross og geitur.

Fjöldi búfjár og tegundir? 22 kýr, 76 nautgripir, 280 fjár og 14 geitur.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bœnum? Dagurinn byrjar á mjöltum og gegningum fram að hádegi, eftir hádegi taka við tamningar og þjálfun á hrossunum og síðan taka við mjaltir og gegningar seinni partinn.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast er þegar vel gengur með þjálfun og sýningar á hrossunum og sauðburður, allra




leiðinlegustu bústörfin er að hirða rúllur.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Svipaðan, vonandi betri. Ef það verður ekki farið að flytja inn allar landbúnaðarvörur.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Þeir sem standa að félagsmálum bænda eru að standa sig vel.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Það fer eftir því hvernig verður tekið á málunum og hvort bændur standi saman.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Tækifærin eru mörg, sérstaklega ef



Eystra-Fróðholt

hreinleiki íslenskra búvara verður haldið meira á lofti.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Smjör, ostur og mjólk.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambalæri og hrossalund, svo er saltað hrossakjöt í miklu uppáhaldi.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Mjög eftirminnilegt atvik í búskapnum er þegar ég var að koma úr merkisafmæli hér í sveit undir morgun.

Þá sá ég að Sæla var að kasta honum Sæ okkar þannig að við gætum fylgst með þeim merkisatburði. Óhætt að segja að það hafi verið með því eftirminnilegra hér.



MATARKRÓKURINN

Kjúklingaréttir og blómkál



Bjarni Gunnar Kristinnsson
matreiðslumeistari

Viltu byggja vöðva og missa fitu? Þá þarftu prótein!

Það er mælt með um 30 g af próteini á dag til að byggja upp sterkan líkama. Prótein er sameind úr aminósýrum. Það er nauðsynlegt bæði fyrir til dæmis hár og neglur og er mikilvægur þáttur í vöðvauppbyggingunni.

Rannsóknir benda til þess að besta leiðin til að fá nóg prótein er úr mataræði og gott er að borða 20–30 grömm af próteini í hverri máltíð.

Matur sem inniheldur 30 g af próteini

Beikon

7 þykkar sneiðar:

29,3 g prótein

Beikon er góð leið til að fá prótein, er með mikið af kalóríum og mikið af mettaðri fitu. Reyndar er það nánast jafn mikill hluti af próteini og fitu!

Harðsoðin egg

5 stór egg:

31,5 g prótein

Egg eru frábær uppspretta af próteini. Ef þú ert að reyna að minnka hitaæiningar geturðu alltaf borðað eggjahvítu, en þú þarft um það bil átta af þeim til að fá sama magn af próteinum.

Jarðhnetur

120 g

33 g prótein

Grillaðar kjúklingabringur

120 g

29,2 g prótein

Kjúklingur er vinsæll af góðri ástæðu. Kjúklingabringur hafa mikið prótein án þess að hafa mikið af kolvetnum eða fitu. Hann er líka góð uppspretta af vítamínum eins og B6.



Hunangsmandarínu-kjúklingur

Ótrúlega safaríkur, mjúkur og ljúffengur kjúklingur sem er fullkominn kvöldverður, tilbúinn á innan við 40 mínútum!

- › 1 heilt stykki kjúklingur (eða 8 læri)
- › 3 msk. smjör
- › 4 rif hvítlaukur, söxuð
- › Salt og pipar eftir smekk
- › 1/2 bolli af mandarínusafa (má nota appelsínu ef fólk nennir ekki að kreista mandarínur)
- › 1/2 bolli sojasósa
- › 2 matskeiðar hunang
- › 1 matskeið hrisgrjónaedik
- › Meðlæti að eigin vali
- › 1/4 búnt kóríanderlauf í skraut

Aðferð

Hitið ofn í 220 gráður
Setjið kjúkling á bretti, hlutið niður í bita.
Blandið saman smjöri og hvítlauk í skál.

Losið skinnið aðeins af kjúklingnum með fingrunum og smyjjið

hvítlaukssmjöri undir skinnið.

Dreifðið restinni yfir kjúklinginn. Kryddið með salti og pipar.

Blandið í skál mandarínusafa, sojasósu, hunangi og hrisgrjónaedik. Setjið mandarínublönduna yfir kjúklinginn og setjið í ofninn.

Steikið kjúklinginn í 30–40 mínútur, hellið yfir með pönnusafanum á 15 mínútna fresti. Haldið áfram að steikja kjúkling þar til hitamælir, sem er settur í þykkasta hluta brjóstins, nær 70 gráðum.

Flytjið kjúklinginn á bretti eða bakka og látið hvíla í 8–10 mínútur. Skerið kjúklinginn í sundur og framreiðið með meðlæti og pönnusafanum sem er aðeins búið að sjóða niður.

Fallegt að skreyta með nokkrum sneiðum af mandarínunum.

Hollari naggar

- › 1 miðlungsstór bökunarkartafla
- › salt
- › Ferskmalaður svartur pipar
- › 1/4 bolli af mjólk
- › 1 msk. ósaltað smjör



Aðferð

Skrælið kartöfluna og skerið í 1/2 tommu stykki. Setjið kartöfluna í saltað vatn í miðlungsstóran pott. Látið kartöfluna sjóða og eldið þar til hún er soðin, í um 20 mínútur. Hellið vatninu af.

Blandið síðan saman með mjólkinni, smjöri og salti og pipar eftir smekk.

Látið kartöfluna kólna.

Hitið ofninn í 210 gráður.

Setjið hvern kjúklingabita á disk, gerið vasa með hnífi og skiptið kartöflufyllingunni á milli bitanna og veltið svo upp úr hveiti, egg og raspi (eða muldu kornflexi) bakið í ofni þar til kjúklingurinn er fulleldaður (hægt að nota eldaða afganga þá er eldunartíminn styttri).

Framreiðið með dipp-sósu að eigin vali.

Blómkáls Mac 'N' Cheese

- › 1 höfuð blómkál
- › salt, eftir smekk
- › pipar, eftir smekk
- › ¼ bolli sýrður rjómi eða grískt jóгурt (60 g)
- › ½ bolli rifinn cheddar-ostur (50 g)
- › ferskt steinselja, söxuð

Aðferð

Skerið blómkál í bita.

Setjið blómkálið í sjóðandi vatni og sjóðið í 5 mínútur.

Sigtaðu blómkálið og færðu aftur í pottinn. Dragðu úr hitanum.

Setjið í salt, pipar og sýrðum rjóma og hrærið þar til það er blandað saman. Hrærið cheddar-osti þar til það er brætt.

Takið af hitanum. Skreytið með steinselju (flott er að framreiða inni í tortillu-pönnukökuskál með salati).

HANNYRÐAHORNID

Bláa Þruman

Að hekla sokka er afskaplega skemmtilegt en jafnframt stundum ögrandi. Þessir fallegu sokkar sóma sér vel á fæti. Allt sokkagarn frá Regia og Drops er nú á 30% afslætti hjá okkur.

Stærð: 35/37 - 38/40 - 41/43

Lengd fótar: ca 22 - 24 - 27 cm

Hæð á sokk: ca 19 - 20 - 21 cm

Garn: Drops Fabel, fæst í Handverkskúnst

100-150-150 gr litur nr 103, gráblár

Hekluál: 2 mm

Heklfesta: 28 ST x 16 umf eða 28 FL x 35 umf = 10x10 cm.


HEKLEIÐBEININGAR:

Sokkurinn er heklaður frá tå og upp. Í hverri umf með FL er fyrstu FL skipt út fyrir 1 LL. Endið umf á 1 KL í fyrstu LL. Í hverri umf með ST er fyrsta ST skipt út fyrir 3 LL. Endið umf með 1 KL í þriðju LL.

TÁ: Gerið galdralykkju, heklið 7 FL í hringinn. LESIÐ HEKLEIÐBEININGAR! Heklið 2 FL í hverja FL = 14 FL. Setjið þrónamerki í byrjun umf og í 8. L. Heklið nú hringinn með 1 FL í hverja L, JAFNFRAMT er aukið út um 1 FL sitt hvoru megin við bæði þrónamerki (útaukning = 2 FL í eina lykkju), endurtakið útaukningu í hverri umf 9-10-11 sinnum til viðbótar (alls 10-11-12 útaukningar) = 54-58-62 FL. Heklið nú eftir mynstri A.1 yfir fyrstu 31-37-37 FL í umf, heklið ST í síðustu 23-21-25 FL. Heklið áfram hringinn með ST undir í og mynstur A.1 yfir rist 31-37-37 L. Þegar stykkið mælist 9-11-14 cm er aukið út um 1 ST sitt hvoru megin við 31-37-37 L yfir rist, endurtakið útaukningu í hverri umf 11-12-12 sinnum til viðbótar (alls 12-13-13 útaukningar) = 47-47-51 ST + A.1. Heklið áfram þar til stykkið mælist 17-19-22 cm frá tå.



hælinn saman og lokið með KL. Slitið frá.



STROFF: Byrjið aftur og heklið eftir mynstri A.1 í 31-37-37 L yfir rist, heklið áfram eftir mynstri A.1 yfir næstu 35-35-41 L.

Heklið áfram eftir A.1 yfir allar lykkjur, síðasti ST í síðustu mynstureiningu er ekki heklaður. Heklið áfram þar til stroff mælist 14-15-16 cm. Heklið 1 umf eftir mynstri A.2.

Slitið frá og gangið frá endum.

HÆLL: Heklið 35-35-41 LL, sleppið 31-37-37 L yfir rist (A.1), heklið 1 FL í næstu 47-47-51 ST, heklið 1 FL í næstu 35-35-41 LL = 82-82-92 FL. Setjið 2 þrónamerki í stykkið, fyrsta í 3.-3.-2. FL umferðar, (það eiga að vera 41-41-46 FL á milli þrónamerkjá). Heklið áfram hringinn 1 FL í hverja FL, JAFNFRAMT er fækkað um 1 FL sitt hvoru megin við þrónamerkin (úrtaka = 2 FL heklaðar saman), (= 4 FL færri í hverri umf), endurtakið úrtöku í hverri umf 17-17-17 sinnum til viðbótar (= alls 18 úrtökur) = 10-10-20 FL eftir í umf. Snúið sokkunum á rönguna, brjótið

Létt

		6	5			8		2
	7		4	8				9
5	8	3				1	4	6
	2		3		8	4		
3		8	6		9	7		1
		1	7		2		5	
6	1	9				2	3	4
	5			2	3		1	
2		7			4	9		

Miðlungs

		6	7			2	8	3
4						8		1
		8	9	3	4	5		
	7		4					2
	8	3				1	4	
1					5		9	
		4	7	1	9	6		
	9		5					7
	2	6	8			9	5	

Pung

	5		7		8		6	
		1		3		5		
7								8
8		6	2		7	1		4
			6		3			
9		7	1		4	3		6
3								9
		2		4		6		
	9		8		1		2	

Þyngst

7		3			8		9	
9				4				8
	5				9			
			3			1		6
	8						4	
6		7			5			
			2				3	
3				9				4
	1	7			2		5	

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

Athugið að verslunin er flutt í Hraunbæ 102a, var áður til húsa í Hraunbæ 102b.

Drops garn á Drops verði
...og mörg hundruð frjár uppskriftir með því

Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 587-6662

Föndurlist
Vaxandi

Myndlistavörur
Föndur - Netverslun
Námskeið

Föndurlist - Strandgötu 75, 220 Hafnarfirði
s. 553 1800 - www.fondurlist.is

Bændablaðið
Kemur næst út **28. mars**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Elskar hesta og frjálssar

Margrét er búsett á Kirkjubæjarklaustri ásamt fjölskyldu sinni, hundi og ketti.

Hún elskar hesta, frjálssar og að fara í ferðalög, innanlands og utanlands.

Nafn: Margrét Ragnarsdóttir Blandon.

Aldur: 12 að verða 13 ára.

Stjórnumerki: Meyja.

Búseta: Kirkjubæjarklaustur.

Skóli: Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hestar.

Uppáhaldsmatur: Mexíkósku kjötbollurnar sem mamma gerir.

Uppáhaldshljómsveit: Queen.

Uppáhaldskvikmynd: Pirates of the Caribbean.

Fyrsta minning þín? Þegar ég var að útbúa útskriftarhatinn minn fyrir útskriftina mína úr leikskólanum Austurborg.



Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfi blak og spila á píanó, svo æfi ég frjálssar og sund þegar það er í boði.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Tamningamaður eða hárgreiðslukona, kannski bæði bara.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Þegar ég klifraði upp á jökul með frændsystkinum mínum, Silvu og Steinþóri, ásamt Sigga, þabba þeirra.

Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt um páskana? Fara til ömmu og fara í páskaeggjaleit með stórfjölskyldunni á Blönduósi.

Næst » Margrét ætlar að skora á Símon Snorra Björnsson, bekkjarbróður sinn, að svara næst.

VIÐ SKÓGARBÆNDUR

Toppnum náð

– Tvítoppklipping og snyrting trjáa

Mannfólkið elur börnin sín svo þau vaxi og dafni. Við hjálpum búfénu okkar að komast á legg. Við sinnum því sem við ræktum. Mesta umönnunin fer fram fyrstu árin, svo gerist hitt af sjálfu sér. Þetta á ekki síður við um skógana okkar.

Skógarauðlindin vex og dafnar sé henni sinnt sem skyldi. Í vel hirtum skógi standa heilbrigð tré. Tré eiga oft erfitt fyrstu vaxtarárin eftir gróðursetningu. Á þeim tíma eiga þau í sífelldri baráttu við ofuröfl náttúrunnar, svo sem óáreiðanlegar árstíðir, næturfrost, skafrenning, beitarðýr, frostlyftingu, samkeppnisgróður og skordýraplágur. Sé ætlunin að rækta einstofna tré í garði eða umfangsmikinn nytjaskóg getur það skipt öllu að kunna grunnatriðin við tvítoppklippingu.

Klippur og hanskar

Þau verkfæri sem þarf í verkið eru handklippur og greinasög. Mikilvægt er að verkfærin sem nota á við tvítoppklippingu séu beitt og hrein, fari vel í hendi og séu meðfærileg. Hanskar og hlý fót má ekki vanmeta. Öryggisgleraugu geta verið góð við vissar aðstæður og plástrar geta komið sér vel. Eftir notkun, ef ætlunin er að fara í annan skóg með verkfærin, er gott að sótthreinsa verkfærin áður en þau eru notuð á nýjum stað. Með hlýnandi veðurfari er aldrei að vita hvaða skordýr eða sveppagró berast til landsins og ekki viljum við vera dreifingaraðili að dreifa smiti milli skóga landsins.

Vetur, sumar og vor

Besti árstíminn til að vinna í skógi er á veturna þegar er sem kaldast. Gott er að sjá formið á lauf og barfellandi trjánunum og þegar dagurinn er sem stystur er alltaf jafn hressandi að koma sér út til að vinna. Á vorin má eiga vona á að lauftrjám blæði (lekur safi úr sárinu) þegar toppar eru sagaðar af og getur það haft áhrif á sárið sem myndast, sérstaklega þegar toppurinn er stór. Á haustin og fram að fyrstu frostum er ekki æskilegt að eiga við tré. Á þeim tíma geta verið sveppagró í loftinu sem smita tré í gegnum sárið sem veldur því að tréd nær ekki að loka og því drepið tréd. Skaðinn getur verið mikill og við viljum ekki bjóða hættunni heim.

Aflmunin

Þegar toppur er sagaður eða klipptur af stofni trés skal alltaf hafa sem hreinastan skurð og skiptir þá miklu að verfærin séu beitt. Passa þarf að særa ekki börkinn í kringum sárið eða nærliggjandi greinar. Það veldur því að trénu gengur illa að loka sárinu.



Þegar trén eru lægri en hnéhæð er óæskilegt að klippa trén. Betra er að bíða í ár eða tvö og meta þá stöðina þar sem enn er hættu á t.d. næturfrostum við svörðinn.



Tvítoppur á lerki. Toppbrum trésins er skemmt. Vaxtarþróttur á hliðargrein er meiri en í upphaflegum stofni og með gott toppbrum. Hér skal klippa gamla stofninn af og láta kröftugu hliðargreinina mynda toppinn til framtíðar. Tréd aðlagar sig fljótt breyttum aðstæðum þar sem það er enn ungt.



Brotinn tvítoppur á 8 metra háu lerki. Styrkleiki tvítoppa er veikari en í einstofna trjám. Hér er dæmi um trjátopp í 5 metra hæð sem brotnaði af í stormi.

Venjulega þegar toppur á tré er klipptur af er gott að hafa tvennt að leiðarljósi: að klippa sem næst stofni og að skilja eftir sem minnst yfirborð á sárinu. Þessi regla á þó



Þegar tréd er komið yfir hnéhæð eru minni líkur á að t.d. næturfrost hafi áhrif á vöxt þess. Á þessu vaxtarskeiði er mjög gott að meta uppvaxandi skóg og klippa þar sem þurfa þykir.



Tvistofna lerki. Þegar þetta tré var í hnéhæð myndaði það tvo toppa. Hefði það verið klippt þegar það var ungt hefði það vaxið beint. Þetta veikir tréd og er líklegt að annar stofninn brotni af einn daginn og mun það hafa neikvæð áhrif á þess sem eftir stendur.



Lerki með einn boginn topp. Þarna er búið að fjarlægja skemmdan topp og mun hliðargrein taka við hlutverki toppsins. Þessi áberandi beygja mun rétta úr sér og bæta gæði trésins en óvíst er hvort þetta nái sér að fullu.



Lerki sem ætlar að lifa. Stundum ætlar náttúran sér annað en við leggjum upp með. Þarna hefur lerki brotnað við samskeyti á veikum greinakransi. Tréd berst þó áfram fyrir lífi sínu og ætlar upp.

ekki við um furur, þar má ekki saga í greinahálsinn, en það er hulsa sem umleikur greinina aðliggjandi stofninum.

Ef furugrein er eins og putti að þykkt nær hulsan venjulega um 3 mm inn á greinina út frá stofni. Það er mikilvægt að tvítoppklipping fari fram á því vaxtarskeiði sem best hentar, en þá er tréd oftast um og yfir mannhæð.

Ef tré eru klippt of ungt getur verið ljáandi að bogra yfir hverri plöntu.

Ef beðið er of lengi með tvítoppklippingu gengur verkið hægt fyrir sig og sárin á trénu verða stærri en þyrftu að vera, auk þess þarf meiri lagni við þegar klippa þarf sverar greinar.

Ef um mjög sveran topp er að ræða er best að saga hann svoltið frá stofni til að létta á honum. Eftir á má saga stubbinn af við stofninn.



Þetta greinakrans á lerki. Með því að fjarlægja nokkrar greinar og skilja eftir fáar eykst styrkur trésins. Auðvelt er að laga greinakransa sem þessa þegar tréd er enn ungt.

Eftir að grein er klippt eða söguð af skal láta sárið afskiptalaust og ekki á að mála eða lakka yfir.

Hugtakið

Orðið „tvítoppklipping“ útskýrir aðeins hluta þess verks sem æskilegt er að vinna. Ef ætlunin er að klippa tvítoppa mætti einnig huga að því að snyrta tréd svo sem að huga að auka stofnum, þéttum greinakrönsum, óeðlilegum greinavinklum og öðru óæskilegu. Best og auðveldast er að sinna trjám frá hnéhæð og upp í rúmlega mannhæð.

Trjáplöntur eiga það til að mynda marga stofna upp af sömu rót. Það er ágætis regla að bíða með að snyrta trén þar sem stofnarnir mynda skjól fyrir hver annan, þeir eru auk þess í innbyrðis samkeppni sem leiðir til þess að vöxtur verður meira á hæðina og auðveldara verður að velja þegar kemur að klippingu.

Auðveldast og best er að klippa stofna frá hnéhæð upp í mannhæð því þá eru trén búin að súpa seyðið af því versta sem náttúran býður upp á, svo sem næturfrost, samkeppni við gróður, skaraveður og fannfergi. Þá fara trén í skóginum að veita hvert öðru skjól og uppvöxtur trjánna ætti að vera upp á við hér eftir.

3–5 m millibil

Það er mikilvægt fyrir heilbrigði skógarins að sem flest tré séu einstofna því margtoppa tré brotna yfirleitt seinna á lífsleiðinni og geta valdið tjóni. Auk þess eykst viðarnýting skógarins eftir því sem fleiri tré eru einstofna. Fyrir óreynnda verkmennt getur þessi vinna þótt seinleg og þá er ágætt að leggja áherslu á að taka tré í 3–5 metra fjarlægð frá hvert öðru. Það eru þau tré sem munu standa fram að lokahöggi. Að því loknu má fara aðra umferð og sinna afganginum af skóginum.

Aðgerðin

Gott er að staldra við og virða fyrir sér verkefnið áður en verkfærin eru dregin á loft. Eftir því sem meiri tíma er varið við skógræktina, þeim mun meiri afurða er að vænta þegar kemur að uppskeru. Hér á eftir er farið yfir 3 skref við snyrtingu á tré. Fyrstu tvö skrefin ganga út á að búa til bein og teinrétt tré. Síðasta skrefið gengur út á að auka styrk í viðnum.

1) Val á stofni

Fyrst skal horfa á form trésins og horfa eftir þeim stofnum sem eru beinastir og sterklegastir. Þegar þeir eru skoðaðir nánar skal horfa eftir hvort efsta brumið á þeim sé vænlegt til vaxtar. Skoða þarf vöxt síðasta árs eða ára til að meta hvort vaxtarþrótturinn sé góður. Eftir þessa athugun ætti einhver eða einhverjir stofnar að bera af.

2) Tvítoppklipping


Næst er horft á toppinn. Ef fleiri en einn toppur er á trénu skal klippa þá lókustu burt og er sama verkregla höfð eins og lýst var í liðinum „Val á stofni“.

3) Snyrting

Svo er horft á greinabygginguna og leitað eftir þéttum greinakrönsum þar sem fjöldi greina vaxa úr sama kransinum.



Mjög viðráðanlegt er að tvítoppklippa og snyrta tré þegar þau eru í um hnéhæð upp í rúmlega mannhæð. Þá virka verkfærin vel og sárið sem til verður er oftast smávægilegt og verður fljótt að loka sér.



Þegar tré er á þessu vaxtarskeiði er best að tvítoppklippa og snyrta skógin til að gera hann heilbrigðari og enn betri til nytja.

Í þannig tilfellum má klippa nokkrar greinar úr kransinum og gera hann ögn eðlilegri. Þetta greinakrans eykur stress í viðnum og gerir það viðkvæmt. Stundum brotna tré einmitt þar í miklum stormum. Næst er horft á krappa greinavinkla. Ef stofninn, sem er valinn til að lifa, hefur grein með einkennilega krappan vinkel miðað við stofninn er vissara að klippa hana frá. Slík grein myndar „gankvist“ í viðinn og skemmir. Að lokum er gott að klippa af allra neðstu greinarnar trésins. Þessar greinar eru gjarnan á kafi undir gróðri og geta verið erfiðar við að eiga þegar þær stækka og ætlunin er að komast að trénu til að fella. Þegar komin er reynsla á vinnuna á verkmaðurinn að sjá tiltölulega fljótleiga hvaða stofn skal velja með tilliti til byggingarlags og gæði toppa. Þá gengur vinnan hraðar fyrir sig og hægt er að ná yfir stórt svæði á skömmum tíma.

Toppnum náð?

Fullyrða má að tvítoppklipping sé mikilvægasta inngríp í skógrækt eftir gróðursetningu. Eftir það má skógurinn standa óáreittur þar til kemur að grisjun. Vissulega er þó ein aðgerð sem mælt er með að farið sé í eftir tvítoppklippingu, aðgerð sem gerir skógin bæði aðgengilegri og verðmeiri, en það er uppkvistun.

Hlynur Gauti Sigurðsson
frankvæmdastjóri
Landsamtaka skógareigenda
(LSE)



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannajónusta

551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

SUEVIA
Vantsdallur
SU10000370
Verð kr. 8.562

Útsöluastaðir:
Landstólpi - Egilsstöðum
Vélavali - Varmahlíð

LANDSTÓLPI
480 5600

Gluggar og hurðir
fyrir íslenskar aðstæður

Í yfir 20 ár hefur Viking selt tréglugga og hurðir á Íslandi Afhendist glerjað og tilbúið til uppsetningar á 5-8 vikum



Viking
VIKING WINDOW AS

Vesturhrauni 3
210 Garðabær
Sími: 480 0000
www.aflvelar.is
sala@aflvelar.is

AFLVÉLAR

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Til leigu sauðfjárbú á Vesturlandi. Innifalið, 5 herbergja hús, bústofn, fjárhús, hesthús, tæki og um 35 ha tún. Meðmæli og hreint sakarvottorð. Upplýsingar gegnum netfangið sauðfjarbu@gmail.com



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. 900 g að þyngd. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Fjór hjól. Polaris HD 1000 Buggy árg. 2015, götuskráð. Ekið 1.900 km. Aukahlutir fylgja bílnum, þ.á m. 2 dekkjagangar á felgum. Einnig til sölu bílkerra. S. 894-3755.



Til sölu nýtt klósetthús 19,2 fm + 6,5 fm verönd. 4 wc básar og 3 vaskar m/hitalementi. Tilvalið fyrir ferðaþjónustuna. Ásett 3,9 milljón kr. Uppl. í síma 698-3730 og 483-1818.



Stórbagggreip. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 243.000 með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Flutningsbox á þrítengi. Stærð 2 x 1,25m. Verð kr. 168.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Taðgreip, Breiddir: 1,2 - 2,5 m. Mjög vandaður og sterkur búnaður, framleiddur í Póllandi. Allar festingar í boði, festingar og slöngur fylgja. Eigum greipar á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Framleiðum og eigum á lager krókheysisgrindur með eða án gámalása, sterkar og ódýrar. Framleiðum einnig flatpalla á krókgrindur til vélaflutninga og alls konar flutninga. Vagnasmidjan.is - Eldshöfða 21, Rvk. S. 894-6000.



Skotbómur á vinnuvélar. Sérsmíðaður vandaður búnaður frá Póllandi. Allar festingar fánlegar. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is



Hljóðlátar rafstöðvar fyrir ferðavagna. Eigum á lager, japanskar rafstöðvar með Subaru vélum. Hljóðdempun er mjög góð, 56 dbA @ 7 m. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Álbrautir fyrir kerruna. Párið frá 400 kg í burðargetu og allt að 3.500 kg. Ýmsar lengdir. Párið frá kr. 21.500 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Vorið kemur! Til sölu harðdugleg og einföld tæki til niðursetningar og upptöku á kartöflum. Innflutt nýtt fyrir tveimur árum. Verð 550 þús. kr. settið. Uppl. í síma 849-1995.



Vara- og aukahlutir í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Eigum á lager varahluti í Jeep, Chrysler og Dodge. Sérþöntum í allar tegundir frá USA. Hagstætt verð. Bíljöfur - varahlutir ehf. Smiðjuvegi 72, Kóp. Sími 555-4151 - varahlutir@biljofur.is



Búnaður á stórvirkar vinnuvélar. Skóflur með vængjum, allt að 6 m³. Skóflur í mörgum útfærslum fyrir allt að 16 m³. Snjóplógar í mörgum útfærslum. Allur annar frambúnaður fyrir verkataka. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Göngubraut / hlaupabretti aðeins 69.500 kr. Hámarks þyngd notanda: 110 kg. 8 prógrömm. Hámarks hraði 14 km/klst. Þrektæki, sími 661-1902. Fri heimsending.



Áburðardreifarar fyrir dráttarvélar. Pólskir dreifarar á mjög hagstæðu verði. Galvaniseraður belgur, hnifur og vængir SS stál. Kastlengd: 12 - 28 metrar. Glussadrifin opnun / lokun. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is



Til sölu Hyundai Rolex 160LC-3, árg. 2000, vinnustundir 6.735. Gott ástand og umhirða. Verð 2.800.000 kr. + vsk. Uppl. í síma 761-1685.




KRAFTVÉLAR

Til sölu

TILBOÐ

Valtra
N123 HiTech 3




- Árgerð: 2014
- Hestöfl: 135
- Vinnustundir: 2.000
- Gírkassi 36x36
- Vökvaúttök 3 ventlar (6 úttök)
- Aflúttak - 2 hraða
- Miðstöð
- Góð dekk

Lítið notuð vél með góða sögu og vel útbúin

Verð:
7.560.000.- kr. án vsk.

Tilboð:
7.290.000.- kr. án vsk.

TILBOÐ

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Draupnisgata 6 / 603 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



Fjölplógur PUV3300
Breidd 3,3m, án festinga
Verð: 735.000 kr. + vsk



Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Án festinga
2,8m Verð: 850.000 kr. + vsk
3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk



Fjölplógur PUV „HD“
Án festinga
3,6m Verð: 1.190.000 kr. + vsk



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m³, rafstýrður, 12V
Verð: 1.250.000 kr. + vsk

Slitblöð

Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Snjótönn fyrir lyftara
2,5 m breið.
Verð: 175.000 kr. + vsk



Snjótönn, 3000 HD
3m, Euro festing
Verð: 315.000 kr. + vsk



Sanddreifarar
3P og EURO festing
1,5m Verð: 450.000 kr. + vsk
2m Verð: 495.000 kr. + vsk
2,3m Verð: 545.000 kr. + vsk
Aukabúnaður: Glussatjakkur



Flaghefningur 310-70
3m, +/- 32°, 692 kg.
Tveir glussatjakkur
Verð: 625.000 kr + vsk



Aflvélar ehf., Vesturhrauni 3,
210 Garðabær, sími: 480-0000
aflvelar.is - sala@aflvelar.is



Farmall Cub TC-37B til sölu, þarfnast uppgerðar. Á sér mjög merkilega sögu, þarf þess vegna að lenda í góðum höndum. Original samsetningarbók og partabók fylgir. Mótur hefur alltaf verið snúð reglulega. Uppl. í síma 895-5140.



Frystigámur, 40 feta gámur í toppstandi. Verð 600.000 kr. án vsk. Uppl. í síma 693-9901, Arnar.



Til sölu er tankur (liggjandi) sem tekur um 190 rúmmetra. Er úr rústfrú efni. Annar tankur (standandi) sem tekur um 40 rúmmetra er rústfrúr. Tilboð óskast. Uppl. í síma 899-1139.



Stálkerra til sölu. Lengd skúffu 203 cm, breidd botns 114 cm (breidd að ofan 138 cm) og hæð 44 cm. Full lengd með beisli 330 cm. Verð 200.000 kr. Sími 869-3491.



Til sölu grásanseraður Skoda Octavia Combi 2.0, árg. 2012. Ekinn 132.000 km, sjálfstýrtur, dísel, framhjóladrifinn. Að sjálfsgöðu með dráttarkúlu. Fæst á 1.100.000 kr. stgr. Góðir búmenn og búkonur velja Skoda. Nánari uppl. í síma 845-6305.



Háprýstipvottadællur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dællur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar, rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflurtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Mitsubishi Pajero árg. 2005. Ekinn 240.000 km. Verð 800.000 kr. Uppl. í síma 849-4153.



Innihrætur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudypt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Land Rover Defender, árg. 2004, ekinn 195.000 km. Ásett verð kr. 2,5 millj. kr. Ýmsar afurðir úr sveitinni gætu komið sem hluti af greiðslu. Uppl. í síma 895-7506.



Til sölu malari, nýjar reimar í öllum böndum. Malarinn samanstendur af matara, hörpu, kjaftbrjóti, kastbrjóti og ljósavél. Hamrar og slitplötur eru nýjar í kastbrjóti. Uppl. í síma 892-5855.



Rúllugreip á þrítengi. Verð kr. 73.000 m/vsk. H. Hauksson ehf, sími 588-1130.



Fjárhúsmottur. Verð kr. 9.350 stk. m/vsk (kr. 7.540 án vsk). Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Brettagaflar. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Verð kr. 135.000 m/vsk. (kr. 109.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Brettagaflar með glussaopnun. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Verð kr. 205.000 m/vsk. (kr. 166.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Rúllugreip fyrir 2 rúllur. Verð kr. 330.000 m/vsk. (kr. 266.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Til sölu 9 m³ steyputunna. Uppl. í síma 772-0030.



Eigum nokkrar stærðir af haugsugum og keðjudreifurum á lager. Getum einnig útvegað allar stærðir með skömmum fyrirvara. Vallarbraut.is - s. 841-1200 & 841-7300.



Ávinnsluherfi galv. eða máluð. Pantíð tímanlega fyrir vorið. Stærðir 4 - 6 - 8 m. Verð frá 163.000 kr. +vsk. Vallarbraut.is - s. 841-1200 & 841-7300.



Áburðardreifarar plast-galv-ryðfrítt. Verð 200L - kr. 126.000 +vsk. Verð 2000L ryðfrítt - kr. 598.000 +vsk. Vallarbraut.is - s. 841-1200 & 841-7300.



Deleks trjákurllarar - 2 stærðir til á lager. Verð frá kr. 288.000 +vsk. Vallarbraut.is - s. 841-1200 & 841-7300.



Nugent gripakerra LS 106. Verð kr. 1.250.000 + vsk. Vallarbraut.is - s. 841-1200 & 841-7300.



Norski herinn velur kerrur frá NUGENT F5523T 2,3x5,5 m. Verð kr. 1.250.000 +vsk. Vallarbraut.is - s. 841-1200 & 841-7300.



Pantið NUGENT sturtukerrurnar tímanlega. Síðasta vor seldust þær upp. Vallarbraut.is - s. 841-1200 & 841-7300.



SONAROL stórbaggagreipar. Opnun 2,3 m Verð kr. 197.000 + vsk. Vallarbraut.is - s. 841-1200 & 841-7300.



SONAROL taðklær. 125 cm - verð kr. 147.000 +vsk. 150 cm - verð kr. 159.000 +vsk. 180 cm - verð kr. 183.000 +vsk. 210 cm - verð kr. 215.000 +vsk. 240 cm - verð kr. 244.000 +vsk. Vallarbraut.is. s. 841-1200 & 841-7300.



Valtari 275 cm - 2 belgir. Þykkt 12 mm. Hægt að flytja á þrítengi. Verð kr. 390.000 +vsk. Vallarbraut.is - s. 841-1200 & 841-7300.



DELEKS sturtuvagn 2T. Sturtar aftur og til beggja hliða. Verð kr. 620.000 +vsk. Vallarbraut.is - s. 841-1200 & 841-7300.



Nýkomnir á lager. VERDO gæða spónakögglar í 15 kg pokum. Frábær sérstaklega meðhöndlaður undirburður fyrir hross. Bretttaafsláttur og brettið keyrt frítt heim á höfuðborgarsvæðinu. Brimco ehf. S. 894-5111 - www.brimco.is. Opíð frá kl. 13-16.30.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Tveggja pósta bílalyfta, 4,0 tn. og rafm.læsingar. Tilboð 495.000 kr. m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsofandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förm með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Til sölu búnaður til framleiðslu ásteinsteypu. Hentar vel fyrir minni byggðarlög. Steypubíll og ein laus tunna á krókheysi. Uppl. í síma 892-5855.



Til sölu MAN 33-680, árg. '09, ekinn 281.000 km. Vökvakerfi, dömp og olíufíring. Bíllinn er stráheill og tilbúinn í vinnu. Verð 6 millj. kr. +vsk. Uppl. í síma 892-5855.



Til sölu MAN 26-480 6x6 snjómokari og dráttarbíll, árg. 2005. Ekinn 264.000 km. Mahler undirtönn (dreifari og framtönn fylgja ekki). Uppl. í síma 892-5855.



Snjóblásari og rudda-sláttuvél fyrir fjórhjól til sölu. Með 18 hp Briggs & Stratton vél. Uppl. í síma 894-2255.



Til sölu Dodge RAM árg. 06/17. Ekinn 28.000 km. 35" breyttur. Lok á palli. Uppl. í síma 892-5855.



Taðkvísl. Breidd 1,7 m. Verð kr. 145.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Veggfestur Stubbahólkur. Kr. 13.000 + vsk. Uppl. Stubbastandur@gmail.com - s. 842-2535.



Landcruiser 150LX '16, ekinn 50.000 km. Beinskiptur. Verð 5.500.000 kr. Uppl. í síma 894-8620.



Dieci 3513 skotbómulyftari, árg. '01. 4.000 vt. Verð 1.500.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Scania 4x4, árg. 2003, ekinn 550.000 km. Verð 2.500.000 kr. + vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Smágrafa og kerra, Bobcat 323, árg. '06. 400 vst. Verð 2.800.000 kr. + vsk. saman. Uppl. í síma 894-8620.



Iveco með palli, sturtum og krana. Verð 890.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Malarvagn Sindra árg. '91. Verð 590.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Volvo FH16 500. Árg. '13, ekinn 670.000 km. Stellari var með 8,6 m kassa. Verð 4.500.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Dacia Ducster. Árg. '16, dísel, 4x4, ekinn 95.000 km. Verð 1.050.000 kr. Uppl. í síma 894-8620.



Toyota Hiace. 9 manna, 4x4, árg. '08, ekinn 176.000 km. Verð 2.500.000 kr. Uppl. í síma 894-8620.



Benz 2650 6x4. Árg. 2006. Ekinn 470.000 km. 4,5 m milli hjóla. Verð 3 millj. kr. +vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Scania 500 6x4. Árg. 2006. Ekinn 730.000 km. Verð 2.490.000 kr. +vsk. 4,5 m milli hjóla. Uppl. í síma 894-8620.



Þriggja öxla beislisvagn. 10 m - alopnanleg hlið frýstivél. Verð 1.500.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Benz 519, 22 manna, árg. 2016. Ekinn 70.000 km. Verð 6.500.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Flaghefill / snjóhönn. Breidd 3 m. Verð kr. 751.000 m.vsk. (kr. 606.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Taðklær. Breidd 120 cm - verð kr. 195.000 m.vsk. Breidd 170 cm - verð kr. 245.000 m. vsk. Breidd 220 cm - verð kr. 330.000 m.vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Til sölu þessir eðalvagnar: Subaru Legacy, árg. '97. Toyota LC.60, árg. '87. Isuzu Trooper ssk. árg. 2000. Isuzu Trooper bsk. árg. '99. Zetor 5011, árg. 1982. Einnig jeppakerra, rúlluvagn og nýr áburðardreifari, 1.900 lítra. Uppl. í síma. 895-1610 eða 471-3061.



Þessi tættari er 230 cm breiður og fyrir 70-80 hp. Einnig til litlir tættarar fyrir smávélar kompakt frá 12 hp. www.hardskafi.is - s. 896-5486.



Varmakubbar fyrir sökkla og veggi. Þeir stærstu og hraðvirkustu á markaðnum í dag. Spara allt að rúm 40% vinnu. Uppl. í síma 660-1100 og nudura@aske.is



Til sölu Mchale Fushion 3. Árg. 2015. Notkun 21.000 rúllur. Verð 6.850.000 kr. Uppl. síma 867-6417.



JCB 531-70 '09. 4.200 vst. Verð 3.000.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Hitaborð til sölu fyrir 2 gastró bakka. Nánast ónotað. Verðhugmynd 80.000 kr. eða tilboð. Uppl. í síma 774-2506, Siggí.



Cadillac Eldorado 1973. Ekinn innan við 100.000 km. Vél og skipting í topp lagi, yfirborðsryð í lakki. Selst hæstþjófanda. Uppl. í síma 774-2506, Siggí.



Case WX148
Árg. 2014, 1.300 vst.
Hraðtengi, gómskófla og tiltskófla.
Verð: 10.300.000 + vsk.



Hyundai HX160LD
Árg. 2018, 490 vst. Smurkerfi, tönn, hraðtengi og fleyglagnir.
Verð: 15.800.000 + vsk.



Hitachi ZW75-6
Árg. 2018, 400 vst.
Hraðtengi, aukalögn og gafflar.
Verð: 6.300.000 + vsk.



Hyundai HX220L
Árg. 2018, 200 vst.
Smurkerfi, fleyglagnir og hraðtengi. Breið belti.
Verð: 16.500.000 + vsk



Dieci Zeus 37,7
Árg. 2018, 200 vst.
Hraðtengi, gafflar og skófla.
Verð: 7.900.000 + vsk.



Caterpillar M313D
Árg. 2014, 5.100 vst.
Smurkerfi, rörtortilt og 3 skóflur.
Verð: 11.200.000 + vsk.



Komatsu PW160
Árg. 2008, 9.850 vst.
Smurkerfi, fleyglagnir og rörtortilt.
Verð: 6.500.000 + vsk.

VÉLAFL

Upplýsingar í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is
www.velafl.is



Rúllugreip. Verð kr. 179.000 m/vsk. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. H. Hauksson ehf. sími 588-1130.



Traktorsdrifnar brunndælur með mikla hrærigetu. Margar stærðir og útfærslur fyrir bændur og verkta. Dælugeta allt að 27.300 L/mín. Stuttur afgreiðslutími. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Rúllugreip/faðmgreip. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 189.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



MYNTSAFNARAFÉLAG ÍSLANDS
50 ÁRA
1969 - 2019
SAFNARASÝNING
Í SAL FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS
Mörkinni 6 - 108 Reykjavík
22. - 24. mars 2019



Föstudagur 22. mars
opið kl. 14.00 - 18.00
Laugardagur 23. mars
opið kl. 11.00 - 17.00
Sunnudagur 24. mars
opið kl. 11.00 - 17.00

SAFNARAMARKAÐUR
Laugardagur 23. mars
opið kl. 13.00 - 16.00



Kaffisala verður á staðnum
Aðgangur ókeypis



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnifur. Mótörar staðsettir fyrir utan votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



BÓNDABÝLIÐ

bondabylid.is er markaðstorg þar sem bændum býðst að selja vörur beint til neytenda á netinu. Við erum að leita að bændum sem hafa áhuga á að taka þátt í þessu frá byrjun. Uppl. gegnum netfangið bjossi@bondabylid.is eða 820-0896.



Innflutningur & sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning & kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum & tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örgugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk - Erum líka á Facebook undir: Suður England. Net-símar: Haukur 499-0588, Hafþór 499-0719, sudurengland@gmail.com



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum fyrir magnþælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir afgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drennottur, útleiktæki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. Netfang: jh@johannhelgi.is - s. 820-8096.

Til sölu VW Golf, 1,6 l, árg. 2007. Aukagangur af dekkjum á original álfelgum. Svartur, beinskiptur. Thule festingar fylgja. Ný Michelin sumar- og vetrardekk. Uppl. í síma 891-9900.

Til sölu árbók Þingeyinga frá 1958-2016. Uppl. í síma 555-1025, frá klukkan 14-15.

Suzuki Sx4, árg. 2016, bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn. Grár. Engin skipti, ek. 4.000 km. Fjöldi dyra 5. Næsta skoðun 2020. Sumar- og vetrardekk, hvort tveggja á felgum. Verð kr. 3.000.000 kr. Uppl. frettir@simnet.is

Rauðblesótt folald til sölu. Vel ættað, út af Goða frá Sauðárkróki og Orra frá Þúfu. Uppl. í síma 663-8869 milli kl. 19 og 22 á kvöldin.

Urriðaseiði til sölu. Verð með urriðaseiði til afhendingar í júní. Nánari uppl. kolbeinn12@gmail.com

Kenwood Major hrærivél. Lítið notuð stór Kenwood hrærivél til sölu. Hentar stóru heimili. Hakkavél fylgir. Verð kr. 40.000. Uppl. í síma 862-4146.

Til sölu Toyota Land Cruiser 90 GX, árg. 1997. Ekinn 393.000 km. Verð 400.000 kr. Uppl. í síma 893-1260.

Þrjú hestar á fimmta vetri. Tveir taumvanir og einn ekki. Þeir eru undan Sprota frá Runnum, Reykholtssdal. Uppl. í síma 452-4494 og 864-9094.

Til sölu árg. '99 af Nissan Terrano 2.7 dísel, sjálfskiptur. Gott boddy og góð grind. Mótör bilaður. Fæst fyrir gott verð. Uppl. í síma 867-0762.

Útskriftarhópur búfræðinga Vinnur verkin



Endilega hafið samband fyrir frekari upplýsingar: **841-9065** (Ingvi Guðmundsson) bufraedi19@gmail.com. Útskriftahópur búfræðinga.

Nemendur á 2. ári í búfræði við LBHÍ taka að sér ýmis verkefni fyrir bændur og aðra í fjárflyunarskyni fyrir útskriftarferð árið 2019.

Margt kemur til greina m.a. skítkeyrsla, jarðvinnsla, rúningur, afleysingar í mjaltir, mokstur, hænsnatínsla, girðingarvinna, bón á bílum/vélum, þrif, beðahreinsun o.fl.

Dodge Durango árg. 1999 til sölu. Ekinn 200.000 km. Tveir eigendur frá upphafi. Er með 5.9 mótör. Þokkaleg dekk. Ný vatnsdæla, nýtt í bremsum að aftan, nýr startari og flest bremsurör nýleg. Nýlegur hljóðkútur með flottu soundi. Eitthvað skynjaravesen er á honum. Frambretti orðin slöpp. Var skoðaður á síðasta ári án athugasemda. Tilboð óskast. Uppl. í síma 692-8714.

Óska eftir

Óska eftir nautkálfum. Sæki í Þingeyjarsýslur og Eyjafjörð. Uppl. í síma 845-5243.

Atvinna

Óska eftir vinnu sem tengist landbúnaði, helst í Árnessýslu. Hef reynslu af umhirðu búfjár. Endilega hafið samband í síma 857-5946.

Til leigu

Nýtt glæsihúsnæði. Einstakt umhverfi. Náttúruperlan Djúpvogur. Öll þjónusta í stuttu göngufæri. Aðstoð mót leigu kemur til greina. S. 478-8867.

Þjónusta

RG Bókhald bókhaldsþjónusta. Alhliða bókhaldsþjónusta, vsk. skýrslur, skattaframtöl, ársreikningar, launaútreikningar, reikningagerð. Upplýsingar gegnum netfangið ragna@rgbokhald.is


Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

www.parketslipunmeistarans.is. Byrjað að bóka sólpallasmíði og sólpallaslípun. Uppl. í síma 762-5668, Adam.

Vantar þið aðstoð við bókhaldið? Tek að mér alhliða bókhaldsþjónustu (VSK- skil, skattaframtöl, ársreikninga, launaútreikning og reikningagerð) fyrir einstaklinga og lítil fyrirtæki. Viðurkenndur bókar og hef góða þekkingu á færslu landbúnaðarbókhalds. Uppl. í netfangið: skuggasveinn@simnet.is

www.bbl.is

Lely Center Ísland



6,500 - 9,500
11,000 - 13,500 lítra

HAUGSUGU-DÆLUR

HAUGSUGUHLUTIR
VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5f - Sími 414 0000 - www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600



Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands

Fundurinn verður haldinn 23. mars 2019
kl. 13 - 16 í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Kaffiveitingar í boði félagsins.

Allir velkomnir.

ÍSTEX
ÍSLENSKUR TEXTÍLÍÐNAÐUR HF.

Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn
miðvikudaginn 3. apríl 2019, kl. 19:00
í húsnæði félagsins í Mosfellsbæ.

Dagskrá:

1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykktá félagsins.
2. Heimild aðalfundar til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Próunarmál - Aukin söluverðmæti ullar.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofunni í Mosfellsbæ viku fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis. Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ á fundardag.

Mosfellsbæ, mars 2019.
Stjórn ÍSTEX hf.



Frá Mjóafirði.

Mynd / HKr.

Krapaflóð í Borgará í Mjóafirði

— Bæjarráð Fjarðabyggðar kallar eftir að samgöngur verði bættar við fjörðinn

Krapaflóð hljóp á dögnum úr árfarvegi Borgará í Mjóafirði, en töluvert hafði áður rígt ofan í mikið snjófarg. Það gerði að verkum að ár og lækir víða í fjallshlíðum í Fjarðabyggð ruddust upp úr farvegi sínum líkt og gerðist í Borgará í Mjóafirði.

Flóðið í Borgará var af þeirri stærðargráðu að mannvirkjum og íbúum stóð ógn af. Vegsamgöngur eru einungis við Mjóafjörð að sumarlagi og því ljóst að erfitt yrði að koma þangað stórvirkum tækjum sem þarf til að koma Borgaráni aftur í farveg sinn og varna því að ekki hljóti af frekara tjón.

Einangrun íbúa verði rofin

Bæjarráð Fjarðabyggðar lagði fram bókun vegna þessa þar sem áreittað er enn einu sinni við samgönguyfirvöld

og Alþingi hversu skert líf skjör íbúar Mjóafjarðar búa við vegna lélegra samgangna á 21. öldinni.

„Þótt fáir íbúar búi í þessu hverfi Fjarðabyggðar er það áfram krafa sveitarfélagsins að til þess verði horft, að einangrun Mjóafjarðar verði rofin, þannig að þar geti fólk

búið við sama grundvallaröryggi og aðrir íbúar landsins og um leið geti byggðin í Mjóafirði aftur elft við slíkar breytingar.“ segir í bókun bæjarráðs Fjarðabyggðar. Svíðsstjóra á framkvæmdasviði sveitarfélagsins var falið að hlutast til um hreinsun árfarvegarins. /MDP



BÍLARAFMAGN

Allar gerðir startara og alternatora



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir togsþil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarlæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V / 240V. Hjóðnemar fyrir rútur, voltmælur, ampermælur, spennufellur 24V / 12V, trullanabéttar, loftnetsframlingar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggiahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Stöfnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakulur. Bassakulur. Oxultrósar. Spennustíttar. Diólar. Rafgeymaskáir. Jarðanband. Dióðubreyt. Reinskiður fyrir alternatora. Kúplingstæsur. Startarakió. Legur í alternatora. Kol í alternatora. Vöðvar 0,25W upp í 250W. Og margt margt fleira.



Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

Þú, Drottinn, lætur lampa minn skína, Guð minn, lýsir upp myrkur mitt. Guð gyrðir mig styrkleika, gerir veg minn greiðan.

Salm. 18.29.33

biblian.is



Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB lyftara




Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

BÍLSKÚRSHURÐIR



ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA



- ✓ ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, SMÍÐI OG SAMSETNING
- ✓ ALLAR HURÐIR SMÍÐAÐAR SAMKVÆMT MÁLI
- ✓ HANNAÐAR FYRIR ÍSLENSKT VEDURFAR
- ✓ MARGAR ÚTFÆRSLUR OG LITAMÖGULEIKAR
- ✓ STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI



IS
HURÐIR

IS Hurðir ehf. | Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ
564 0013 / 865 1237 | logi@ishurdir.is | www.ishurdir.is

Daggi ehf

Renni og vélaverkstæði Hveragerði

- Heddvíðgerðir
- Heddplömun
- Heddþrýstiprúfun
- Slípa ventla og ventlasæti
- Bora og hóna blokkir
- Vélasmætningar



S. 646-5242 Austurmörk 14 810 Hveragerði
daggi@vortex.is facebook.com/daggi ehf

EYJALIND Varahlutir í VOLVO



- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÆRSLABELGIR



Frábærir ærslabelgir til að hafa á leiksvæðum, við sundlaugar, á tjaldstæðum eða þar sem börn á öllum aldri eru að leik.

Fást í ýmsum litasamsetningum og stærðum frá 69 m².



560 VARMAHLÍÐ
453 8888 - velaval.is

Ársfundur Bændasamtaka Íslands 2019



Föstudaginn 15. mars verður ársfundur Bændasamtakanna haldinn á Hótel Örk í **Hveragerði**. Hefðbundin aðalfundarstörf verða um morguninn en eftir hádegi verður haldin opin ráðstefna þar sem fjallað verður um sérstöðu íslensks landbúnaðar, sýklalyfjaónæmi, heilsufar manna og dýra auk nýsköpunar í landbúnaði. Um kvöldið verður slegið upp veislu á Hótel Örk þar sem bændur landsins skemmta sjálfum sér og öðrum fram á rauða nótt.

Hver er sérstaða íslensks landbúnaðar?

Ráðstefnudagskrá
föstudaginn 15. mars
kl. 13.00-16.00

Setning ráðstefnu:

Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, formaður BÍ

Ávarp:

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

Einstök staða íslensks landbúnaðar er varðar smitsjúkdóma og sýklalyfjaónæmi

Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við Landspítalann

Hvernig tölum við um lýðheilsu og matvælaframleiðslu?

Eiríkur Már Guðleifsson, viðskiptastjóri á auglýsingastofunni Hvíta húsinu

Kaffihlé

Lífraen ræktun – Hvert er lífræn framleiðsla að stefna í heiminum?

Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður VOR, Verndun og ræktun – félags framleiðenda í lífrænum búskap

Ný tækifæri í landbúnaði og sölu á afurðum bænda

Örn Karlsson, bóndi á Sandhóli í Meðallandi

Íslenska ullin: vannýtt auðlind

Hulda Brynjólfssdóttir, bóndi og eigandi smáspunaverksmiðjunnar Uppspuna

REKO á Íslandi – sala á búvörum í gegnum Facebook

Oddný Anna Björnsdóttir, verkefnastjóri hjá Matarauði Íslands

Ballborðsumræður fyrir kaffihlé og að erindum loknum

Fundarstjóri:

Sveinn Sigurmundsson,
framkvæmdastjóri
Búnaðarsambands Suðurlands

Bændahátíð á Hótel Örk

föstudaginn 15. mars
kl. 20.00

Veislustjóri:

Guðrún Hafsteinsdóttir,
formaður Samtaka iðnaðarins

Þriggja rétta máltíð á Hótel Örk

Matseðill

Forréttur Léttsteiktur humar á salatbeði,
marineraðir tómatar og sítrónusósa

Aðalréttur Hægeldaður lambahryggvöðvi,
kartöfluterrine, bakað rötargrænmeti og
jurtasósa

Eftirréttur Skyrostakaka, bláber, hafrar og
sítrónusorbet

Skemmtiatriði

Sólmundur Hólm
Tónlistaratriði
Hjörtur Benediktsson fer með gamanmál
Ballhljómsveitin Allt í einu

Aðgöngumiði á bændahátíð kostar **8.900 kr.** fyrir félagsmenn BÍ. Fullt verð **11.900 kr.**
Miðapantanir í síma 563-0300 og á vefsíðunni bondi.is.

Upplýsingar um hótél- og gistirými í Hveragerði er að finna á vefnum www.hveragerdi.is.